

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 4. TBL. 17. ÁRG. 2011 LMFÍ 100 ÁRA – AFMÆLISBLAÐ



RÉTTARRÍKI Á
VIÐSJÁRVERÐUM
TÍMUM



BROT ÚR SÖGU FÉLAGS



Af vettvangi félagsins

Leiðari afmælisnefndar 4

Umfjöllun

Réttarríkið á viðsjárverðum tímum:

Hlutverk lögmanna og lögmannafélaga 6

Ása Ólafsdóttir:

Hvert er hlutverk lögmanna í réttarríki á viðsjárverðum tímum? 12

Eyrún Ingadóttir:

Svipmikil atorkukona og brautryðjandi
– Rannveig Þorsteinsdóttir hrl. 54

Viðtal

Nýir heiðursfélagar:

Lögmennska, samskipti milli lögmanna og tæknibylting 32

Sveinn Snorrason:

Betri er mögur sátt en feitur dómur 48

Jón Finnsson:

Hafði frekar hugsað mér starfsferil sem embættismaður 60

Á léttum nótum

Aldarafmælisboð í Hörpu: 22

LMFÍ 100 ára

Brot úr sögu félags 16

Brot úr sögu félags 28

Brot úr sögu félags 38

Brot úr sögu félags 52

Brot úr sögu félags 58

Brot úr sögu félags 62

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITNEFND:

Að þessu sinni skipar afmælisnefnd vegna 100 ára afmælis LMFÍ ritnefnd en í henni eru: Árni Vilhjálmsson hrl., Ása Ólafsdóttir hrl., Guðrún Björg Birgisdóttir hrl., Gunnar Jónsson hrl., Helgi Jóhannesson hrl. og Viðar Lúðvíksson hrl.

BLAÐAMAÐUR:

Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:

Brynjar Nielsson hrl., formaður
Jónas Þór Guðmundsson hrl., varaformaður
Ólafur Eiríksson hrl., gjaldkeri
Borgar Þór Einarsson hdl. ritari
Óskar Sigurðsson hrl. meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari

FORSÍÐUMYND:

Stjórnir LMFÍ á ýmsum tímum

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:

ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:

Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689

Með lögum skal land byggja en eigi með ólögum eyða. *Brennu-Njáls saga – Njáll* // Viðurkenni menn ekki að nein lög séu æðri ástríðum þeirra þá munu þeir berjast þegar ástríðurnar stangast á. *R.H. Tawney* // Réttlæti er sannleikurinn í framkvæmd. *Benjamin Disraeli* // Réttlæti er æðsta lögmál náttúrunnar. *Giordano Bruno* // Sá sem kýs ekki réttlæti, hann er ekki maður. *Halldór Laxness. Heimsljós – Örn Úlfar* // Ég álít að fyrsta skylda hvers samfélags sé réttlæti. *Alexander Hamilton* // Leyfið réttlætinu að hafa sinn gang þó svo það kosti að himnarnir hrynji. *Jarlinn af Mansfield* // Lögin eru hið nauðsynlega sambengi sprottið af náttúrulegu eðli hlutanna. *Charles Louis de Secondat Montesquieu* // Það mun verða satt er vér slítum í sundur lögin að vér munum slíta og friðinn. *Þorgeir Ljósveitningagoði* // Frelsi er rétturinn til að gera allt sem lögin leyfa. *Charles Louis de Secondat Montesquieu* // Það er og mannvit að kunna vel lög og kunna á því góðar skilningar, hvaða lög eru rétt eða hvað lög eru kallað og er þó ekki nema lögkrókar og sleitur. *Úr Konungs skuggsjá* // [Lög] eru þó hvorki annað né meira en mannasetningar: sannsýn tilraun að nálgast í svip þá réttlætisfyrirmynd, sem þá stundina ræður ríkjum. Lög eru og verða ekki annað en leiðarvísir, bráðabirgðaráðstöfun, áttaviti, og segulskekkjan vitanlega æ því meiri sem árin færast yfir þau. *Gunnar Gunnarsson. Fjallkirkjan* // Lögin eru kóngulóarvefur. *Diógenes Laertius* // Allir skyldi hafa ein lög á landi hér. *Þorgeir Ljósveitningagoði* Lögmálið er þetta: að lifa flekklausu lífi, gera öðrum ekki mein og gjalda hverjum sitt. *Jústíníanus keisari* // Tvennt er það, sem fyllir hugann sífelldri og síaukinni lotningu, því oft og því lengur sem hugurinn fjallar um það, hinn alstirndi himinn yfir mér og síðalögmálið í brjósti mér. *Immanuel Kant* // Með hinum framsæknu þjóðum hefur þróunin hingað til verið þróun frá stöðu til réttar. *Sir Henry Maine* // Eg hefji spurt að þér setjið lög hér í landi og rétt hverjum manni. Nú veit eg að þér munuð mig láta þeim ná sem aðra menn. *Úr Egilsögu*

Til hamingju með 100 árin!

LEX lögmannsstofa sendir Lögmannafélagi Íslands innilegustu hamingjuóskir í tilefni af aldarafmæli félagsins.



lex.is
lex@lex.is

Borgartúni 26
Reykjavík
Sími 590 2600

Hafnarstræti 94
Akureyri
Sími 590 2600



Afmælisnefnd LMFÍ ásamt starfsmönnum félagsins. F.v. Ingimar Ingason, Viðar Lúðvíksson, Guðrún Björg Birgisdóttir, Helgi Jóhannesson, Ása Ólafsdóttir, Árni Vilhjálmsson, Eyrún Ingadóttir og Gunnar Jónsson.

FRÁ AFMÆLISNEFND

LÖGMANNABLAÐIÐ ER AÐ þessu sinni tileinkað 100 ára afmæli Lögmannafélags Íslands þann 11. desember 2011. Markar útgáfa blaðsins starfslok sérstakrar afmælisnefndar sem hefur verið að störfum allt árið í tilefni af þessum merku tímamótum félagsins.

Afmælisnefndin skipulagði sérstakt málþing sem haldið var þann 7. október 2011 undir yfirskriftinni „Réttarríkið á viðsjárverðum tímum“, en það efni þótti viðeigandi nú um stundir. Frummælendur á málþinginu, sem stjórnað var af Gunnari Jónssyni hrl., voru þau Skúli Magnússon ritari við EFTA dómstólinn, Carolyn B. Lamm, fyrrverandi forseti American Bar Association og Evangelos Tsouroulis annar varaforseti CCBE, auk þess sem formenn allra norrænu lögmannafélaganna þau Brynjar

Nielsson, Berit Reiss-Andersen, Mika Ilveskero, Sören Jenstrup og Tomas Nilson, sátu í pallborði. Þótti málþingið takast sérstaklega vel, en um efni þess er fjallað hér í blaðinu. Að málþinginu loknu var efnt til veglegrar móttöku á vegum Lögmannafélagsins í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Móttakan var vel sótt, en hátt í 600 manns lögðu þá leið sína í Hörpu og fögnuðu afmæli félagsins.

Afmælisnefndin stendur einnig að útgáfu þessa Lögmannablaðs. Útgáfan er afar vegleg, en í henni birtist fjöldi ljósmynda og sagna úr starfi bæði Lögmannafélagsins og félagsmanna þess. Hefur víða verið leitað fanga og lögmenn góðfúslega orðið við beiðni afmælisnefndar um birtingu mynda úr einkasöfnum þeirra. Auk þess var leitað

í smiðju nokkurra lögmanna og dómara til þess að fá sögur úr störfum lögmanna í árána rás. Er blaðið því vonandi góð heimild um mikilvæga atburði í sögu félagsins auk þess sem smærri atburðir, sem kryddað hafa tilveru lögmanna í gegnum tíðina, fá að fljóta með.

Óhjákvæmilegt er að þakka Eyrúnu Ingadóttur og Ingimar Ingasyni sérstaklega fyrir mikið og óeigingjarnt starf þeirra í tengslum við allt framangreint. Án þeirra hefði vinna afmælisnefndarinnar verið eins og málflutningur án dómara. Þá er öllum þeim þakkað sem hönd hafa lagt á plóg við skipulagningu ofangreindra viðburða.

Afmælisnefndin þakkar fyrir sig, árnar félagi sínu heilla og óskar félagsmönnum gleðilegra jóla.



Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Iceland
5 400 300
5 400 301

42 New Broad Street
London EC2M 1 JD
England
+44 (0) 207 920 3020
+44 (0) 207 920 3099

Lautrupsgade 7, 4th floor
2100 Copenhagen
Denmark
+ 45 70 229 224
+ 45 70 274 279

logos@logos.is
www.logos.is

LOGOS

LÖGMANNSPJÓNUSTA
SÍÐAN 1907



Réttarríkið á viðsjárverðum tímum Hlutverk lögmanna og lögmannafélaga



Skúli Magnússon.



Carolyn Lamm.

Í TILFNI ALDARAFMÆLIS Lögmannafélags Íslands var haldið málþing þar sem velt var upp spurningunni hvert hlutverk lögmanna og lögmannafélaga væri í réttarríkinu og hvort það væri annað á viðsjárverðum tímum en endranær. Svar framsögumannanna Skúla Magnússonar, ritara við EFTA dómstólinn, Carolyn B. Lamm, fyrrverandi forseta American Bar Association og Evangelos Tsouroulis, annars varaforseta CCBE, var í stuttu máli að svo væri. Lögmenn gegndu ákveðnu hlutverki í réttarríki. Á það reyndi einkum þegar þjóðfélagsleg upplausn ógnaði virðingu almennings og ráðamanna fyrir lögum og rétti. Þá þyrftu lögmenn að stíga fram og skýra lögin, ástæður lagasetningar og halda uppi rökstuddri gagnrýni á valdastofnanir samfélagsins. Málþinginu eru gerð skil hér að neðan en auk framsögumanna tóku formenn lögmannafélaga á Norðurlöndum þátt í pallborðsumræðum að loknum framsögum. Gunnar Jónsson hrl. var málþingsstjóri og stjórnandi pallborðsumræðna.

Réttarríkið í gegnum þykkt og þunnt

Skúli Magnússon fjallaði almennt um réttarríkishugtakið í erindi sem hann nefndi „réttarríkið í gegnum þykkt og þunnt“ (The Rule of Law through Thick and Thin ...). Eftir að hafa dvalið við landnám Íslands og lagahugmyndir þjóðveldisins rakti hann dæmisögu L. Fullers, réttarheimspekings og prófessors við Harvard, af konungi sem alls átta sinnum mistókst að setja lög af mismunandi aðstæðum. Af þessum átta leiðum dró hann ályktanir um meginreglur réttarríkisins, þ.e. að lög skyldu vera almenn, aðgengileg, framvirk, skýr, án mótsagna, framkvæmanleg, stöðug og skilvirk. Hann lagði áherslu á að þessar kröfur fjölluðu ekki beinlínis um efni réttarreglna heldur form þeirra og framsetningu. Krafa réttarríkisins um að lög skyldu vera almenn mætti t.d. ekki rugla við þá kröfu réttlætis að allir skuli vera jafnir fyrir lögum. Í sumum tilvikum gæti þó réttarríkið tengst jafnræði, t.d. ef lög gerðu kröfu um eitthvað sem sumir gætu framkvæmt en aðrir ekki (t.d. vegna sjúkleika, aldurs eða þess háttar).



F.v. Skúli Magnússon, Carolyn Lamm, Evangelos Tsuroulis, Berit Reiss - Andersen, Sören Jenstrup, Mika Ilveskero, Tomas Nilson og Brynjar Níelsson.

Mikilvægi lögfræðinga og lögmanna

Hann nefndi einnig að kröfuna um að lög væru aðgengileg (birt) og skiljanleg mætti ekki oftúlka. Þótt gera mætti ráð fyrir því að fullorðið og upplýst fólk væri fært um að átta sig á réttarreglum í meginatriðum, væri fráleitt að mögulegt væri að komast að endanlegri niðurstöðu um lög í öllum tilvikum án sérstakrar þjálfunar og þekkingar. Einmitt af þessum ástæðum væri stétt lögfræðinga og lögmanna nauðsynleg forsenda réttarríkisins. Lögfræðingar og lögmenn væru hins vegar ekki einungis upplýsingaheimild um lögin, þeir væru einnig nauðsynlegir til að virkja réttindi borgarana og sjá þannig til þess að rétturinn ríkti, ekki aðeins í orði heldur einnig á borði. Skúli ræddi einnig um hlutverk lögmanna, samkvæmt réttarríkishugmyndinni, við að veita dómstólum aðhald. Lögmenn veittu dómstólum ekki aðeins aðhald með málflutningi, málskoti til æðra dóms, kröfum endurupptöku og öðrum formlegum úrræðum. Umfjöllun um dóma á almennum og fræðilegum vettvangi væri einnig mikilvæg í þessu sambandi. Svo lengi sem ekki væri beinlínis grafið undan lögunum og þeim

stofnunum sem héldu uppi lögum (dómstólunum) yrðu dómarar að setta sig við almenna umfjöllun um dómsmál. Skúli vék einnig að hlutlægnisskyldu lögmanna. Hlutverk lögmanna er að verja hagsmunum skjólstaðingsins samkvæmt lögum. Það að aðstoða skjólstaðinginn við að brjóta lögin eða misnota þau getur hins vegar aldrei samræmst hlutverki lögmanns samkvæmt réttarríkinu, sagði Skúli.

Réttarríkið og réttlætið

Skúli fjallaði um samband réttarríkisins og réttlætisins sem hann lýsti sem gamalkunnugu vandamáli. Það er forsenda þess að lög teljist réttlát að þau fullnægi skilyrðum réttarríkis. En er það nægilegt? Eru lög sem fullnægja skilyrðum réttarríkisins sjálfkrafa réttlát? Þeirri spurningu svaraði Skúli afdráttarlaust neikvætt. Réttarríkið og réttlætið renna þannig ekki saman. Lög geta samræmst réttarríkinu og samt verið óréttlát. Eins getur hugsast að réttlætið krefjist þess (við mjög óvenjulegar aðstæður) að vikið sé frá kröfum réttarríkisins, líkt rakið var nokkuð nánar. En þýðir þetta þá að réttarríkið sé siðferðislega hlutlaust hugtak; líkt og hnífur sem beita má hvort heldur til

góðs eða ills? Skúli taldi að slík lýsing á réttarríkinu væri ófullkomin. Auðvitað væri hægt að misnota með ýmsum hætti lyf sem alla jafnan væri notað til að bjarga mannlífum, jafnvel nota það til þess að drepa með. Slík misnotkun þýddi hins vegar ekki að lyfið væri þar með nýtanlegt til bæði góðra verka og illra og þar með án sérstaks siðferðilegs gildis. Sama ætti við um lögin og réttarríkið.

Skúli ræddi að síðustu um þá tilhneigingu á síðustu áratugum að rýmka réttarríkishugtakið út og láta það ná til þátta sem tengjast réttlæti og jafnvel lýðræði. Skúli varaði við því að blanda réttarríkinu saman við önnur slík hugtök; ekki vegna þess að hann væri á móti réttlæti og lýðræði heldur vegna þess að slík blöndum byrgði okkur sýn og gerði alla umræðu ómarkvissa. Þau skilyrði sem fælust í þröngri skilgreiningu á réttarríkinu væru með ýmsum hætti mun óumdeildari en þeir þættir réttlætis og lýðræðis sem stundum væri blandað saman við réttarríkið. Með því að halda þessum hugtökum aðskildum gætum við betur metið hvort deilur snerust um réttarríkið eða aðra þætti. Eins værum við með því betur í stakk búin til að meta undantekningar frá réttarríkinu og réttmæti þeirra.



Evangelos Tsouroulis.



Gunnar Jónsson.

Arkitektar samfélaga

Carolyn Lamm lögmaður, sem var formaður bandaríska lögmannafélagsins (ABA) 2009-2010, ræddi í erindi sínu um áhrif hryðjuverka, heimskreppu og byltinga á réttarríkið og hlutverk lögmanna og lögmannafélaga þeirra við að vernda og styrkja réttarríkið.

Í upphafi skilgreindi hún réttarríkið sem ákveðið kerfi í samfélagi þar sem enginn væri hafinn yfir lög. Anthony Kennedy, einn dómara við Hæstarétt Bandaríkjanna, hefði lýst réttarríkinu þannig að það byggðist á hlutleysi, þ.e. það

gilti óháð aðstæðum í samfélaginu eða því hver ætti í hlut. Meginreglur réttarríkis grundvölluðust því á lofordi um hlutleysi. Væri það loford brotið, þannig að framkvæmd, eftirfylgni og túlkun laga færi ekki fram af hlutleysi, myndu lög í þeirri mynd sem við þekkjum, leggjast af.

Til að styrkja grundvöll réttarríkis á heimsvísu hefur ABA tekið þátt í verkefninu „The World Justice Project“ en í því hafa grundvallarreglur réttarríkisins verið skilgreindar. Þær eru:

1. Framkvæmdavaldið beri ábyrgð samkvæmt gildandi/settum lögum.
2. Lög séu skýr og birt opinberlega. Lög verði að vera traust, sanngjörn og vernda grundvallarréttindi manna, þ.m.t. öryggi og eignarrétt.
3. Lagasetning, framkvæmd og eftirfylgni laga sé sýnileg, sanngjörn og árangursrík.
4. Aðgengi að dómstólum sé tryggt með hæfum og sjálfstæðum dómstólum. Að auki þurfi dómstólar að vera skipaðir nægum fjölda vel menntaðra dómara, sem þekki ekki aðeins lögin heldur einnig þau gildi sem ríkja í því samfélagi sem þeir þjóna.

Jafnvægið milli öryggis og frelsis

Carolyn sagði í erindi sínu að hryðjuverk ógnuðu jafnvæginu á milli öryggis og frelsis. Réttarríkið þyrfti að vera þannig úr garði gert að það gæti brugðist við utanaðkomandi ógn. Hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum 11. september 2001, lestarsprengingarnar í Madrid og nú síðast fjöldamorðin í Noregi hafi vegið að öryggistilfinningu fólks. Fyrstu viðbrögð almennings, sem og yfirvalda við slíkum ógnum, sé einkum krafa um aukið eftirlit, gjarnan á kostnað borgaralegra réttinda og réttarríkisins. Vitnaði hún m.a. í Harold Knoh, prófessor í lögum, sem sagði að samfélagið, og lögfræðingar þar á meðal, hefðu hunsað réttarríkið eftir atburðina 11. september 2001. Réttarkerfið, sem til hefði orðið á löngum tíma, hefði ekki staðið þessa ógn af sér.

Réttarríkishugtakið í kjölfar hnattvæðingar

Carolyn sagði að áður hafi verið litið á hugtakið „réttarríki“ sem innanríkismál varðandi samskipti þegna og stjórnvalda. Með hnattvæðingunni hefði viðhorf manna gagnvart réttarríkishugtakinu hins vegar breyst. Nú sé horft til samskipta þegna og stjórnvalda, innlendra sem erlendra, og að auki á samskipti þegna við alþjóðlegar stofnanir og fyrirtæki. Þátttakendur í alþjóðlegum viðskiptum leiti eftir traustu lagaumhverfi sem tryggji áreiðanleika í viðskiptum, ásamt sanngirni og heildarleika. Þannig nái réttarríkishugtakið einnig til alþjóðasamninga, til úrlausna deilumála á grundvelli alþjóðalaga og fyrir alþjóðlegum gerðardómum. Þetta hafi m.a. leitt til þess að Sameinuðu þjóðirnar hafi skilgreint hugtakið réttarríki með mun alþjóðlegri skírskotun en áður tíðkaðist.

Efnahagskreppan nú um stundir gengur þvert á landamæri og ógnar fjármálastöðugleika sem er undirstaða nútíma samfélaga. Efnahagsörðugleikar eins ríkis, eins og Grikklands, geta ógnað stöðugleika annarra ríkja og ríkjasambanda eða myntbandalaga.

Á tímum efnahagsþrenginga er freistandi fyrir stjórnvöld að skerða framlög til stofnana sem standa vörð um réttarríkið og almenningur getur auðveldlega misst trú á réttarríkið ef atvinna er ekki í boði og mikill ójöfnuður með mönnum. Á samdráttartímum skera ríkisstjórnir gjarnan niður fjárframlög til stofnana sem mynda stöðkerfi réttarríkisins. Þannig eiga mörg fylki Bandaríkjanna erfitt með að fjármagna rekstur réttarkerfisins vegna samdráttar.

Varðmenn réttarríkisins

Breytingar á stjórnarfari einstakra ríkja og óvissa í samskiptum nýrra valdhafa við önnur ríki eða alþjóðastofnanir geta stefnt réttarríkinu þar í hættu. Slíkt getur hins vegar einnig skapað ný tækifæri til umbóta á réttarríkinu. Oftar en ekki ríki þó óvissa um vegferð nýrra valdhafa eða valdakerfa. Um það má gleggst vísa til nýorðinna atburða í Egyptalandi og Túnis.

Carolyn sagði að hjálpa yrði þeim löndum sem eru í breytingaferli. Lögfræðingar, sem arkitektar samfélagsins, gætu mótað réttarríkið til þess að koma í veg spillingu og kúgun í framtíðinni. Hlutverk lögfræðinga væri að vernda réttarríkið og stuðla að réttlæti um allan heim.

Lögmannafélög hafi mikilvægu hlutverki að gegna í að fara fyrir breytingum og efla réttarríkið. Tryggja þurfi aðgang að réttlæti, jafnt á krepputímum eða þegar þjóðaröryggi er ógnað sem endranær. Carolyn sagði það markmið ABA að efla og vernda réttarríki um allan heim. Þótt lög séu mismunandi verði réttarríkið að vera hafið yfir landamæri. Á krefjandi tímum sem þeim sem við lifum verði lögfræðingar að vinna sameiginlega að því að standa vörð um réttarríkið. Þeir hafa þekkinguna og geti staðið vörð um réttlætið, heima sem að heiman.

Að viðhalda meginreglum lýðræðis

Evangelos Tsouroulis, 2. varaforseti CCBE - samtaka evrópskra lögmannafélaga, gerði skyldur lögmanna og lögmannafélaga til þess að viðhalda grunnreglum lýðræðis, standa vörð um réttindi borgaranna, stuðning við réttarríkið og réttarframkvæmdina sem slíka að umtalsefni í sínu framsögu-erindi.

Evangelos benti á að þetta hlutverk lögmanna og lögmannafélaga, sem viðurkennt væri af fjölda alþjóðlegra stofnana, byggdist m.a. á sjálfstæði lögmanna, tryggð og trúnaðarskyldu þeirra við skjólstæðinga sína. Þetta hlutverk hefði aukið vægi á erfiðum tímum, hvort heldur sem þeir stöfuðu af efnahagshruni eða upplausn stofnana samfélagsins.

Réttindi borgaranna

Að mati Evangelos þyrftu lögmannafélög sífellt að minna stjórnvöld á hvert væri hlutverk lögmanna. Á erfiðum tímum grípi stjórnvöld gjarnan til aðgerða sem bitna á frelsi einstaklingsins. Þá reynir



Berit Reiss - Andersen tók dæmi af hryðjuverkum í Noregi í sumar.

á reglur réttarríkisins. Aðgerðir stjórnvalda, sem fela í sér afnám trúnaðarskyldu lögmanna, t.d. í nafni varna gegn hryðjuverkum eða peningaþvætti, svipti borgara í raun réttinum til að leita sér lögmannaástoðar. Sama gilti um viðleitni stjórnvalda til að eyða eða draga úr sjálfstæði lögmannafélaga með því að færa ákvörðunarvald þeirra og reglusetningu í eigin málefnum undir forsjá ríkisins. Pólítískir brottrekstrar dómara og saksóknara, sem og pólítískar skipanir í þessi embætti, fælu einnig í sér ógnun við réttarkerfið. Slíkri þróun bæri að verjast af öllum mætti og hlutverk lögmannafélaga væri m.a. í því fólgið að viðhalda samræðum við löggjafann og stjórnvöld til að tryggja að ríkið virði alltaf sjálfstæði réttarkerfisins og lögmanna þar með. Slíkt sjálfstæði réttarkerfisins væri grundvöllur lýðræðissamfélaga, enda takmarkaði það pólítísk afskipti eða stýringu og tryggði þannig frelsi einstaklinganna.

Evangelos sagði að lögmannafélög hefðu það samfélagslega hlutverk að fylgjast með og yfirfara laga- og reglusetningu stjórnvaldameð gagnrýnum hætti. Hafa frumkvæði að gerð athugasemda og tillagna til hlutaðeigandi aðila, hvort heldur er löggjafans, ráðuneyta eða dómstóla, varðandi úrbætur á lögum og reglum, sem og túlkun þeirra. Einnig væri það hlutverk lögmanna og lögmannafélaga að tryggja að lögum og

reglum sé beitt af réttlæti og ekki sé gengið of nærri réttindum einstaklinga í réttarríkinu.

Hornsteinn lýðræðis

Evangelos benti á að sjálfstæði réttarkerfisins væri í raun hornsteinn lýðræðis og evrópskrar siðmenningar, sem legði grunn að rétti þegnanna til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómstólum. Tilraunir stjórnvalda til þess að gera réttarkerfið háð duttlungum stjórnmalamanna, óskum þeirra og þörfum, væru því í raun árás á réttarríkið og lýðræðið sjálft, auk þess að vera alvarlegt inngríp inn í rétt þegnanna til réttlátrar málsmeðferðar. Lögmannafélögin þyrftu jafnframt að berjast fyrir því að þeir sem standa höllum færi fjárhagslega séu ekki sviptir rétti til að sækja mál sín fyrir dómstólum eða taka til varna í slíkum málum. Slíkt mætti gera með opinberri réttaraðstoð eða pro-bono vinnu sem skipulögð væri af lögmönnum eða lögmannafélögum.

Þá benti Evangelos á að lögmannafélögum bæri að framfylgja agavaldi sínu gagnvart félagsmönnum á sanngjarnan og hlutlausan hátt til að tryggja að lögmenn ræki hlutverk sitt á fullnægjandi og sæmandi hátt, þ.e.a.s. í samræmi við lög, siðareglur og venjur lögmannastéttarinnar.

Að lokum tók Evangelos fram að lögmannafélögum beri að undirbúa



Evangelos Tsouroulis rifjaði upp hvernig lögmennska varð til í Aþenu.



Brynjar Nielsson sagði réttarkerfinu hætta búin á viðsjárverðum tímum.

félaga sína til þess að mæta síauknum kröfum samfélagsins um hæfari lögmenn og sérhæfðari lögfræðipjónustu í því skyni að tryggja að þeir geti tekist á við ný verkefni sem fylgja hnattvæðingu og alþjóðlegu fjármálaumhverfi. Einnig bæri lögmannafélögum að tryggja að félagsmenn hefðu nauðsynlega faglega þekkingu til þess að sinna hlutverki sínu sem verndarar réttinda og hagsmuna borgaranna.

Pallborðsumræður: Spurningar um réttarríkið vakna í kjölfar áfalla

Að loknum framsögum fóru fram pallborðsumræður undir stjórn Gunnars

Jónssonar hrl. Auk framsögumanna tóku formenna norrænu lögmannafélaganna þátt í þeim. Velt var upp þeirri spurningu hvert hlutverk lögmanna væri í réttarríki.

Segja má að Evangelos Tsouroulis hafi sett umræður pallborðspáttakenda í samhengi þegar hann rifjaði upp hvernig lögmennska varð til sem stétt í Aþenu hinni fornu og velti því upp hvaða hugmyndir almenningur hefði um störf lögmanna og stöðu þeirra í réttarríkinu. Um þetta ræddu allir þátttakendur í pallborði á síðari hluta ráðstefnunnar. Í máli fulltrúa norrænu lögmannafélaganna kom fram að öll löndin hafi gengið í gegnum einhvers konar áföll á síðustu árum. Í kjölfar

þeirra hafi reynt á réttarríkið og hlutverk lögmanna í því.

Berit Reiss-Andersen, formaður norska lögmannafélagsins, tók dæmi af hryðjuverkunum í Útey og sprengingum í miðbæ Óslóar. Verjandi ódæðismannsins varð fyrir aðkasti, sem norska lögmannafélagið brást strax við með yfirlýsingu. Félagið benti á að ekki mætti samsama verjanda við skjólstaðing hans og að allir ættu rétt á réttlátri málsmeðferð. Berit taldi að þessi afstaða hefði skilað sér mjög hratt út í opinbera umræðu og að almennt hefði almenn-ingur reynst móttækilegur fyrir þessum röksemdum þrátt fyrir það uppnám sem af ódæðunum hlaust. Berit sagði lögmenn og lögmannafélög alltaf hafa ríku hlutverki að gegna við að gæta réttarríkisins og viðhalda gæðum þess.

Sören Jenstrup, formaður danska lögmannafélagsins, tók dæmi af dönsku bankakreppunni og málsóknum henni tengdri. Mika Ilveskero, formaður finnska lögmannafélagsins, gerði finnsku bankakreppuna að umtalsefni og nefndi að í kjölfar hennar hefði verið stofnað til umfangsmikilla málaferla, þar sem m.a. var látið reyna á ábyrgð fyrrum fyrirsvarsmanna finnsku bankanna. Eftirtekjan hafi verið rýr og kostnaður langt umfram það sem gert var ráð fyrir í upphafi. Nú, rúmum áratug síðar fari almenningur fram á skýringar á því hvers vegna kostað var til svo umfangsmikilla málaferla. Loks tók Tomas Nilson, sem hafði nýverið látið af embætti sem formaður sænska lögmannafélagsins, dæmi af skotárás á ráðherra í sænsku ríkisstjórninni. Þessi dæmi voru nefnd til sögunnar til útskýringar á því hlutverki lögmanna að leiðbeina og gæta að grundvallarreglum réttarríkisins við aðstæður þar sem almannarómur kallar á refsingar án tillits til viðurkenndra viðmiða réttarríkisins. Þá geti lögmenn gagnrýnt stjórnvöld í opinberri umræðu þegar það ætti við. Í öllum framan-greindum tilvikum reyndi á það hlutverk lögmanna í hinum norrænu ríkjum, með misjöfnum hætti þó. Brynjar Nielsson, formaður LMFÍ, tók undir það viðhorf að á viðsjárverðum tímum væri réttarríkinu hætta búin og að stjórnmalámennt

ættu oft auðvelt með að horfa framhjá því með vísan í almannahagsmunum.

Samhljómur var með því sem fram kom í máli þátttakenda í pallborðs-umræðum, um að lögmenn ættu að beita vörnum með rökum, orðræðu og af skynsemi, og að miðla af þessari þekkingu sinni til almennings og með opinberri umræðu þegar ástæða væri til.

Eru til undantekningar frá réttarríkinu?

Gunnar Jónsson, ráðstefnustjóri, velti upp þeirri spurningu hvort réttarríkið væri afstætt hugtak.

Skúli svaraði því svo að við legðum áherslu á réttarríkið til að hemja mannlegt eðli. Það ætti ekki að skilgreina réttarríkið sem algilt. Miklu gæfulegra væri að leitast við að skilgreina eða kortleggja hvaða aðstæður það eru sem leyfa okkur að víka frá reglum réttarríkisins. Árásin í Noregi þýddi, að hans mati, t.d. ekki að heimilt væri að víkja frá reglum réttarríkisins. Þá virtist augljóst að Bandaríkjamenn hefðu gengið mun lengra í að víkja frá slíkum reglum en eðlilegt gæti talist í framhaldi hryðjuverkaárásanna 11. september 2001. Af þessu tilefni tók Berit Reiss-Andersen fram að í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum hefði því verið haldið fram að hinar hertu reglur, og frávik frá ýmsum grundvallarréttindum þeirra sem handteknir voru, hefðu verið réttlættaf af ráðamönnum sem liður í að vernda lífshætti almennings („our way of life“). Hún benti á að þetta væri í reynd annað orð yfir réttarríkið. Það hefði ekki enn verið rökstutt hvers vegna ekki hefði verið hægt að rétta yfir þessum einstaklingum og fara með mál þeirra fyrir dómstóla eftir þeim almennu réttarfarsreglum sem væru og

hefðu alltaf verið til staðar í réttarríkinu Bandaríkjunum Norður Ameríku. Þeirri grundvallarspurningu hefði í reynd aldrei verið svarað af þarlandum ráðamönnum.

Reglur miðaðar við það samfélag sem við viljum búa í

Í máli Carolyn Lamm kom fram að lögmenn þyrftu alltaf að vera til staðar í réttarríkinu, ekki síst til þess að skýra reglur réttarríkisins og ástæðu þess að þær voru settar, oftast á friðartímum. Á viðsjárverðum tímum kynni að vera erfitt að lesa í hvað til grundvallar hafi legið. Mika Ilveskero sagði að gera þyrfti almenningi betur grein fyrir hvað réttarríkið þýddi í raun og veru til að treysta undirstöður þess. Á Norðurlöndunum væri því tekið sem sjálf-sögðum hlut og í sumum tilvikum teldi almenningur jafnvel að réttarríkið hjálpaði glæpamönnum. Almennungur hefði gleymt uppruna reglnanna og rökunum að baki þeim. Lögmenn hefðu það hlutverk að taka þátt í umræðu um reglurnar, og jafnvel fara fyrir henni. Undir þetta tók Sören Jenstrup og bætti því við að ekki mætti gleyma því að reglur réttarríkisins væru miðaðar við það samfélag sem við viljum búa við. Okkur tekst samt ekki alltaf að fylgja reglum réttarríkisins og þegar áföll verða væri það mannlegt eðli að vilja finna sökudólga. Almennungur væri fljótur að dæma jafnvel út frá takmarkaðri vitneskju fenginni úr fjölmiðlum. Í slíkum tilvikum væri ekki hvað síst þörf á reglum réttarríkisins og þá jafnframt enn minni möguleiki á að víkja frá þeim reglum. Einkum og sér í lagi á viðsjárverðum tímum.

Í máli Evangelos Tsouroulis kom fram að hlutverk lögmanna væri ekki

einungis að útskýra heldur einnig að gagnrýna. Þeir ættu að spyrja gagnrýninnna spurninga um reglur sem settar væru og þörf fyrir þær. Sem dæmi tók hann reglur Evrópusambandsins um varnir við peningaþvætti og hryðjuverkum. Þegar slíkar reglur hefðu verið settar væri erfitt að nema þær á brott, og þróunin hafi reyndar orðið sú að þeim hafi sífellt verið breytt til þess að herða þær. Eftir stæði hins vegar grundvallarspurningin, hvort þörf væri á þessum tilteknu reglum í reynd. Væru þær til þess fallnar að koma í veg fyrir hryðjuverk og peningaþvætti? Hið sama ætti við um margar aðrar tegundir settra reglna.

Reglur réttarríkisins og hjónabandið góða

Berit Reiss-Andersen sagði að það væri á álagstímum sem reyndi á reglur réttarríkisins og það kæmi því ekki á óvart að þessar reglur væru til skoðunar hér á landi í kjölfar efnahagshrunsins. Sören Jenstrup tók fram í því sambandi að á viðsjárverðum tímum reyndi einnig á reglur réttarríkisins á þann hátt að þá reyndi á hvort reglur réttarríkisins væru góðar enda þekktum við dæmi þess að gallar í löggjöf væru nýttir, m.a. af alræðisstjórnnum. Slík fordæmi væru víti til varnaðar. Tomas Nilson tók undir það og sagði að hlutverk lögmanna væri að viðhafa gagnrýnið eftirlit með lagasetningu.

Mika Ilveskero sagði svo í lokin að reglur réttarríkisins ættu margt sameiginlegt með hjónabandi. Leggi menn sig ekki fram við að rækta þær, væri hætt við að menn vöknudðu upp við það að þær væru sölnaðar.



Hugleiðing Ásu Ólafsdóttur hrl. að lokinni afmælisráðstefnu LMFÍ

Hvert er hlutverk lögmanna í réttarríki á viðsjárverðum tímum?

ÞESSI SPURNING VAR efni málþings í tilefni af 100 ára afmæli lögmannafélagsins. Fyrir málþingið hafði álitafenið einkum verið sett í samhengi við reglur um þrískiptingu ríkisvaldsins. Mikilvæg skref hafa verið stigin hér á landi við uppgjörið eftir bankahrunið haustið 2008, ekki síst með ítarlegri skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Segja má að við uppgjörið hafi kastljósinu einkum verið beint að valdhöfunum, og tekið hefur verið til gagnrýninnar skoðunar hlutverk framkvæmdavaldsins, löggjafarvaldsins og dómstóla í því sambandi. Framsögur á málþinginu settu þessa spurningu hins vegar í víðara samhengi.

Hvert er þá hlutverk lögmanna í réttarríki? Getur verið að lögmennska sé iðn? Eða gegna lögmenn ákveðnu hlutverki í réttarríkinu? Gilda aðrar reglur á viðsjárverðum tímum?

Hvaðan koma reglur réttarríkisins? Í ritgerð sinni „Lögræði“ frá árinu 1958 segir Þórður Eyjólfsson, prófessor og síðar hæstaréttardómari, að réttar-

meðvitund almennings sé jafnan gegnsýrð af þeim réttararfi sem komi frá forfeðrunum. Á þeim grundvelli hvíli réttarskipanin í heild, en með hverri kynslóð skapist þó ávallt nýjar aðstæður í samfélaginu og ný andleg lífsviðhorf sem krefjast breytinga og endursköpunar á eldri rétti. Í hverju þjóðfélagi með sæmilega heilbrigða stjórnunarhætti sé keppt að því að haga löggjöfinni á þann hátt að hún sé í samræmi við réttarhugmyndir alls almennings á hverjum tíma og að hún miði að því að efla almenna menningu og velgengi sem flestra þjóðfélagsþegna. Réttarhugmyndir almennings á hverjum tíma eru að álitu Þórðar þannig samansettar af því sem við fáum í arf frá forfeðrum okkar og síðan því marki sem hver kynslóð vill setja á sitt þjóðfélag byggt á nýjum aðstæðum og nýjum viðhorfum.

Um þetta var fjallað á málþinginu og voru framsögumenn sammála um að framangreint eigi við þegar friður ríkir í samfélagi. Önnur sjónarmið geti verið uppi á viðsjárverðum tímum. Oft myndist þá krafa um breytingar og lagfæringar á löggjöf og reglum sem settar voru á friðartímum. Sú spurning

vakni hins vegar hvort hægt sé að víkja frá reglum réttarríkisins, eða gera undantekningar frá þeim á viðsjárverðum tímum. Reglur réttarríkisins eru settar á friðartímum og þeim er einmitt ætlað að vísa okkur veginn þegar á reynir. Þá er einmitt þörfin hvað mest á að slíkum reglum sé fylgt. Þá reynir fyrst á reglurnar.

Af því leiðir að það fellur í hlut lögmanna að útskýra þær reglur sem voru settar á friðartímum, og að koma þeim skilaboðum áleiðis til almennings að þeir búi í réttarríki og jafnframt að miðla ástæðum þess að við settum okkur þessar reglur. Til þess geti jafnvel komið að þeir þurfi að fara fyrir hinni upplýstu umræðu. Dæmi um slíkt voru viðbrögð norska lögmannafélagsins eftir skotárásina í Útey. Almenningsur varð í fyrstu hneykslaður á því að starfandi lögmaður hefði tekið að sér að verja einstakling sem hafði framið slíkt ódæði. Norska lögmannafélagið birti í kjölfarið upplýsingar og tók þátt í umræðunni, og kom þeim skilaboðum á framfæri að allir sakaðir menn ættu rétt á málsvörn og réttlátri málsmeðferð fyrir dómi.

RÉTTARHEIMILDIR OG REGLUR SEM GILDA UM LÖGMENN

Samkvæmt lögum nr. 77/1998 um lögmenn, eiga þeir að hafa með sér félag. Í 18. gr. laganna er fjallað með almennum hætti um störf lögmanna. Þar kemur fram sú regla að lögmönnum beri í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og að þeir skuli neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna.

Lögmenn hafa einnig sett sér siðareglur. Í 1. gr. þeirra kemur fram sú almenna skylda lögmanna að efla rétt og að hrinda órétti, og að lögmaður skuli svo til allra mála leggja, sem hann veit sannast eftir lögum og sinni samvisku. Þá á lögmaður að gæta heiðurs lögmanna-stéttar í lögmansstörfum sínum sem öðrum athöfnum og auk þess gæta þess að vera óháður í starfi og að standa vörð um sjálfstæði lögmanna-stéttarinnar, eins og fram kemur í 2. og 3. gr. siðareglanna. Í 5. gr. siðareglanna kemur fram að í umræðu í fréttamiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi um mál sem lögmaður hefur eða hefur haft til meðferðar, eigi hann að virða óskir skjólstæðings síns um að ekki sé fjallað um málið af hans hálfu, en þó er lögmanni jafnan rétt að koma á fram færi mótmælum og leiðréttingum við rangar og villandi fréttum af málum.

Um samskipti lögmanna innbyrðis er mælt fyrir í IV. kafla siðareglanna. Þar kemur fram í 25. gr. að lögmenn skuli hafa góða samvinnu sín á milli og sýna hver öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu, og þá tillitssemi sem samrýmanleg er hagsmunum skjólstæðings þeirra. Auk þess má lögmaður einungis hafa uppi gagnrýni á störf annars lögmanns á málefnalegum grundvelli og á að forðast að valda honum álitsspjöllum umfram það, sem málefni gefur ástæðu til eftir 27. gr. reglnanna.



Mikilvægt er einnig að hafa í huga að það er hluti af mannlegu eðli að finna sökudólga þegar illa gengur eða í kjölfar áfalla. Við slíkar aðstæður megum við ekki gleyma reglum réttarríkisins. Hættan er líka sú að við slíkar aðstæður sé kallað eftir auknu eftirliti stjórnvalda, sem stundum gengur lengra en þörf er á. Fyrir þessu þurfi lögmenn að vera vakandi. Nýleg dæmi eru kröfur Alþjóða gjaldeyrissjóðsins og ESB um að eftirlitshlutverk lögmanna væri frá þeim tekið í tengslum við björgunaraðgerðir sjóðsins í Grikklandi og á Ítalíu. Þetta er í reynd þörf áminning um þau áhrif sem sjálfstæð stétt lögmanna hefur í reynd.

Samhengið og þörfin á umræðunni

Í tengslum við málþingið vakna áleitnar spurningar úr íslensku samfélagi, einkum við uppgjörið í kjölfar bankahrunsins og almenna umræðu í innlendum fjölmiðlum. Fram hafa komið kröfur um ýmis konar viðbrögð stjórnvalda í kjölfar þess. Einstaklingar hafa verið nafngreindir og sagðir bera

ábyrgð á bankahruninu. Fréttir hafa borist frá embætti sérstaks saksóknara um að fjöldi einstaklinga hafi þar stöðu grunaðs manns við rannsókn embættisins. Við höfum einnig heyrt kröfur um að frysta ætti eignir þeirra sem þar eru til rannsóknar, af þeirri ástæðu einni að þeir væru til rannsóknar og að þeir hefðu átt þátt í að koma á efnahagshruninu. Almennungi finnst aðgerðir þeirra eftirlitstjórnvalda og rannsóknaraðila sem koma að málum ganga of hægt. Stjórnvöld segja hins vegar að gæta verði að málsmeðferðarreglum og að eðli máls samkvæmt taki vönduð málsmeðferð lengri tíma.

Rétt er að setja þetta í samhengi. Í byrjun árs 2009 voru haldnir opnir borgarafundir í Háskólabíói, þar sem ýmis mál voru rædd sem lutu að bankahruninu og uppgjöri við það. Á einum þeirra funda, nánar til tekið á borgarafundi 16. febrúar 2009, var þáverandi dómsmálaráðherra mættur til fundarins. Atburðum á þeim fundi hefur hún lýst sem svo í erindi sem haldið var á vegum sagnfræðingafélagsins þann 16. september 2010.

Árnáðaróskir til Lögmannafélags Íslands í tilefni aldarafmælis



AKTIS
Lögmannsstofa

BN
Brynjar Nielsson hrl.

Bonafide
LÖGMENN



LL Lögmenn hf.

LANDSLÖG

LÖGFRÆDISTOFA



LÖGFRÆDISTOFA
SUÐURNESJA

LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA SÍÐAN 1960

LIT ehf.

VÍK

Lögmannsstofa
Law Firm



Lögfræðistofa Reykjavíkur

VIRTUS

JÓNATANSSON&CO
LÖGFRÆDISTOFA

Kringlan 4–6, 8 hæð
103 Reykjavík
Sími (+354) 533 34 34

FORTIS
Lögmannsstofa

Gylfi Thorlacius hrl.
Svala Thorlacius hrl.
S. Sif Thorlacius hdl.
Kristján B. Thorlacius hdl.
Guðmundur Ómar Hafsteinsson hdl.

Laugavegi 7, 101 Rvk • Sími: 520 5800



LAGASTOÐ
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA ~ LEGAL SERVICES



Mörkin lögmannsstofa hf.

Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími: 414 4100 · Fax: 414 4101 · www.law.is



„16. febrúar 2009. Borgarafundur í Háskólabíói. Fundarstjóri spyr mig: Ragna ætlar þú að gera eignir auðmanna upptækar? Einfalt svar, já eða nei. Já eða nei! Ég segi að það sé ekki til einfalt svar og nefni að það verði að gæta mannréttinda þeirra sem verði fyrir eignaupptöku. Baulað úr salnum. Eftir fundinn koma til mín nokkrir gestir úr sal og einn þeirra segir: Hvað með mín mannréttindi? Já, hvað með mannréttindi allra þeirra sem urðu fyrir tjóni í bankahruninu?“

Þessi spurning er áleitin og ein þeirra sem mjög brennur á einstaklingum í réttarríkinu. Spurt er hvert er réttlætið, af hverju sjáum við réttlætinu ekki framfylgt. Síðar í erindi sínu segir Ragna:

„Löggjafinn setur lög, dómendur dæma eftir lögum og framkvæmdavaldið er í störfum sínum bundið af lögum. Margir telja ráðherra vera valdameiri en þeir í raun eru – eða ættu að vera. Að ráðherrar geti í einni svipan ákveðið að drífa í hlutunum burtséð frá lögum – löggin séu bara

óþarfa formalismi sem ryðja þurfi úr vegi ... Það er mín reynsla, að útskýringar um okkar réttarskipan og aðra grundvallarþætti í íslenskum rétti, duga oft til. Þegar til kastanna kemur er fólk yfirhöfuð sammála því að hér skuli gilda jafnræði meðal borgaranna og að hér skuli mannréttindi virt. Að mannréttindi snúi að ákveðnum grundvallarréttindum sem við viljum ekki að brotin verði og þá ekki á neinum ...“

Það er á tímum áfalla sem á reglur réttarríkisins reynir. Það er þá sem reynir á okkur öll að muna eftir ástæðum þeirra reglna sem við settum okkur á friðartímum. Hverjir eru betur til þess fallnir að útskýra það en lögmenn? Að þeim snýr því að stuðla að þeirri orðræðu sem vikið var að í erindi fyrrum dómsmálaráðherra og að hún fari fram á réttum forsendum. Þeirra hlutverk er jafnframt að gagnrýna það sem miður hefur farið, og að benda á hvort og hvaða reglum þurfi að breyta. Þeim á að vera treystandi til þess að stýra leit að betra fyrirkomulagi, án þess að láta stjórnast af reiði eða tilfinningum.

Lærdómur sem draga má af fram-söguerindum málþingsins er því sá að lögmenn hafa ríku hlutverki að gegna en þeim er treyst fyrir vandasömu verkefni. Því verða lögmenn að gæta þess sérstaklega að viðhalda hlutleysi sínu þegar friður ríkir í samfélagi, svo þeir geti gætt þessa mikilvæga hlutverks síns í réttarríkinu á viðsjárverðum tímum.

Brot úr sögu félags



Yfirráttarmálaflutningsmennirnir tveir sem stóðu að stofnun Málflutningsmannafélags Íslands árið 1911 auglýstu þjónustu sína í blaðinu Reykjavík 1911.¹

Fleiri gera lögfræðipjónustu að lífviðurværi

Um aldamótin 1900 fór lögfræðingum fjölgandi á Íslandi og eftir stofnun Lagaskólans árið 1908 stefndi í frekari fjölgun. Ekki voru til embætti fyrir alla þá lögfræðinga sem útskrifuðust og því fóru fleiri þeirra að gera lögfræðipjónustu og málflutning að lífsviðurværi sínu.

Með lögum nr. 32 frá 1905 var gert ráð fyrir að unnt væri að veita mönnum leyfi til málflutnings fyrir Landsyfirrétti sem leyst höfðu af hendi lagapróf. Leyfið tók þó aðeins til einkamála í upphafi þar sem tveir málflutningsmenn höfðu einkarétt til flutnings sakamála og gjafsóknarmála. Alls fengu 39 lögfræðingar málflutningsleyfi samkvæmt þessum lögum og stóð hluti þeirra að stofnun Málflutningsmannafélags Íslands.²

Málflutningsmannafélag Íslands stofnað

Málflutningsmannafélag Íslands var stofnað að frumkvæði Eggerts Claessen og Sveins Björnssonar sem báðir höfðu verið settir málafræslumenn við Landsyfirdóminn. Hinn 27. nóvember 1911 héldu þeir fund á Hótel Reykjavík þar sem málafræslumenn, embættislausir lögfræðingar og prófessor Einar Arnórsson mættu. Fundi var síðan fram haldið 11. desember sem síðan hefur verið talinn afmælisdagur félagsins.³

Persónulegar meiðingar, háð og hótfyndni

Ein af ástæðum þess að Málflutningsmannafélag Íslands var stofnað voru erfið samskipti milli málflutningsmanna en talið er að stofnun félagsins hafi valdið straumhvörfum í samskiptum þeirra. Orðbragðið sem notað var í sóknar- og varnarskjölum var oft á tíðum persónulegar meiðingar, háð og hótfyndni. Lítilfjórlegir formgallar voru notaðir til þess að fá málum vísað frá dómi, mótmæli gegn umboði sjálfsgöð og ekki þótti ástæða til að mæta í nokkrum rétti án stefnu og fyllsta stefnufrests. Mun almenningur jafnvel hafa talið mál ekki sómasamlega flutt nema málflutningsmennirnir væru sektaðir fyrir meiðyrði.

Á 25 ára afmæli félagsins sagði Eggert Claessen frá því að eitt sinn er hann hafði verið skipaður verjandi í afbrotamáli þá hafi sækjandinn í sóknarskjali borið það á sig að hann hlyti að vera samsekur hinum ákærða því ekki væri einleikið hve hart hann berðist fyrir málstað hans. Stofnun félagsins átti að breyta þessu háttarlagi

og sagði annar stofnfélagi, Lárus Fjeldsted, frá því á 50 ára afmæli félagsins, að það hefði tekist. Stofnfélagar hefðu viljað „... fyrir alla muni reyna að bæta úr þessu sem var til vansa fyrir stétt vora, enda tókst það fljótlega eftir að við fórum að ræða þetta í bróðerni á félagsfundum, en nú má heita það hreina undantekningu, ef nokkur okkar gleymir velsæminu með því að koma óviðurkvæmilega fram við kollega okkar í störfum,“ sagði Lárus.

Stofnun Málflutningsmannafélags Íslands hafði mikil áhrif á störf lögmanna og efldi virðingu þeirra gagnvart hverjum öðrum.⁴

SÝSLUMENN FYRRUM

Fyrir tíma tækninnar voru dómsmál miklu færri og lítið um dóma í einkamálum og raunar sakamálum líka úti á landsbyggðinni. Sýslumenn voru enda sérstaklega lagnir á að sætta menn og setja niður deilur ef ágreiningur reis með þingmönnum þeirra og þegnum. Þeir voru héraðshöfðingjar og menn virtu þá almennt og hlýddu ráðum þeirra. Það var kannski helst í Húnavatnssýslum að fregnir urðu um ágreining sýslumanns og bænda þar um slóðir. Sú saga er sögð af Björgvini Vigfússyni, sýslumanni í Rangárvallasýslu 1907-1936, að hann hafi verið svo mikill mannasættir að Rangæingar hafi talað um tímunn fyrir og eftir að Björgvin kvað upp dóminn. Sú saga gekk um annan sýslumann, mikils virtan og dáðan af öllum er þekktu, Júlíus Hafstein, að í máli sem hann dæmdi í árið 1940 segi í dómsforsendum að þar sem hann hafi ekki sakir embættisanna haft tíma til að kynna sér nýju réttarfarslög frá 1936 þá dæmi hann eftir eldri prósesslögum.⁹

MÁLFLUTNINGSSTARFIÐ MEÐ VANDASÖMUSTU STÖRFUM

„Í fáum eða jafnvel engum starfa öðrum verður oft á tíðum komist nær hinum alvarlegustu örlagaþráðum hins mannlega lífs. Það hefur að sjálfsögðu mikla þjóðfélagslega þýðingu, að allar stéttir þjóðfélagsins vinni störf sín vel og samvirkusamlega af höndum. En fáum stéttum er það beinlínis nauðsynlegra, - fyrst og fremst af þjóðfélagsástæðum, - en málflytningarmannastéttinni. Góð málflytningarmannastétt er þýðingarmikil í hverju þjóðfélagi, og veltur meira á því, en í öðrum stéttum, að þar sé valinn maður í hverju rúmi. Leiðbeinandi reglur og fyrirmæli í þessu efni hafa vissulega sitt að segja, en einhlít og óyggjandi verða þau aldrei. Af starfi einstaklingsins verður stéttin oft vegin og metin. Það verður því í reyndinni það langþýðingarmesta, að sérhver málflytjandi geri sér alltaf fulla grein alvörubunga og ábyrgðarskyldu starfa síns. Að hann skilji starfs sitt fyrst og fremst sem þjónustu og leitist alltaf og ævinlega við að leysa allar starfsskyldur sínar af hendi af fyllstu trúmennsku, samvirkusemi og skyldurækni.“

Gunnar Þorsteinsson hrl. í tilefni 40 ára afmælis LMFÍ 1951.¹⁰



Eggert Claessen

Eggert Claessen var annar þeirra sem frumkvæði átti að stofnun Málflytningarmannafélags Íslands þann 11. desember 1911 og sat í fyrstu stjórn ásamt Oddi Gíslasyni og Sveini Björnssyni. Eggert var jafnframt fyrsti formaður félagsins og gegndi formennsku alls þrisvar, 1911-1918, 1921 og 1940-1941.

Eggert fæddist í Skagafirði 16. ágúst 1877. Hann útskrifaðist frá Hafnarháskóla árið 1903 og hóf störf á II. skrifstofu í hinu nýstofnaða Stjórnarráði Íslands 1904. Árið 1906 varð hann málflytningarmaður við Landsyfírréttinn og hæstaréttarmálflytningarmaður þegar Hæstiréttur var stofnaður árið 1920. Eggert var bankastjóri Íslandsbanka hf. 1921-1930 og var eftir það hæstaréttarmálflytningarmaður til æviloka 1950. Hann var einnig einn af stofnendum Vinnuveitendasambands Íslands og framkvæmdastjóri þess 1934 til 1950.⁵



Sveinn Björnsson

Sveinn Björnsson var einn af stofnendum Málflytningarmannafélags Íslands og var fyrsti ritari félagsins. Sveinn fæddist í Kaupmannahöfn 27. febrúar 1881 en foreldrar hans voru Björn Jónsson ritstjóri og síðar ráðherra Íslands og Elísabet Sveinsdóttir. Að loknu námi í Latínuskólanum innritaðist Sveinn í Kaupmannahafnarskóla og lærði lögfræði. Nýútskrifaður hóf hann málflytningisstörf í Reykjavík árið 1907. Þegar Hæstiréttur var stofnaður 16. febrúar 1920 urðu Sveinn og Eggert Claessen fyrstir til að ljúka prófraun hæstaréttarmálflytningsmanna. Sveinn stundaði ýmis störf meðfram lögmenntun þurfti til í jafn langan tíma. Hann var meðal annars einn af hvatamönnum þess að Eimskipafélag Íslands var stofnað og formaður þess þar til hann varð sendiherra í Kaupmannahöfn. Hann var einnig hvatamaður að stofnun fjölmargra félaga og fyrirtækja, alþingismaður Reykjavíkur,

bæjarfulltrúi og fyrsti sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn frá 1920. Árið 1940, þegar Danmörk var hernúmin, var Sveinn kallaður heim og ári síðar var hann kosinn ríkisstjóri Íslands. Hann gegndi því embætti uns hann var kjörinn fyrsti forseti Íslands á Alþingi 17. júní 1944. Sveinn lést 1952. Í tilefni 40 ára afmælis Lögmannafélags Íslands árið 1951 var ákveðið að kjósa Svein fyrsta heiðursfélaga félagsins ásamt Lárusi Fjeldsted. Svo illa vildi til að skömmu fyrir afmælishátíð veiktust þeir báðir og Sveinn lést í ársbyrjun 1952. Vegna þessa var afmælishátíðinni frestað um sinn en Sveinn náði aldrei að taka formlega við heiðursviðurkenningu félagsins.⁶

Yfirréttarmálflytningarmenn

Eitt af fyrstu hagsmunamálum Málflytningarmannafélags Íslands var að vinna að því að settar yrðu skorður við því að lögfræðikandidatar gætu farið beint frá prófborðinu og orðið yfirréttarmálflytningarmenn heldur hlytu þeir verklega æfingu áður en slík leyfi væru veitt. Með lögum nr. 17/1913 var það skilyrði sett fyrir leyfi til málflytninga fyrir yfirdómi að lögfræðingar hefðu fengist við málflytningu í þrjú ár hið minnsta eða gegnt starfi sem lögfræðimenntun þurfti til í jafn langan tíma. Aldrei kom þó til þess að þetta leyfi yrði veitt þar sem Landsyfírréttur var lagður niður og Hæstiréttur stofnaður í ársbyrjun 1920. Fyrstir til að verða löggiltir hæstaréttarmálflytningarmenn, hrm., urðu þeir Sveinn Björnsson og Eggert Claessen.¹³

Brot úr sögu félags

Símaskrá lögmannna		
Jóns Guðjónsson Háttahlutlausnir Austurvogi 14 Sími: 2274	Emur E. Guðmundsson, lög. Guðs. Pósthúsi, lög. Aðalvogi 4 Sími: 1292, 1293, 1292	Gunnar Jónsson Láskóti Pósthúsi 1 Sími: 1029
Ást Góla Finnsen Háttahlutlausnir Háttahlut Sími: 1071	Emur Svarðsson Háttahlutlausnir Aðalvogi 1 Sími: 1292, 1293	Gunnar A. Pálsson Háttahlutlausnir Aðalvogi 4 Sími: 1294
Jón Guðjónsson Háttahlutlausnir Guðsvogi 11 Sími: 1021	Emur Pálsson Háttahlutlausnir Háttavogi 11 Sími: 1046	Gísli Ólafsson Háttahlutlausnir Austurvogi 12 Sími: 1024
Jón Guðjónsson Háttahlutlausnir Háttahlut Sími: 1074	Erpíllur K. Jónsson, lög. Jóns Magnússon, lög. Torgatni 4 Sími: 1214, 2280, Sími: 213	Gísli A. Norðmann Háttahlutlausnir Háttavogi Sími: 1211
Haldur Jónsson Háttahlutlausnir Kirkuvogi 4 Sími: 1210	Guðjón Hilmarsson Háttahlutlausnir Aðalvogi 4 Sími: 1293	Hilmar Jónsson Háttahlutlausnir Háttavogi 19 Sími: 1236
Þorvaldur Þórðsson Háttahlutlausnir Austurvogi 1 Sími: 1022	Guðjón Ólafsson Háttahlutlausnir Háttavogi Sími: 1046	Elfjörður Svarðsson Láskóti Torgatni 14 Sími: 1021
Björgur Þorvaldsson Háttahlutlausnir Austurvogi 12 Sími: 1026	Guðjón M. Jónsson Láskóti Torgatni 11 Sími: 1214, 1021	Jónsson Björgvinur Háttahlutlausnir Austurvogi 4 Sími: 1046
Erpíll Svarðsson Háttahlutlausnir Austurvogi 1 Sími: 1022	Guðs. Jóns Svarðsson Háttahlutlausnir Torgatni 11 Sími: 1292, Sími: 101	Jónsson Björgvinur Háttahlutlausnir Kirkuvogi 4 Sími: 1024

Símaskrá lögmannna frá árinu 1961.

Viðhorf hirðingjans og landnemans

Stofnendur Málflutningsmannafélags Íslands voru 17 en starfsemi félagsins var hvorki margþætt né mikil fyrstu starfsárin. Menn litu frekar á málflutningsstarfið sem bráðabirgðastarf sem hlaupið var í þar til öruggara lífsstarf bauðst og því var festan í félaginu minni en ella. Theodór Línadal lýsir því svo í sögu félagsins, sem skrifuð var í tilefni 25 ára afmæli félagsins 1936, að viðhorf félagsmanna hefði fremur verið viðhorf hirðingjans til landsins sem hann tjaldaði á en ekki landnemans til landnámsins.¹²



Samheldni

Árið 1926 fékk stjórn félagsins ábendingu um að lögfræðingur kallaði sig hæstaréttarmálflutningsmann í Krabs Vejviser án þess að vera það og var formanni falið að ræða við hann.¹⁵

Stopulir fundir

Framan af voru fundir Málflutningsmannafélagsins tveir til þrjár á ári auk aðalfundar en svo virðist sem lítil eða engin starfsemi hafi verið í félaginu frá hausti 1927 til ársbyrjunar 1930. Engar fundargerðir stjórnar eru ritaðar á þessum tíma en ástæða kann að vera ósætti innan stjórnar. Á fundi 28. september 1927 var tekin fyrir kvörtun aðila á hendur einum lögmanni vegna þóknunar fyrir innheimtu á kröfu. Á fundinum mætti sá sem kvartaði og óskaði úrskurðar stjórnar sem fyrst en lögmaðurinn lét ekki sjá sig. Ekkert stendur meira um málið en næsti fundur stjórnar var haldinn 27. janúar 1930.¹⁶

STRÍTT Á KVENSEMI

Sigurður Ólafsson og Páll S. Pálsson voru miklir félagar og stríddu gjarnan hvorum öðrum á kvensemi. Á tímum Watergate hneykslisins í Ameríku orti Páll þessa vísu um Sigga:

Hann var alinn upp í sveit
efnilegur þótti.
Í veika kynsins Watergate
viðfangsefnin sótti.

Sigurður svaraði Páli, sem var frá
Sauðanesi í A-Hún, svona:

Sauðneskt fratskáld semur níð
sínu tapar, rykti.
Hann var natinn alla tíð
í Afmorsgatafíkti.



F.v. Páll S. Pálsson og Sigurður Ólafsson.

EKKERT ÞJÓÐFÉLAG MÁ ÁN ÞEIRRA VERA

„Góð málflutningsmanna stétt er þýðingarmikil í hverju þjóðfélagi, og veltur jafnvel meira á því en í öðrum stéttum, að valinn maður sé í hverju rúmi. Og þótt margt hafi misjafnt verið um málflutningsmenn sagt, bæði fyrr og síðar, þá hefir reyndin orðið sú, að ekkert þjóðfélag má án þeirra vera. Þeir hafa sannað tilverurétt sinn, þrátt fyrir alla andúð - réttmæta og óréttmæta -, sem þeim hefir verið sýnd í flestum löndum og á öllum öldum.“

Theodór Líndal hrm. og formaður Málflutningsmannafélags Íslands í 25 ára afmælisriti.¹¹



Sumarið 1975 var fundur norrænu lögmannafélaganna haldinn í Reykjavík.

Erlend samskipti

Fram til ársins 1956 voru samskipti félagsins við erlend systurfélög lítil sem engin en það ár hóf LMFÍ þátttöku í samtökum norræna lögmanna. Síðan þá hafa fulltrúar félagsins sótt fundi norrænu félaganna og hefur samstarfið


verið afar gagnlegt. Árið 1990 gerðist LMFÍ aðili að IBA, International Bar Association, og árið 1994 að CCBE, Conseil des Barreaux de la Communauté Européenne.¹⁸



Lög Málflutningsmannafélagsins voru gefin út í litlu broti árið 1942 og aftur þegar nafni félagsins var breytt árið 1945. Þá hétu þau ekki lengur lög heldur samþykktir.

Málflutningsmannafélag breytist í Lögmannafélag

Heiti félagsins í upphafi var Málflutningsmannafélag Íslands og vísaði til þess að um væri að ræða félag manna sem stunduðu málflutning. Ekki ríkti þó einhugur um nafnið í byrjun og töldu sumir fundarmenn á stofnfundinum að félagið ætti frekar að heita lögmannafélag. Frá og með ársbyrjun 1945 var nafni félagsins breytt í Lögmannafélag Íslands og var það gert í kjölfar lagasetningar um málflytjendur nr. 61/1942 þar sem ávallt var talað um málflytjendur sem lögmenn.¹⁹



25 ára afmæli Málflutningsmannafélags Íslands

Í tilefni 25 ára afmælis félagsins var haldið hóf í Oddfellowhúsinu og ákveðið að rita sögu félagsins þar sem fram kæmi stutt æviágrip 56 félagsmanna. Theodór Líndal hrm. var formaður félagsins og skrifaði söguna en í stjórn voru auk hans þeir Einar B. Guðmundsson hrm., ritari og Gunnar Þorsteinsson hrm., gjaldkeri. Í varastjórn voru Eggert Claessen hrm. og Tómas Jónsson borgarritari.¹⁷

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU DAGA – AT FATTE SIG KORT

Í gamla og góða réttarfarinu var skrifuð stefna og greinargerð. Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður sagði að ef maður gæti ekki komið því að sem þyrfti á tveimur síðum þá hefði maður bara ekkert að segja. Í máli einu norður á Sauðárkróki skrifaði Þorvaldur: „Stefndu eru málavextir kunnir.“ Svo stóð í greinargerð: „Um málavexti vísast í stefnu“ Það stóð ekkert í Jóhanni Salberg sýslumanni að dæma efnislega í málinu!

Árnáðaróskir til Lögmannafélags Íslands í tilefni aldarafmælis



<p>DRAUPNIR LÖGMANNSÞJÓNUSTA</p>	<p>LÖGMÁL</p>	<p>ADVOCATUS LÖGMANNSÞJÓNUSTA</p>
<p>BBA BBA // LEGAL</p>	<p>LOGMENN HOFDABAKKA</p>	<p>Lögmenn Hamraborg 12 Birgir G. Magnússon hdl. Ingibjörg Ingvadóttir hdl. Linda B. Bentsdóttir hdl. Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir hdl.</p>
<p>FULLTINGI <i>slysa- og skaðabótamál</i></p>	<p>KVASIR LÖGMENN</p>	<p>acta lögmannsstofa</p>
<p>LMB LÖGMENN BANKASTRÆTI Bankastræti 3 • 101 Reykjavík Sími: 578 0080 • www.lmb.is</p>	<p>pwc</p>	<p>L3 Lögmenn Laugavegi 3</p>
<p>K·R·S·T LÖGMENN Kostnaðarfrætt 10A, Þórhólf 712, 121 Reykjavík Sími: 551 6412 / 552 7765 Faxi: 552 7544 Netfangi: kost@krs.t.is</p>	<p>LÖGMENN ARBORG</p>	<p>NORDIK LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA</p>

Brot úr sögu félags



Stjórn LMFÍ 1971-1972 önnum kafin við undirskrift fundargerða. F.v.: Hrafnkell Ásgeirsson meðstjórnandi, Björn Sveinbjörnsson ritari, Benedikt Blöndal formaður, Jón Ólafsson varaformaður og Þorsteinn Geirsson gjaldkeri.

Ábyrgðarsjóður lögmanna

Árið 1969 var byrjað að undirbúa stofnun ábyrgðarsjóðs sem átti að gera félaginu kleift að bæta að hluta eða öllu leyti tjón sem skjólstæðingur lögmanna yrði fyrir vegna fjárþrots lögmanna. Fyrirmynd að sjóðnum voru ábyrgðarsjóðir sem störfuðu í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Árið 1970 var farið að leggja til hliðar í ábyrgðarsjóð helming málagjalda sem runnu til LMFÍ en frá árinu 1932 hafði félagið fengið málagjöld af hverju einkamáli er lögmenn lögðu sem sækjendur í dóm eða gerðu sátt um og fyrir hverju máli sem var áfrýjað til Hæstaréttar.

Haustið 1976 var ábyrgðarsjóðurinn formlega stofnaður. Bætur var heimilt að greiða úr sjóðnum þegar lögmaður varð gjaldþrota en þær voru þó einungis

greiddar ef féð hafði komist í hendur lögmansins vegna stöðu hans og að honum hafi borið skylda til að varðveita það vegna trúnaðarskyldu sinnar sem lögmaður. Sjóðurinn eignaðist síðan endurkröfurétt á hendur lögmanni eða búi hans. Árið 1987 voru bætur greiddar úr sjóðnum í fyrsta sinn, rúmlegar fjórar milljónir króna, og árið 1992 féllu ábyrgðir á sjóðinn vegna gjaldþrots tveggja lögmanna. Í kjölfarið urðu miklar umræður um sjóðinn á aðalfundi þar sem félagsmenn lýstu sig andvíga því að þeir yrðu gerðir ábyrgir fyrir afbrotum annarra félagsmanna. Í kjölfarið hafði LMFÍ frumkvæði að lagabreytingu, nr. 27/1995, um að skylda lögmenn til að kaupa starfsábyrgðartryggingu og halda fjárvörslureikninga. Ábyrgðarsjóðnum var slitið árið 1999.⁷⁸



LMFÍ 80 ára

Bókasafn LMFÍ var opnað á 80 ára afmæli LMFÍ árið 1991 og í tilefni þess var lögmönnum og dómurum boðið í hól. F.v. Garðar Gíslason hæstaréttardómari og Jóhann Pétur Sveinsson lögmaður lyfta glösum.



Vígsla Hæstaréttar 1996

Nýtt hús Hæstaréttar var vígt haustið 1996 og við það tilefni var hæstaréttarlögmönnum boðið til móttöku. F.v. Sveinn Snorrason, Jónas A. Aðalsteinsson og Guðmundur Ingvi Sigurðsson.

Aldarafmælisboð í Hörpu

Í TILFNI ALDARAFMÆLIS LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS VAR HALDIÐ SÍÐDEGISBOÐ Í HÖRPU FYRIR FÉLAGA, DÓMARA OG FLEIRI. Á SJÖTTA HUNDRAD MANNS MÆTTI Í BOÐIÐ OG ÁTTI EINKAR SKEMMTILEGA STUND Í FALLEGU HÚSI OG Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP.



Guðni Á. Haraldsson hrl. og Sigurður A. Þóroddsson hrl.



Kristbjörg Stephensen hrl. og Tómas Jónsson hrl.



Markús Sigurbjörnsson hestaréttardómari og Indriði Þorkelsson hrl.




F.v. Kári Hólmar Ragnarsson hdl., Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl., Björg Valgeirsdóttir hdl. og Katrín Oddsdóttir hdl.



Djassband sá um músíkina í boðinu.



Gylfi Birgisson hdl, Páll Arnór Pálsson hrl. og Hilmar K. Björgvinsson hdl.



F.v. Garðar Valdimarsson hrl., Steingrímur Eiríksson hrl. og Hreinn Pálsson hrl.



Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl. og Jóhanna Sigurjónsdóttir hdl.



Harpa Hörn Helgadóttir hdl., Kristín Edwald hrl. og Margrét Sif Hafsteinsdóttir hdl.



Valborg Snævarr hrl. ræðir við þá Tómas Jónsson hrl. og Jóhannes Albert Sævarsson hrl.



F.v. Kristján Valdimarsson hdl., Stefán Reykjalín Guðmundsson hdl. og Sigurður Tómas Magnússon hrl. og prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.



Tveir myndarlegir frændur úr Línakradalnum létu vel af veitingunum, þeir Hilmar Björgvinsson hdl. (t.v.) og Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.



Brynjar Níelsson hrl. og formaður LMFÍ.



Benedikt Ólafsson hrl. og Bergþóra Ingólfssdóttir hrl.



F.v. Helgi Jóhannesson hrl., Ingi Tryggvason hrl. og Lárentínus Kristjánsson hrl.



Elín Smáradóttir hdl. og Karl Axelsson hrl.



F.v. Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari, Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Ásgeir Jónsson hrl. og Sveinn Andri Sveinsson hrl.



F.v. Carolyn Lamm, Guðrún Margrét Hannesdóttir, Berit Reiss-Andersen, Sören Jenstrup, Peter Halle, Lene Jenstrup, Evangelos Tsouroulis og Markku Ylönen.



Stefán Erlendsson hdl. og Gísli Tryggvason hdl. og umboðsmaður neytenda.



F.v. Ingi Freyr Ágústsson hdl. og Þorsteinn Magnússon hdl.



Jóhannes Ásgeirsson hrl. ræðir við Davíð B. Gíslason hdl.



Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Ásgeir Thoroddsen hrl.



Reynir Karlsson hrl. og Guðrún Hólmsteinsdóttir hdl. ræða málin.



Unnar Steinn Bjarndal hdl. og Þórdís Bjarnadóttir hrl.



Fyrrum formenn LMFÍ voru sæmdir gullmerki félagsins. F.v. Ásgeir Thoroddsen hrl., Gunnar Jónsson hrl., Helgi Jóhannesson hrl. og Lárentsínus Kristjánsson hrl.



Fimm urðu heiðursfélagar á afmælishátíðinni. F.v. Þórunn Guðmundsdóttir hrl., Ragnar Aðalsteinsson hrl., Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari, Hákon Árnason hrl., Gestur Jónsson hrl. Auk þeirra er Brynjar Nielsson hrl. og formaður LMFÍ á myndinni.



Veitingar voru einkar glæsilegar í hófinu. Hér standa þær Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl. (t.v.) og Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir hrl. við kræsingarnar.



Marteinn Másson hrl. og Lúðvík Emil Kaaber hdl.



Þorbjörg Inga Jónsdóttir hrl. og Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður.



Axel Kristjánsson hrl. og Gísli Baldur Garðarsson hrl.



Jónas A. Aðalsteinsson hrl. og Steingrímur Eiríksson hrl.



F.v. Sigurður Þóroddsson hdl. og Bogi Guðmundsson hdl.



Grímur Sigurðarson hdl, Flosi Hrafn Sigurðsson hdl. og Þórarinn V. Þórarinnsson hrl.



Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari.



F.v. Garðar Gíslason hæstaréttardómari og Ásgeir Jónsson hrl.



Benedikt Sigurðsson hdl. og Gunnar Ingi Jóhannsson hdl.



Ólafur Gústafsson hrl., Andri Freyr Stefánsson hdl. og Sigurður G. Guðjónsson hrl.



Oddgeir Einarsson hdl., Eggert Páll Ólason hdl., Jóhannes Árnason hdl. og Grímur Sigurðarson hdl.



F.v. Halldór Hjalti Halldórsson hdl., Garðar K. Vilhjálmsson hdl. og Ólafur Hvanndal Ólafsson hdl.



Bergþóra Ingólfssdóttir hrl., Benedikt Ólafsson hrl., Jón Rúnar Pálsson hrl. og Guðmundur Sophusson, sýslumaður.



Ingimar Ingason framkvæmdastjóri, Ólafur Ragnar Grímsson forseti og Brynjar Níelsson formaður LMFÍ ræða við erlenda gesti.



Magnús Guðlaugsson hrl., Jóhannes Ásgeirsson hrl. og Ásgeir Þór Árnason hrl.

Brot úr sögu félags



Hæstaréttarlögmenn 1945

Í tilefni 25 ára afmælis Hæstaréttar 16. febrúar 1945 var tekin mynd af nær öllum hæstaréttarlögmönnum landsins í skikkjum sínum. Fremri röð frá vinstri: Garðar Þorsteinsson, Sveinbjörn Jónsson, Lárus Jóhannesson (þáverandi formaður LMFÍ), Lárus Fjeldsted, Eggert Claessen, Jón Ásbjörnsson og Theodór B. Líndal. Aftari röð frá vinstri: Magnús Thorlacius, Sigurður Ólason, Ólafur Þorgrímsson, Sigurgeir Sigurjónsson, Gunnar Þorsteinsson, Guttormur Erlendsson, Egill Sigurgeirsson, Guðmundur Í. Guðmundsson, Ragnar Ólafsson, Hermann Jónasson, Gunnar J. Möller, Einar B. Guðmundsson, Kristján Guðlaugsson, Gústaf A. Sveinsson og Einar Ásmundsson.²⁰

VANTAR SKEYTI

Eitt sinn var Jón E. Ragnarsson staddur á Flórída þar sem honum fannst sér lítill sómi sýndur á hótelinu og þjónustan léleg. Hann sendi því Sigurði Georgssyni, félagasínum, skeyti á þessa leið: „Vantar skeyti.“ Sigurður sendi honum þegar í stað skeyti til baka um að verð á gulli færi hækkandi en verð á demöntum lækkandi og spurði hvað ætti að gera - allt á ensku að sjálfsögðu. Jón lá við sundlaugarbakkann með pípunna sína þegar þjónninn kom ábúðarfullur á svip og sagði: -Það er skeyti til þín!

-Æi, ég er í fríi, svaraði Jón.

-En það er víst áriðandi, sagði þjónninn og var mikið niðri fyrir.

-Æi, stundi Jón og spurði svo: -Hvað stendur í skeytinu?

-Það stendur að verð á gulli sé að hækka og demöntum að lækka og spurt hvað eigi að gera?

-Heyrðu, viltu svara þessu skeyti svona: „Can't you understand I am on vacation“, sagði Jón og þjónninn gerði það. Eftir þetta fékk Jón þessa finu þjónustu á hótelinu.

Sagan segir að síðar, þegar Sigurður

Georgsson dvaldi á Ítalíu, hafi hann sent Jóni skeyti sem hljóðaði svona: „Vantar skeyti.“

Þetta var á sama tíma og Vatikanbankinn lenti í miklum fjárhagslegum áföllum og bankastjórinn hafði fundist hengdur undir brú í London. Jón á þá að hafa sent Sigurði skeyti sem hljóðaði svo: Take the Diamonds and run!

LMFÍ 40 ÁRA: HOLL, HEILBRIGÐ OG HVETJANDI ÁHRIF

„Þegar litið er um öxl yfir 40 ára starfsævi félagsins, verður ekki annað sagt, en að það hafi unnið félagsmönnum mikið gagn. Það hefur alla tíð, eftir föngum, verið málsvari stéttarinnar út á við, enda staðið sterkar að vígi í þeim efnum eftir að það fékk löggildingu, samkvæmt 63. gr. l. nr. 85/1936, en löggildingu fékk félagið með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 21. janúar 1937. Það hefur orðið mjög til að efla og styrkja persónulegan kunningssskap meðal félagsmanna, sem aftur hefur leitt af sér betra og einlægara samstarf með félagsmönnum við framkvæmd skyldustarfa þeirra. Það hefur staðið að margvíslegri fræðslustarfsemi fyrir félagsmenn með erinda- og fyrirlestraflutningum um mörg merk málefni ... oft leiðbeint félagsmönnum í starfi þeirra og stundum skorið úr deilum milli félagsmanna um ákveðin atriði varðandi starf þeirra. Loks hefur það með starfi sínu haft holl og heilbrigð og hvetjandi áhrif á félagsmenn um að inna jafnan starfsskyldur sínar svo vel af hendi sem efni stæðu frekast til.“

Gunnar Þorsteinsson hrl. í tilefni 40 ára afmæli LMFÍ 1951.²²



Stjórn LMFÍ 2007-2008 ásamt framkvæmdastjóra. F.v. Jóhannes B. Björnsson meðstjórnandi, Ástríður Gísladóttir gjaldkeri, Ingimar Ingason framkvæmdastjóri, Helgi Jóhannesson formaður, Lárentsínus Kristjánsson varaformaður og Hjördís Halldórsdóttir ritari.

NOT MY FAULT

Einu sinni var Sigurður Georgsson í golfferð ásamt félögum sínum úr lögmannastétt og var kenndur. Við þær aðstæður spilaði Sigurður ákaflega hægt og bresk hjón, sem voru í hollinu á eftir honum, voru orðin arfavitlaus. Að loknum hring kom karlinn stormandi og hellti sig yfir Sigurð með látum og svívirdingum. Sigurður leit rólega á hann og sagði: -It is not my fault that your wife is ugly. Maðurinn þagnaði og sást ekki meira.

Stjórnir

Á stofnfundi Málflutningsmannafélags Íslands voru þrír menn kosnir í stjórn félagsins; Eggert Claessen, Sveinn Björnsson og Oddur Gíslason en þeir skiptu með sér störfum á fyrsta stjórnarfundum félagsins 22. janúar 1912. Varð Eggert formaður, Oddur gjaldkeri og Sveinn ritari. Fram til ársins 1958 skipuðu þrír menn stjórn félagsins en þá var þeim fjölgað í fimm og hefur svo haldist síðan.²³

Formenn LMFÍ frá upphafi

1911-1918 Eggert Claessen
1918-1920 Sveinn Björnsson
1920-1921 Jón Ásbjörnsson
1921-1922 Eggert Claessen
1922-1926 Jón Ásbjörnsson
1926-1930 Pétur Magnússon
1930-1936 Guðmundur Ólafsson
1936-1939 Theodór B. Líndal
1939-1940 Eggert Claessen,
1940-1941 Einar B. Guðmundsson
1941-1943 Magnús Thorlacius
1943-1944 Kristján Guðlaugsson

1944-1946 Magnús Thorlacius
1946-1947 Einar B. Guðmundsson
1947-1960 Lárus Jóhannesson
1960-1966 Ágúst Fjeldsted
1966-1970 Jón N. Sigurðsson
1970-1971 Guðmundur Ingvi Sigurðsson
1971-1973 Benedikt Blöndal
1973-1976 Páll S. Pálsson
1976-1979 Guðjón Steingrímsson
1979-1981 Þorsteinn Júlíusson
1981-1982 Helgi V. Jónsson
1982-1983 Jóhann H. Nielsson
1983-1986 Jón Steinar Gunnlaugsson
1986-1988 Sveinn Snorrason
1988-1989 Hákon Árnason
1989-1992 Gestur Jónsson
1992-1995 Ragnar Aðalsteinsson
1995-1997 Þórunn Guðmundsdóttir
1997-1998 Sigurmar K. Albertsson
1998-2000 Jakob R. Möller
2000-2002 Ásgeir Thoroddsen
2002-2005 Gunnar Jónsson
2005-2008 Helgi Jóhannesson
2008-2010 Lárentsínus Kristjánsson
2010-2012 Brynjar Nielsson.²⁴

GENGIÐ INN GRETTISGÖTUMEGIN



Margar sögur hafa lifað meðal lögmannastéttarinnar af Jóni E. Ragnarssyni lögmanni sem féll frá árið 1983 aðeins 47 ára gamall. Þegar Jóhannes Páll var kjörinn páfi árið 1978 þótti Jóni rétt að árna honum heilla og sendi honum eftirfarandi skeyti:

Jóhannes Páll páfi
Páfagarði

Óska þér til hamingju með kjörið.

Jón E. Ragnarsson
Frakkastíg 12, gengið inn
Grettisgötumegin.

Brot úr sögu félags

Mörður lögmaður

Þegar Lögmannablaðið hóf göngu sína skaut Mörður lögmaður upp kollinum sem hefur síðan verið með fasta pistla í blaðinu. Enginn veit hver Mörður er en sagan segir að pistlar hans komi vélritaðir í brúnu umslagi inn um póstlúguna á skrifstofu félagsins skömmu fyrir útgáfu hvers blaðs. Margoft hefur verið reynt að afhjúpa manninn og meðal annars lagðist Lögmannablaðið í rannsóknarblaðamennsku í anda sorpritanna veturinn 2005 til að reyna komast að því hver Mörður væri.

Talið er að Mörður sé fæddur um miðja síðustu öld og það róttækasta sem hann hafi gert á hippatímabilinu hafi verið að mæta bindislaus í tíma í stjórnarfarsrétti árið 1967. Mörður fékk sitt fyrsta og eina launþegastarf sem

lögfræðingur þegar hann starfaði hjá Njáli Þorfinnssyni hrl. en síðan hefur hann verið sjálfsætt starfandi lögmaður. Störf hans voru iðulega til umfjöllunar hjá stjórn félagsins þar til úrskurðarnefnd lögmanna var stofnuð enda á hann met í brotum á siðareglum lögmanna.

Þótt Mörður sé þunglyndur og bitur út í lífið hefur hann fundið ánægju í því að tefla skák, kasta fram stökum og drekka sterka drykki. Konur hafa einungis verið honum til ama en þótt hann teljist seint fjallfríður hefur hann hafa viljað útskýra með hrl. titlinum. Þess má geta að Mörður fór afar illa út úr efnahagshruninu enda hafði hann tekið stórt kúlulán og keypt fyrir það hlutabréf íslensku bönkunum.³⁰



Mörður stjórnlögmaður birtist á árhátíð LMFÍ árið 2006 og sést hér heilsa upp á Ragnar H. Hall hrl.

VINNUSLYS ÚTIGANGSMANNSINS

Útigangsfólk situr oft á bekkjum í miðbænum og eitt sinn var Ingibjörg Benediktsdóttir dómari að ganga þar þegar Lalli Johns kom á móti henni á hækjum og heilsaði með virktum. Ingibjörg spurði, full meðaumkunar, hvað komið hefði fyrir og Lalli sagðist hafa dottið í vinnunni. Ingibjörg sýndi honum mikla samúð og vonaði að hann næði sér sem fyrst.

Daginn eftir sagði Ingibjörg kollegum sínum frá óheppni Lalla, að loks þegar hann hefði snúið sér að heiðarlegrí vinnu þá hefði hann lent í vinnuslysi. Þeir gátu þá upplýst hana um nánar um hvað hafði gerst en Lalli, sem var nýkominn af Litla-Hrauni, fór beint á Keisarann þar sem hann bauð umgang og tvo. Þegar peningarnir voru uppurinn þá fór Lalli í Norðurmýrina, sá opinn glugga á efstu hæð og stiga. Hann var hálfur kominn inn um gluggann þegar kona á níræðis-aldri kom inn og veinaði. Lalla brá svo að hann flýtti sér aftur út um gluggann - og gleymdi að fara niður stigann. Þetta var þá vinnuslysið!

Af Merði lögmanni

Mörður gekk út úr dómshúsinu. Var það málið, var það hann eða var það kannski dómariinn? Það er erfitt að vera í þessari stöðu sem lögmaðurinn er í, það að eiga ekki síðasta orðið hugsaði Mörður. Sérstaklega þegar maður er búinn að tapa máli og Merði fannst eins að það kæmi óþarflega oft fyrir hann. Hvað mundi nú gerast ef Mörður kæmi sínum sjónarmiðum, ja, altsó umþjóðandans, á framfæri utan dómssala? Í þessu sambandi leiddi Mörður hugann að fjölmiðlum. Margir kollegarnir lögðu mikið uppúr því að láta ljós sitt skína í þeim hugsaði Mörður en hann hafði aldrei rekið mál þar og alltaf talið það sér til tekna.

Mörður velti því fyrir sér hvort fjölmiðlafælni og gagnrýni hans mætti rekja til þess að hann er högvær maður mjög. Þó svo að hann hafi gengið í eina almennilega menntaskóla landsins og síðar stundað nám við þá deild háskólans, þess eina sem um þarf að geta, sem af öðrum ber, og eftir útskrift nú lengstum tilheyrir úrvals liði þeirrar stéttar sem þaðan kemur, þrátt fyrir þetta allt hefur Mörður aldrei slegið sér á brjóst, nært sig og sína stétt eða talið hana öðrum fremri að siðferðisþreki eða mikilvægi heldur komið fram af þeirri högværð og lítilni.

Mörður á tvær aldraðar hókursystur, sem aldrei hafa gíst. Þær hafa alla tíð búið saman í húsi við Grettisgötu. Þessu frænkur Mörður hafa brennandi áhuga á framhúðslit, sambandi við framfærni og þess háttar. Það má enginn falla frá í fjölskylda Mörðurs þess að þær systur fullyrði ekki að sá hluti sámi væri í sambandi við þær. Sigga frænka hóf vel. Gunnfrænda hóf að heilsa o.s.frv. Upp á síðastað varist það ekki vera nóg fyrir þær að þær venjuleg skilaboð á máli, heldur þær gerðast framlíður áttungjar. Mörður nú meira lagi athafnasamir áttungjar.

Mörður var gamalt hreklejussvín úr Hlíðahverfinu og honum fannsi bara allt í lagi að skamma dómara, dómurskrávarnir og dómstóla. Honum fannst t.d. tilríklegt að í siðareglum lögmanna stæði að lögmenn ættu að sýna dómstólum fulla tillitsemi og virðingu í ræðu, rit og framkomu. Merði var ekki kunnugt um að sams konar ákveðni væru í siðareglum dómara, eða yfir höfuð hvort dómara væru með einhverjar siðareglur.

VILJUGIR LÖGMENN



„Það gleðilega við það að sitja í stjórn Lögmannafélagsins er að lögmenn virðast alltaf vera boðnir og búnir til þess að starfa fyrir félagið. Nær undantekningarlaust taka menn að sér þau störf, sem félagið og stjórn óska eftir að séu unnin.“

Þórunn Guðmundsdóttir, hrl. og formaður LMFÍ í Lögmannablaðinu 1997.⁶⁸

Taxti eitt fyrsta mál félagsins

„Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna málflutningsmanna, efla góða samvinnu milli þeirra og stuðla til þess, að þeir fylgi sömu reglum um borgun fyrir störf sín.“



Eitt mikilvægasta verkefni hins nýja félags var að setja lágmarksgjaldskrá til að koma í veg fyrir að lögfræðingar undirbyðu hver annan. Fyrir stofn-

fundi félagsins lá að samþykkja gjaldskrá fyrir málflutningsstörf auk þess að semja fyrstu lög félagsins. Sveinn Björnsson lagði fram drög að málflutningsmannataxta, sem hann hafði gert að danskri fyrirmynd, og lagði svo til að nefnd yrði falið að fjalla hann. Að því búnu var fundi frestað.

Úr lögum Málflutningsmannafélags Íslands

Þann 11. desember 1911 var stofnfundinum framhaldið og þá var lágmarkstaxti málafærslumanna ákveðinn. Ekki voru þó fundarmenn á eitt sáttir um hann og meðal annars fannst Einari Arnórssyni hann vera of lágur. Taxtinn var síðan prentaður og sendur félagsmönnum, bæjarfógetanum í Reykjavík og yfirdóminum ásamt tilmælum um að hann yrði lagður til grundvallar þegar málskostnaður með dómi væri ákveðinn.

Gjaldskráin hefur margsinnis verið til umræðu á fundum félagsins og var lengi barist fyrir því að dómstólar tækju mið af taxtanum við ákvörðun

málskostnaðar með misgóðum árangri. Síðar komu ákvæði í gjaldskrá sem kváðu á um að lögmenn gætu áskilið sér hæfilega þóknun fyrir störf sín. Í lögum nr. 61/1942 fékk stjórn LMFÍ úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstörf og varð það mikill þáttur í starfi stjórnar félagsins þar til úrskurðarnefnd lögmanna var sett á stofn árið 1998. Félagið hætti með formlegt samráð vegna taxa lögmanna árið 1994 þegar áfrýjunarnefnd samkeppnismála komst að þeirri niðurstöðu að það væri andstætt samkeppnislögum.⁸

Í upphafi tæknialdar

Þegar tölvuöldin gekk í garð leitaðist stjórn félagsins við að kynna félagsmönnum möguleika notkunar tölva í lögmannsstarfi. m.a. voru skipulagðar heimsóknir lögmanna til Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar haustið 1981 til að kynna möguleikum textavinnslu í tölvum.

Árið 1982 var stofnuð sérstök tölvunefnd á vegum félagsins sem fékk það verkefni að kanna hvort LMFÍ skyldi taka upp tölvuþjónustu fyrir lögmenn. Nefndin lagði fram lýsingu að innheimtu-kerfi fyrir lögmannsstofur og leitaði tilboða frá tölvufyrirtækjum í gerð hugbúnaðar og tölvur. Málið var kynnt á félagsfundum en forvígismönnum til mikilla vonbrigða mættu fáir lögmenn.⁵⁹



Stjórn LMFÍ 1981-1982. F.v. Jón Steinar Gunnlaugsson meðstjórnandi, Jóhann H. Nielsson varaformaður, Helgi V. Jónsson formaður, Svala Thorlacius ritari og Ólafur Axelsson gjaldkeri.

Lögmennska, samskipti milli lögmanna og tæknibylting

Viðtal við nýja heiðursfélaga

Í TÍLEFNI ALDARAFMÆLIS LMFÍ bættust fimm nýir heiðursfélagar í hóp þeirra 14 sem áður hafa verið kjörnir. Þetta eru þau Ragnar Aðalsteinsson hrl., Hákon Árnason hrl., Þórunn Guðmundsdóttir hrl., Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari og Gestur Jónsson hrl. en öll eiga þau það sameiginlegt að hafa starfað við góðan orðstír í lögmennsku, verið formenn LMFÍ og unnið að fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Í byrjun aðventu settust Ása Ólafsdóttir og Ingimar Ingason niður með heiðursfélögum og ræddu við þau um lögmennsku fyrr og nú, tæknibyltingu og samskipti milli lögmanna.

Tölvuvæðing og fjölgun lögmanna

Hvað hefur breyst í lögmennsku frá því þið hófuð lögmennskeril ykkar?

Þórunn: Ég byrjaði í lögmennsku vorið 1984 og það er tvennt sem ég vil nefna. Það fyrra er gríðarleg fjölgun

lögmanna en þegar ég hóf störf þá þekkti ég alla lögmenn. Hið síðara er tölvuvæðingin en áður voru t.d. innheimtumál öll reiknuð í höndunum.

Jón Steinar: Ritari minn var með fimm kalkipappírsblöð á milli síðna í ritvélinni.

Hákon: Ég man eftir ágætum lögmanni sem lamdi svo fast á ritvélinu þegar hann var að leggja áherslu á málin að það voru göt í gegn á pappírnum.

Ragnar: Tæknibyltingin í mínum huga er telefaxið. Rétt eftir að ég komst í tæri við slíkan munað kom upp mál sem var unnið var að í þremur löndum; Írlandi, Frakklandi og á Íslandi og við leystum það á tæpum sólarhring eingöngu vegna þessarar tækninýjungar.

Verkefni frábrugðin því sem nú er

Gestur: Verkefni lögmanna voru mjög frábrugðin því sem nú er. Ég byrjaði 1975 og þá var fjármálakerfið og form viðskipta allt öðru vísi en nú. Þau verkefni sem lögmenn sinntu voru

að stærstum hluta til einhvers konar innheimtumál. Þegar ég varð formaður Lögmannafélagsins árið 1989 var ástandið þannig að fleiri dómsmál voru þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur heldur en í Stokkhólmi og ástæðan var sú að hér voru menn í stórum stíl að þingfesta fjárkröfur út af einföldum viðskiptum. Engin deila var um hvað væri rétt eða rangt heldur var þetta afleiðing af óstjórn í efnahagsmálum, verðbólgu og því kerfi sem við bjuggum við.

Hákon: Þegar ég byrjaði árið 1966 var einyrkjabúskapur yfirgnæfandi í lögmenskunni og lögmenn þurftu að vera færir um að sinna hvaða sviði sem var. Síðan hafa lögmennsstofurnar orðið stærri og sérhæfingin meiri. Það er stærsta breytingin fyrir utan tæknibreytingarnar. Svo hefur orðið veruleg breyting á réttarfarinu. Menn stefndu inn máli og fóru í gagnaöflun þegar búið var að úthluta dómara. Síðan var verið að tína inn eitt og eitt vitni í þinghald, málinu svo frestað í tvo mánuði og svo næsta vitni og



F.v. Ragnar Aðalsteinsson, Hákon Árnason, Þórunn Guðmundsdóttir, Jón Steinar Gunnlaugsson og Gestur Jónsson.

málshraðinn var eftir því. Núna er gert ráð fyrir því að gagnaöflun sé að mestu leyti lokið áður en mál er höfðað og það er auðvitað miklu betra. Annað sem hefur breyst eru samskipti lögmannna við fjölmiðla og svo auglýsingar lögmannsstofa. Þegar ég var að byrja var lögmönnum bannað að auglýsa og almennt talið vera fyrir neðan virðingu þeirra. Það eina sem þeir gátu auglýst var nafn, titill og stofa en ekki mátti auglýsa t.d. á hvaða sviði lögmaðurinn var að starfa. Ég er ekki að segja að þetta hafi farið í ranga átt, síður en svo, heldur að benda á að þetta er breyting frá því sem var.

Jón Steinar: Auglýsingabannið var afnumið í minni formannstíð hjá LMFÍ og eins afnámmum við lágmarksgjaldskrá, sem var áður í gildi. Ég er stoltur af þessum breytingum.

Þjónusta ekki eins persónuleg

Jón Steinar: Mér finnst ein breyting hafa orðið í lögmennsku fyrir utan tæknibreytingar frá því ég hóf lög-

mannstörf og það er þessi hálfgerði verksmiðjurekstur á lögmannsstofum. Í mínu starfi í dag þykist ég stundum sjá að þegar lagt er af stað með mál á stórrí stofu þá er kannski einhver minna framgenginn lögmaður settur í málið og hefði greinilega mátt líta betur yfir öxlina á honum. Svo er málið komið í Hæstarétt og þá er verið að reyna að bjarga einhverju sem ekki var í lagi í byrjun. Þegar ég var að byrja þá snérist lögmannsstarfið meira um persónulega þjónustu og maður þurfti að vera tiltækur fyrir skjólstæðinginn.

Ég rak mína stofu án þess að vera með neitt tímagjald. Gjaldskráin var hagnamatengd og maður gaf ótal viðtöl án þess að taka gjald fyrir. Þessi andi er orðinn allt annar núna, en það er svo sem ekkert athugavert við að „taxera“ eftir tíma. Það er bara öðruvísi andi í kringum þetta.

Hákon: Þegar ég byrjaði lögmennsku þótti það siðferðileg skylda lögmanns að vera með eitt eða tvö „pro bono“ mál sem kallað var. Þetta er ekki til lengur. Maður hefur heyrt að menn taki

mál undir formerkjunum „No cure - no pay“ en þarna skipti það ekki máli.

Gestur: Ég þykist vita að það sé á fleiri lögmannsstofum en hjá okkur að menn reki stundum tiltekin mál óháð því hvort þeir fái borgað fyrir þau eða ekki. Það er aldrei markmið í sjálfu sér að fá ekki greitt fyrir mál en menn leggja stundum af stað með verkefni og gera sér fullkomlega ljóst að möguleikinn á að fá endurgjald er takmarkaður.

Lögmaður flutti mál gegn dómáranum

Ragnar: Ég byrjaði í lögmennsku um mitt ár 1962 og það hafa orðið gríðarlegar breytingar síðan. Þá voru tvær „stórar stofur“ og ég vann á annarri þeirra ásamt þremur öðrum. Á hinni stofunni voru þrír lögmenn. Það voru ótrúlega mörg sjóréttarmál á þessum tíma þar sem við sátum í sjóprófum dögum og vikum saman eftir vertíðir. Og reyndar allt árið því það voru skipsárekstrar og bjarganir en allt fór meira og minna fyrir dómstóla. Þá voru



Pórunn Guðmundsdóttir og Gestur Jónsson.

vinnubrögð í sakamálu þannig að það var enginn fulltrúi ákærvalds, bara verjandinn með skriflega vörn á móti dómaraminum sem flutti málið á móti honum. Auðvitað vissum við að stundum var búið að semja dóminn þegar við mættum í réttarsal og að skrifað var undir hann um leið og við gengum út. Í einkamálu voru stefnur og greinargerðir afar stuttar. Sá sem átti þátt í að lengja þau skjöl var Jón Steinar og ég spurði hann að því fyrir nokkrum áratugum af hverju hann skrifaði svo langar stefnur og greinargerðir. Hann sagðist gera þetta vegna þess að héraðsdómararnir hefðu ekki getu til að fylgja hinum munnlega málflutningi og það yrði að tryggja að málsástæður og önnur sjónarmið kæmust að með því að hafa þau skrifleg. Því miður hafði hann rétt fyrir sér. Málin voru tekin fyrir á reglulegu bæjarþingi á þriðjudögum og fimmtudögum og sjó- og verslunardómar voru annan hver föstudag. Síðan voru málin rekin þar árum saman á fjögurra vikna fresti og alltaf varð maður að passa upp á að mæta eða láta mæta fyrir sig.

Jón Steinar: Auk þess þurfti maður alltaf að vera að rifja málið upp.

Ragnar: Auðvitað var enginn tæknibúnaður í dómsölum og það kom fyrir að dómari neitaði að bóka rétt sem



Ingimar Ingason.

kallað er. Hann hafði komist að einhverri niðurstöðu í huganum og gat ekki bókað allt sem fram hafði komið þar sem það fór gegn hugmyndum hans um málið. Ég lenti oft í erfiðleikum með slíkt. Svo hjálpuðu dómarar stundum vitnunum að svara þegar lögmaðurinn var að reyna fá þau til að viðurkenna það sem hann vildi. Þá átti dómari til að segja: „Nú skulum við byrja upp á nýtt og nú skal ég spyrja.“ Svo fóru þau svör í bókina.

Jón Steinar: Ég fékk á tilfinninguna að dómarar væru alltaf að verja vitnin fyrir lögmanninum. Ef þú þurftir að elta vitnið uppi og vera óþægilegur við það til að afhjúpa ósannsögli sem þú taldir hugsanlega vera á ferðinni steig dómari oft inn og eyðilagði yfirheyrslurnar.

Meiri samkeppni en vinátta

Hvað með samskipti milli lögmannna, bafa þau breyst mikið?

Gestur: Það var miklu meiri samgangur og persónulegri tengsl milli lögmannna hér áður fyrr enda hefur lögmennskan færst úr því að vera viðfangsefni tiltölulega fárra yfir í að vera allstór atvinnugrein. Samkeppni er miklu betri lýsing á samskiptum lögmannna í dag heldur en vinátta. Þessu

var áður öfugt farið. Í siðareglum lögmannna eru reglur um samskipti lögmannna innbyrðis og reglur um skyldur lögmanns gagnvart skjólstæðingi. Fyrstu árin sem ég þurfti að vinna með siðareglurnar reyndi mikið á reglurnar um samskipti lögmannna innbyrðis. Síðustu ár mín í úrskurðarnefndinni var slíkt undantekning en kjarninn orðinn skyldur lögmanns gagnvart skjólstæðingi.

Jón Steinar: Þetta er rétt og þessi breyting er heilbrigð. Auðvitað er skylda lögmanns fyrst og fremst við skjólstæðinginn. Það má aldrei vera þess háttar samband milli starfandi lögmannna að þeir taki það fram yfir skylduna til að gæta hagsmuna eða réttinda umþjóðenda sinna. Hins vegar er þínulitill missir af þessum mánaðarlega viðburði sem yfirfærsla í Hæstarétti var en þá voru tekin fyrir þau mál sem átti að þingfesta og einnig þau sem ekki hafði verið frestað til málflutnings. Þar komu lögmenn saman og ég reyndi alltaf að mæta því mér fannst gaman að því að hitta hina í vingjarnlegu andrúmslofti.

Ragnar: Lögmenn og dómarar drukku saman kaffi á kaffistofu héraðsdóms niðri á Túngötu og líka á Smiðjustígnum. Þar kynntist maður öllum nýjum dómurum og lögmönnum. Þetta hvarf þegar dómurinn flutti á Lækjartorg. Áður gat ég samið við alla



F.v. Jón Steinar Gunnlaugsson og Ragnar Aðalsteinsson.



Hákón Árnason.

lögmennt í Reykjavík í síma nema einn og ég man að við slepptum einu sinni þremur togurum út af símtali frá lögmanni. Þá fékk ég reyndar bakþanka en það stóð allt sem samið var um. Þetta mundi ekki hvarfla að mér í dag. Allt skjalfest og það er kannski hluti af þessari samkeppni.

Í tjaldi í rjóðri

Er meira álag á lögmönnum í dag en áður? Er vinnutíminn lengri?

Ragnar: Já, þetta er álag sem fylgir tækninni. Ég fór venjulega í tveggja vikna tjaldtúr með allt mitt hafurtask á sumrin og einu sinni var starfsfólk á símsstöð úti á landi látið leita að mér. Það fann mig í tjaldi í rjóðri. Álagið hefur aukist við tölvupóst og farsíma en viðskiptavinir ætlast til að hægt sé að ná í mann hvenær sem er.

Þórunn: Ég er á stórrí lögmennsstofu og það er alltaf hægt að ná í mig, sama hvar í veröldinni ég er stödd. Þannig að ef svo stendur á að ég geti ekki sinnt verkefninu þá eru aðrir til staðar á staðnum sem geta tekið við. Hraðinn er meiri en ekki meira álag.

Gestur: Ætli þetta sé ekki einstaklingsbundið. Sumir hafa meira að gera en aðrir og svo er eðli verkefnanna þannig að sumt getur beðið en annað

ekki. Því meira sem áreitið er þeim mun mikilvægara er að skipuleggja vinnutímum vel. Mér finnst mér ganga betur að skipuleggja vinnutímum nú heldur en áður var. Kannski lærist eitthvað.

Sérhæfing lögmanna

Löggjöfin hefur breyst mikið og nú er orðið miklu meira um tæknilegri útfærslur í lögum. Gerir það kröfu um meiri sérhæfingu meðal lögmanna?

Jón Steinar: Ég hef alltaf lítið svo á að lögmenn sem eru í flutningi dómsmála eigi að vera svokallaðar alætur. Málflutjendur eigi ekki að sérhæfa sig í ákveðnum tegundum mála frekar en ég væri hlynntur því að dómara gerðu það.

Hákón: Þú verður þá að hafa sérfræðing við hlið þér sem undirbýr málið. Ef ég færi að flytja mál í höfundarétti, sem ég hef lítið sinnt, þá þyrfti ég að hafa sérfræðing í þeim málaflokki mér við hlið.

Jón Steinar: Lögfærðin er þannig að almennar reglur, réttarheimildir og beiting þeirra ræður úrslitum mála. Aðferðirnar eru í meginatriðum þær sömu í öllum efnisflokkum mála.

Gestur: Þessi sjónarmið eiga örugglega við um dómara en ég er ekki viss um að þau eigi jafnt við um

lögmennt. Mér líður mjög misjafnlega vel þegar ég er að flytja mál eftir því hvort mér finnst ég hafa fræðin á viðkomandi réttarsviði á valdi mínu. Ekki vegna þess að það breyti miklu um hvernig ég flyt málið heldur vegna þess að í góðum málflutningi þá koma gjarnan spurningar frá dómnum og þær spurningar lúta ekki bara að réttarsfarsatriðum heldur líka efnisatriðum.

Jón Steinar: Þú ert samt að tala við dómara sem er af sömu gerð og þú sjálfur. Dómari sem hlustar á mikinn sérfræðing í máli er kannski ekkert nær um niðurstöðuna. Sérfræði getur stundum orðið of mikil og menn missa sjónar á meginatriðum vegna hennar. Lögmenn og dómara eiga í grunninn að vera „generalistar“, þ.e. sérfræðingar í málflutningi fyrir dómstólum.

Ragnar: Þetta snýst um sönnun og sönnunarmat ekki um sérþekkingu á ákveðnu máli. Maður getur lært heilmikið um þýrlur vegna þýrluslyss sem maður flytur mál um fyrir dómi en það er bara skaðabótaréttur í grunninn. Ný lög koma og til dæmis má nefna málaflokka eins og fjarskiptarétt og samkeppnisrétt. Það er erfitt að fylgjast með öllum breytingum og ég held að það sé útilokað að ráðleggja skjólstæðingum á öllum sviðum.

Gestur: Mér hefur alveg mistekist



F.v. Ingimar Ingason, Ása Ólafsdóttir, Þórunn Guðmundsdóttir, Gestur Jónsson og Hákon Árnason.

að verða alvöru sérfræðingur á einhverju sviði lögfræðinnar. Einu sinni taldi ég mig vera orðinn sérfræðing í verk-takarétti. Hafði flutt stórt mál um uppgjör á stóru verki. Lagðist í mikla rann-sóknarvinnu, las fræðirit og fræðigreinar, kynnti mér dóma og var bara ansi ánægður með mig. Ég sá fyrir mér bjarta framtíð á þessu réttarsviði. Eina vanda-málið var að ekkert mál á þessu sviði rataði til mín næstu tíu árin. Sérfræðin mikla féll því í gleymskunnar dá.

Þórunn: Ég ákvað líka að sérhæfa mig. Ég var að vinna fyrir fullt af sjúkrahúsum úti á landi. Svo fóru þau öll undir ríkið og þar með fékk sá praxis hægt andlát.

Hrunið og réttarkerfið

Nú eru margir með réttarstöðu grunaðra í kjölfar brunsins, í rannsókn sem tekur langan tíma. Kerfi sem var sett til að tryggja þeim rétt er farið að snúast upp í andhverfu sína þannig að menn, sem erum með réttarstöðu grunaðra, eru nánast eins og með dóm á sér í þrjú til fjögur ár eða þangað til ákvörðun hefur verið tekin um hvort þeir verða ákærðir eða ekki. Hvað finnst ykkur um þetta?

Jón Steinar: Það er sjálfsgagt að þeir sem brjóta af sér með refsiverðum hætti

séu dregnir til ábyrgðar. Það er liður í okkar siðmenntaða samfélagi að það sé gert. En um leið er það þýðingarmikið að maðurinn hafi fengið að njóta allra réttinda sem hann á að njóta á meðan málsmeðferð stendur. Það er eins og sumir haldi það að sé hægt að beita manninn hörðu í leiðinni sé það til bóta. Almennigur á Íslandi heimtar blóð. Menn verða hins vegar að skilja að njóti sakaðir menn ekki alls þess réttar sem þeim ber er það þjóðfélaginu til minnkunar.

Ragnar: Það er vonlaust fyrir verjendur þessara manna að vinna sjálfir að því að koma upplýsingum til almennings og því verðum við að hafa sterkt lögmannafélag. Þetta hefur LMFÍ ekki verið nógu nærri duglegt að gera.

Gestur: Sú hugsun að bregðast við sérstöku áfalli í samfélaginu með því að gera breytingar á réttarkerfinu felur í mínum huga í sér mikla hættu. Aldrei er mikilvægara að standa fast á grundvallarreglunum en þegar á móti blæs. Að setja upp sérstakt saksóknaraembætti til þess að leita að glæpamönnum, breyta yfirheyrsluáðferðum og vinnubrögðum, ég hef áhyggjur af því. Krafan um svokallaðan árangur skapar hættulega pressu á þá sem eru í forsvari fyrir þetta embætti.

Þórunn: Rannsóknaraðgerðir sérstaks saksóknara eru nánast í beinni útsendingu, það er allt strax komið inn á netmiðlana og fjölmiðlar eru komnir með refsivald.

Ragnar: Óhjákvæmilegt er að leita sannleikans um orsakir bankahrunsins. Er hægt að komast að sannleikanum með einhverju öðru móti en opinberri rannsókn? Hvert barn getur séð hvað var að gerast héra árin 2006-2007. Verði á hlutabréfum bankanna var haldið uppi og þeir menn sem að því stóðu eru þegar búnir að bera sig saman hafi þeir ætlað að gera það á annað bord. Sönnunargögnin eru í skriflegum gögnum.

Jón Steinar: Umfjöllun fjölmiða um dómsmál hefur gjörbreytst. Ég man þegar það var einn útvarpsþáttur á viku þar sem hæstaréttarritari sagði frá einu dómsmáli hvert sinn. Núna eru fjölmiðlar uppfullir af frásögnum af dómsmálum dag eftir dag og starfandi lögmenn mættu oft vera duglegri við að leiðrétta það sem kemur fram. Ég skrifaði til dæmis oft af slíku tilefni stutta greinarstúfa í blöðin þegar ég var í lögmennsku og almenningur les slíkar greinar.

Gestur: Ég er sammála þessu. Það er ljóður á okkar ráði hversu tregir

lögmenntu eru að blanda sér í umræðuna um dómsmál. Best er þegar lögmenntu láta frá sér stuttar greinar um einstök mál. Tjáning í formi viðtala skilar því miður sjaldnast árangri. Krafa er um stutt og helst litrík svör og þá gerist það oftast en ekki að merkingin brenglast. Sú þróun sem ég hef mestar áhyggjur af í réttarkerfinu er þessi tilhneiging að gera málin svo stór að enginn sem að þeim kemur ræður við að fara í gegnum þau. Gögn í mörgum málum eru mörg þúsund blaðsíður og það er engin leið til þess fyrir dómara og málflytjendur að lesa af neinu viti öll gögnin hvað þá að reifa þýðingu þeirra í málflutningi fyrir dómi. Ég fullyrði að tugir mála fara í gegnum dómkerfið án þess að dómara eða sakflytjendur hafi náð að lesa öll gögn málsins. Við verðum að bregðast við þessari öfugþróun með einhverjum hætti.

Þórunn: Dæmi um þetta er rannsókn hjá sérstökum saksóknara. Þar er allt tekið upp á band. Ég var þar með skjólstæðingi í þrjú daga í röð um daginn og mér varð hugsað til þess hversu langt þetta yrði þegar búið væri að vélrita málið upp. Svo þarf að yfirheyra alla aftur fyrir dómi - ef málin fara á annað borð fyrir dóm. Magn málsskjala verður ógnvænlegt.

Fjölgun í lögmannastétt

Í lokin, fjöldi lögmannna hefur vaxið gríðarlega og nú eru 950 félagsmenn í LMFÍ. Teljið þið að það sé rými fyrir slíkan fjölda lögmannna?

Jón Steinar: Lögmannsstörfin í dag eru miklu meira en að flytja mál fyrir dómstólum. Sennilega er málflutningur hlutfallslega lítill hluti af heildarstörfum lögmannna.

Gestur: Ég efast um að þörf sé fyrir

Heiðursfélagar LMFÍ

Ár	Nafn
1951	Sveinn Björnsson, forseti Íslands (1881-1952)
1951	Lárus Fjeldsted, lögmaður (1879-1964)
1961	Lárus Jóhannesson hæstaréttardómari (1898-1977)
1971	Einar Baldvin Guðmundsson (1903-1974)
1971	Sveinbjörn Jónsson (1894-1979)
1971	Theodór Línal (1898-1975)
1979	Rannveig Þorsteinsdóttir (1904-1987)
1986	Ágúst Fjeldsted (1916-1992)
1986	Egill Sigurgeirsson (1910-1996)
1996	Guðmundur Pétursson (1917-2009)
1996	Sveinn Snorrason (f. 1925)
2000	Guðmundur Ingvi Sigurðsson (1922-2011)
2002	Árni Guðjónsson, hrl. (1928-2003)
2002	Jón Finnsson, hrl. (f. 1926)
2011	Gestur Jónsson, hrl. (f. 1950)
2011	Hákon Árnason, hrl. (f. 1939)
2011	Jón Steinar Gunnlaugsson, hæstaréttardómari (f.1947)
2011	Ragnar Aðalsteinsson, hrl. (f. 1935)
2011	Þórunn Guðmundsdóttir, hrl. (f. 1957)

1000 manns til þess að sinna hefðbundnum lögmannsstörfum. Ég held þessi mikla fjölgun sé ekki af hinu góða. Sjálf sagt munu margir með lögmannsréttindi verða að leita á önnur mið.

Þórunn: Mér finnst algengara en það var að menn séu að stofna lögmannsstofu beint frá prófborðinu.

Hákon: Ég tel að markaðurinn sé þegar orðinn mettaður og rúmlega það, hvað varðar fjölda praktíserandi lögmannna og að það stefni í atvinnuleysi með þessu áframhaldi, ef ekki er þegar farið að bera á því. Þá blasir við að fjórar lagadeildir, sem hver um sig útskrifar lögfræðinga í tugatali á hverju

ári, er allt of mikið og fyrirsjáanlegt að ekki muni nema hluti þeirra geta fengið fengið störf á sviði lögfræðinnar.

Ragnar: Lögmenntu hafa átt nokkuð annríkt undanfarin ár einkum vegna áfalla í efnahagslífinu og þeim hefur fjölgað allnokkuð. Fjölgunin á sér einnig rót í fjölgun lagaskóla og þar af leiðandi fjölgun lögfræðinga, sem ekki fá allir störf við hæfi. Þegar rofa tekur og eðlilegt ástand kemst á er líklegt að fækka muni í hópi lögmannna.

Brot úr sögu félags



Útgáfumál: Að eiga vekjara í sem flestum greinum

Útgáfa tímarits um lögfræði hófst 14 árum áður en Málflutningsmannafélag Íslands var stofnað, árið 1897, er tímarit sem bar nafnið Lögfræðingur hóf göngu sína. Að útgáfunni stóð Páll Briem en ritið bar undirtilinn Tímarit um lögfræði, lögjafarmál og þjóðhagsfræði. Tímarit Páls kom út í alls fimm ár, til ársins 1901.

Málflutningsmannafélag Íslands var ungt að árum þegar byrjað var að ræða útgáfu sérstaks lögfræðirit. Á fundi árið 1918 ræddi Ólafur Lárússon, síðar prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, um að félagið stofnaði eða stýddi við útgáfu lögfræðiritis en ekkert varð að því að sinni.

Ekki er að sjá að Málflutningsmannafélag Íslands hafi átt þátt í útgáfu Tímarits lögfræðinga og hagfræðinga sem kom fyrst út árið 1922. Félag hafði verið stofnað um útgáfuna en í stjórn þess voru lögfræðingarnir Lárus H. Bjarnason og Ólafur Lárússon. Í formála

ritsins segir að engri þjóð væri jafn áriðandi og Íslendingum að eiga vekjara í sem flestum greinum vegna fjarlægðar landsins frá menningarlöndum, fámennis og frumbýlingsháttar. Ritið kom út ársfjórðungslega og átti að flytja frumsamdar fræðigreinar, ritdóma og fagnýjungar frá útlöndum, taka þátt í umræðum um löggjöf og lagaframkvæmdir. Tímaritið varð ekki langlíf en einungis tveir árgangar voru gefnir út af því, sjö hefti alls.

Ekki vansalaust af íslenskum lögfræðingum

Þótt minnst væri á útgáfumál á fundum félagsins a.m.k. tvisvar á fjórða áratugnum og stofnuð nefnd til að kanna grundvöll að útgáfu blaðs varð það ekki fyrr en árið 1950 sem aðalfundur LMFÍ fól stjórn að hefja útgáfu lögfræðitímarits svo fljótt sem verða mætti. Einar Arnórsson varð ritstjóri og í ritnefnd voru dr. Ólafur Lárússon prófessor, Árni Tryggvason hæstaréttardómari og Theodór B. Líndal hrl. Þann 1. apríl 1951

kom Tímarit lögfræðinga út í fyrsta skipti og í formála sem stjórnarmenn LMFÍ skrifuðu segir það varla geta talist vansalaust af íslenskum lögfræðingum að hafa ekki fyrir löngu stofnað tímarit um lögfræðileg efni. Hét stjórnin á alla lögfræðinga að slá skjaldborg um ritið. LMFÍ stóð að útgáfu Tímarits lögfræðinga þangað til 1960 en þar sem Lögfræðingafélag Íslands hafði verið stofnað árið 1958 þótti eðlilegt að allsherjafélag lögfræðinga tæki við útgáfunni.

MEÐ EINU M

Einu sinni var Kristján Stefánsson að verja mann sem ákærður var fyrir að hafa falsað ógrynni af ávísunum. Þar sem ávísanirnar voru flestar upp á fimm og fimmtán þúsund krónur en upphæðirnar aðeins skrifadar með einu m-i þá var vörn Kristjáns sú að skjólstaðingur hans væri miklu betri í stafsetningu en þetta.

MÓTFRAMBOÐIÐ SEM MISHEPPNAÐIST

Fyrir aðalfund árið 1977 höfðu nokkrir félagar ákveðið í prakkaraskap að koma með framboð til formanns á móti Guðjóni Steingrímssyni. Benedikt Blöndal var fundarstjóri og vissi af þessum fyrirætlunum og að það væri í verkahring Sigurðar Georgssonar að stinga upp á manninum. Þegar verið var að ræða skýrslu stjórnar brá Sigurður sér á barinn til að fá sér í glas og þegar Benedikt sá hann hverfa úr salnum sagði hann umræðum um skýrslu stjórnar lokið, tilkynnti stjórnarkjör, óskaði eftir mótframboðum og lét kjósa. Þegar Sigurður kom aftur af barnum var stjórnarkjörinu búið.²⁸



1976-1977 F.v. Brynjólfur Kjartansson meðstjórnandi, Jón Finnsson varaformaður, Guðjón Steingrímsson formaður, Hjalti Steinþórsson ritari og Gylfi Thorlacius gjaldkeri.

Stéttarblað starfandi lögmanna með „juridískt“ léttmeti

Afhending Tímarits lögfræðinga til Lögfræðingafélagsins mætti nokkurri andstöðu innan LMFÍ og því var félagsmönnum Lögmannafélagsins tryggður forgangsadgangur að plássi fyrir ritgerðir og stjórn félagsins lofaði að styrkja ritið á allan hátt. Jafnframt var ákveðið að félagið færi í blaðaútgáfu og var ritnefnd kjörin á aðalfundi 1960. Í henni voru Benedikt Sigurjónsson hrl., Sigurgeir Sigurjónsson hrl. og Þorvaldur Ari Arason hrl. og í febrúar 1963 hóf BLAÐ LÖGMANNA göngu sína. Var því ætlað að koma út fjórum sinnum á ári en í inngangi, sem hét því skemmtilega nafni „Að heiman riðið“, segir að því væri fyrst og fremst ætlað að vera stéttarblað starfandi lögmanna og málsvari þeirra. Í því ættu að birtast stuttar greinar lögfræðilegs efnis, ritdómar um lögfræðirit, skrif um dóma og lagasetningar: „Einnig mun það flytja juridískt léttmeti, gamansögur um lögfræði og lögfræðinga. ... Mun reynt að raða efni þess það myndrænt niður, að lestur þess þreyti ekki lesandann, jafnvel þótt hann hafi átt erilsaman starfsdag.“ Einungis fjögur hefti komu út af Blaði lögmanna á tveimur árum.

Lögmannablaðið hefur göngu sína í kringum 1970 var gefið út Félagsblað LMFÍ sem var fjölrítað fréttabréf og frá

1981 hóf Fréttabréf LMFÍ göngu sína. Árið 1995 kom fyrsta hefti út af Lögmanna-bláinu en því var ætlað að vera vettvangur stjórnar Lögmannafélagsins sem og lögmanna til að fjalla um störf sín, réttindi og skyldur. Í fyrstu ritnefnd voru Ástráður Haraldsson hrl., Jón G. Briem hrl. og Sif Konráðsdóttir

hrl. „Með stækkun félagsins undanfarin ár, auknum umsvifum og sífellt fjölbreyttari verkefnum er ekki óeðlilegt að félagið eignist veglegan vettvang til umfjöllunar um innri málefni þess.“ segir Marteinn Mátsson fyrsti ritstjóri blaðsins í inngangi. Lögmanna-bláðið hefur síðan verið gefið út á vegum félagsins.²⁵



Golfmót LMFÍ eru ávallt opin fyrir aðra lögfræðinga. Á myndinni eru þátttakendur minningarmóts um Guðmund Markússon og Ólaf Axles 2005.

Golfmót

Fyrsta golfmót LMFÍ var haldið sumarið 1984 og hefur golfíþróttin allar götur síðan notið mikillar hylli hjá félagsmönnum LMFÍ. Auk þess að halda meistaramót árlega eru nú haldin minningarmót um lögmennina Guðmund Markússon og Ólaf Axelsson auk golfkeppna við þrjár aðrar starfsstéttir; tannlækna, lækna og endurskoðendur.²⁷

Brot úr sögu félags



Sigurvegjarar á fyrsta fótboldamóti LMFÍ utanhúss var lið Jóns Steinars Gunnlaugssonar, Reynsla og léttleiki. Efri röð f.v. Bjarki Diego, Jón Ármann Guðjónsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Jón Steinar Gunnlaugsson og Ragnar Baldursson. Neðri röð f.v.: Ásgeir Ragnarsson, Jónas Þór Guðmundsson og Jóhannes Bjarni Björnsson.

Knattspyrnuíðkan lögmanna: Nú gengr maðr til leiks ...

Vorið 1995 var í fyrsta skipti haldið knattspyrnumót á vegum LMFÍ. Fyrir því stóðu ungir og upprennandi lög-

menn en þeir fengu Þórunni Guðmundsdóttur hrl., formann félagsins, til að vera verndara mótsins. Þar sem kappsamir lögmenn voru vanari að takast á í réttarsalnum en íþróttasalnum var ákveðið að útbúa reglur fyrir mótin. Í þeim var til dæmis bannað að gefa þung högg undir kjálkastað og yngri og léttari leikmönnum bar að sýna eldri og þyngri leikmönnum tilhlýðilega virðingu. Ákvæði 13. kap. Jónsbókar um váðaverk giltu einnig á mótunum en þar segir: „Nú gengr maðr til leiks, fangs eða skinndráttar at vilja sínum, þá ábyrgist hann sik sjálfr at öllu, þó at hann fái mein eða skaða af ...“.

Jafnframt var stofnuð kæruneftnd sem kennd var við Þórunni og Marteín Mátsson sem var framkvæmdastjóri félagsins á þessum tíma. Kæruneftnd Teina og Tótu starfar enn þann dag í dag en hún hefur aðeins einu sinni komið saman, á haustmóti félagsins 1997. Fram að því höfðu liðin Reynsla og léttleiki og Grínarafélagið skipst á að vinna inni- og útimótin sem haldin höfðu verið en mikill rígur var á milli liðanna. Lið Reynslu og léttleika var leitt

af Jóni Steinari Gunnlaugssyni en Jón Steinar (reynslan) safnaði að sér 25-27 ára gömlum hlaupagikkjum (léttleikinn) og stóð svo alla leikina á markalínunni og öskraði: „Hingað með boltann“. Gikkirnir voru út um allan völl að sækja boltann, gáfu hann svo á Jón Steinar sem þrusaði honum í markið. Þessi leikaðferð gafst mjög vel og Jón Steinar var með markahæstu mönnum. Á haustmótinu 1997 sigraði lið Grínarafélagsins en eftir mótið uppgötvaði Jón Steinar að Steinar Þór Guðgeirsson landsliðsmaður í fótbolta var í því. Steinar Þór hafði lokið laganámi en átti að útskrifast formlega í lok október. Jón Steinar taldi að þar með væri Steinar Þór ekki löglegur leikmaður og krafðist þess að titillinn væri hirtur af vinningsliðinu og afhentur Reynslu og léttleika sem var í öðru sæti. Kæruneftndin tók kærana ekki til greina og lét úrslitin standa rökstuðningslaust, enda telur kæruneftndin að hún megi taka geðþóttaákvæðanir. Þess má geta að knattspyrnumót LMFÍ hafa verið haldin árlega síðan og stundum tvisvar á ári.²⁹

Greinargerð frá Jóni Steinari Gunnlaugssyni

Það er rétt sem fram kemur að lið mitt og félagi minna Reynsla og léttleiki hafði verið afar sigursælt í inni- og útimótum félagsins alveg frá því að knattspyrnumótin höfust. Við unnum þau flest. Þeir sem helst öttu við okkur kappi nefndu sig Grínarafélagið. Þótt þeir þyrftu yfirleitt að láta í minni pokann í boltanum voru þeir samt betri í fótbolta en gríni. Ein af fjölþættum ástæðunum fyrir sigurgöngu okkar liðs var sá eiginleiki fremsta framherjans í liðinu að skora mörk. Það eru nefnilega þau sem telja í boltanum. Húmoristarnir réðu illa við framherjann

og skoraði hann grimmt. Kannski áttu þessir kappar erfitt með að sætta sig við þetta því framherjinn var nokkru eldri en þeir og farinn að auka við sig á vigtinni. Var þá stundum gripið til þess ráðs að verjast með munnlegum málflutningi eftirá eins og lögmanna er siður. Þá var til dæmis sagt að framherjinn stæði við markstöng hjá andstæðingunum og sæi bara um að yta boltanum yfir línuna þegar félagar hans hefðu komið boltanum til hans. Skrítið að ráða ekkert við svona leikmann!

Um knattspyrnumót lögmanna giltu reglur eins og um önnur mót. Þar var

meðal annars tekið fram að þátttökurétt í mótinu hefðu allir lögfræðingar. Þetta haust lá Grínurum svo mikið á að vinna RL að þeir munstruðu upp úrvalsdeildarleikmann í liðið og sigruðu mótið. Í ljós kom að þessi leikmaður var ekki orðinn lögfræðingur og því ekki gjaldgengur til þátttöku. Það lýsir ákveðinni örvæntingu að geta ekki leikið leikinn eftir reglunum, eða hvað? Ég vakti máls á þessu við þá sem fyrir þessu stóðu. Aldrei gerði ég samt kröfu um að hinir fyndnu yrðu sviptir sigurlaunum. Til þess voru þeir of fyndnir.

ÞJÓÐFÉLAGIÐ BREYST ÚR EINHÆFU BÆNDA- OG FISKIMANNASAMFÉLAGI

„Á þeim 75 árum sem liðin eru frá stofnun Lögmannafélagsins þá hefur orðið mesta breyting í þjóðfélaginu sjálfu í sögu þess. Auk sjálfstæðisbáttunnar sem farsælega var til lykta leidd hefur þjóðfélagið breyst úr einhæfu bænda- og fiskimannasamfélagi í margslungið velferðarþjóðfélag. Breytingum þessum eða byltingu hefur fylgt margvíslegu vandi. Löggjafinn hefur að sínu leyti leitast við að leysa þann vanda með stöðugt vaxandi fjölda flókinna lagaboða og banna. Orkar stundum tvímælis um hvernig til hefur tekist. Öll þessi lagaboð varða réttindi og skyldur þegnanna og er ætlað að vera leiðbeinandi leikreglur í skiptum þeirra hver við annan og gagnvart ríkisvaldinu.“

Sveinn Snorrason formaður LMFÍ á 75 ára afmæli félagsins 1986.³⁵

63. gr. hljóðar svo:
Lögildir málflytningarmenn skulu velja sér úr sínum hópi þrjú fulltrúa til að koma fram fyrir hönd sína og stéttararæða sína gagnvart dómurum og stjórnarvöldum í íslömu, er stéttina varða. Dómsmálaráðuneytið setur reglu um kjör fulltrúa og gerði þeirra á málum stéttarinnar, í samræði við einn eða þrjú lögilla málflytningarmenn eða stjórn félags þeirra, ef slíkur félagsskapur kynnir að verða stofnaður áður en reglu þessar yrðu settar.
Stjórnendur félagskapa löggiltra málflytningarmanna geta veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á bendur allt að 100 króna sekt til félagsjóða fyrir framferði í starfi þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið. Bætt er aðilja að bera slíkt mál undir félagsfund, er úrskurðar málið til fullnaðar.

Eftirlits- og agavald félagsins

Málflytningarmannafélags Íslands var fyrst getið í lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þá var gátu stjórnendur félagsskapa löggiltra málflytningarmanna áminnt félagsmenn og sektað fyrir framferði sem telja mátti stéttinni ósamboðið. Hert var á reglum um eftirlits- og agavald félagsins með lögum nr. 61/1942 og var þá lögmönnum enn fremur gert skylt að hafa með sér félag. Þar segir að stjórn félags héraðs-dóms- og hæstaréttarlögmanna beri að hafa eftirlit með að félagsmenn fari að lögum og ræki skyldur sínar með trúmennsku og samviskusemi. Enn fremur hefði stjórn félagsins úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflytningstarf ef ágreiningur væri borinn undir hana. Upp frá því varð það hlutverk félagsins að hafa eftirlits- og agavald með lögmönnum einna fyrirferðarmest á fundum stjórna félagsins og sem dæmi má nefna þá tók stjórn fyrir alls 22 mál starfsárið 1957-1958 og 42 kærur starfsárið 1989-1990.

Með lögum um lögmenn nr. 77/1998 var eftirlits- og agavaldið falin sérstakri fimm manna úrskurðarnefnd þar sem tveir nefndarmenn voru kosnir af lögmannafélaginu, einn af dómarafélagi Íslands, einn af dómsmálaráðherra og einn af Hæstarétti.³²

Styrktarsjóður lögmanna

Snemma komu upp hugmyndir um að stofna sérstakan styrktarsjóð lögmanna og aðstandenda þeirra. Var það gert árið 1931 en tilgangur sjóðsins var að styrkja málflytningarmenn sem verið höfðu félagsmenn eða fjölskyldur þeirra til að bæta úr alls konar fjárhagsvandadræðum og vegna náms eða annars undirbúnings unglunga undir lífsstarfið. Fyrstu styrkirnir voru greiddir úr sjóðnum vorið 1940. Með lögum um

málflytjendur nr. 61/1942 voru tekjur sjóðsins ákvarðaðar sektir sem stjórn lögmannafélagsins gat skikkað lögmenn til að greiða fyrir framferði í starfi og væri stéttinni ósamboðið. Sjóðurinn varð aldrei öflugur en síðast var veittur styrkur úr honum árið 1995. Þá var ekkju látins félagsmanns veittur styrkur en þar sem sjóðurinn var tómur varð að færa fjármuni úr félagssjóði í þessu skyni. Sjóðurinn var formlega lagður niður árið 1998 þegar nýjar samþykktir voru gerðar fyrir félagið.⁷⁶



Sumarhús LMFÍ

Árið 1977 keypti LMFÍ sumarhús til afnota fyrir félagsmenn sína. Bústaðurinn var afar vel nýttur og því var ákveðið að kaupa annað hús á sama stað árið 1984. Á tíunda áratugnum fór aðsókn minnkandi og var ástæðan meðal annars vegna þess að sífellt fleiri lögmenn eignuðust sína eigin bústaði. Ákveðið var að selja annan bústaðinn árið 1996 og fjórum árum síðar var seinni bústaður félagsins seldur. Lögmenn á palli sumarhúss félagsins skömmu eftir kaup á honum árið 1977. Frá vinstri talið í fremri röð: Páll Arnór Pálsson, Gylfi Thorlacius, Páll S. Pálsson og Stefán Pálsson. Aftari röð: Hákon Árnason, Kristinn Sigurjónsson, Kristján Stefánsson, Sigurður Ólason, Ingi R. Helgason, Sigurður Georgsson, Guðjón Steingrímsson og Ágúst Fjeldsted.³³

Brot úr sögu félags



Stjórn LMFÍ 1992-1993 að störfum

F.v. Óskar Magnússon varaformaður, Sigurður G. Guðjónsson ritari, Ragnar Aðalsteinsson formaður, Marteinn Másson framkvæmdastjóri, Andri Árnason meðstjórnandi og Ásdís J. Rafnar gjaldkeri.

Kæru- og ágreiningsmál baggi á stjórn

Starfsárið 1992-1993 hélt stjórn LMFÍ 38 fundi þar sem teknir hefðu verið til umfjöllunar 413 dagskrárliðir. Alls bárust stjórn 58 kæru- og ágreiningsmál og afgreiddi hún auk þess 16 mál sem bárust fyrir aðalfundinn 1992. Slíkum málum hafði fjölgað ár frá ári og voru orðin baggi á stjórninni sem og á starfsemi í heild. Með stofnun úrskurðarnefndar lögmanna árið 1998 gjörbreyttust stjórnarfundir í lögmannafélaginu og voru stjórnarmenn því fegnir að þessi „kaleikur“ var frá þeim tekinn svo þeir gætu sinnt félags- og réttindamálum lögmanna.³¹

ÞETTA ER VINUR MINN!

Lalli Johns var fastagestur inni í sakadómi þegar hann var og hét. Sakadómur var til húsa í Borgartúni og einu sinni þegar Helgi I. Jónsson, þá dómarafulltrúi, var á heimleið úr vinnu að kvöldlagi umkringdu hann nokkrir vafasamir menn og gerðu sig líklega til atlögu. Helgi, sem æfði kraftlyftingar, setti sig í stellingar en þá steig Lalli fram og sagði: -Strákar, þennan mann látið þið í friði, þetta er vinur minn! Félagarnir báru greinilega mikla virðingu fyrir Lalla og hlýddu honum umyrðalaust.

Úr skýrslu stjórnar 1956

„Kæru og ágreiningsmál, er stjórninni bárust, voru samtals 7. Af þeim voru 3 ágreiningsmál um þóknun fyrir málflytningu- og lögfræðistörf, og var eitt þeirra úrskurðað, en sætt varð í tveim.“



Sveinn Snorrason formaður afhendir Ágústi Fjeldsted og Agli Sigurgeirssyni heiðurskjöl.

75 ára afmæli LMFÍ

Þegar LMFÍ varð 75 ára hinn 11. desember 1986 var þess minnst með sérstakri hátíðarsamkomu og síðdegishófi á Hótel Sögu. Á hátíðarsamkomunni var lýst kjöri tveggja heiðursfélaga, þeirra Ágústs Fjeldsted hrl. og Egils Sigurgeirssonar hrl. en báðir höfðu innt af hendi störf í þágu félagsins um langt árabil.³⁴

LMFÍ 80 ÁRA: ÞAÐ SEM SKILUR LÖGMANN FRÁ ÖÐRUM SÉRFRÆÐINGUM

Í tilefni 80 ára afmæli LMFÍ var Gestur Jónsson formaður beðinn um að lýsa í stuttu máli starfsumhverfi lögmanna í viðtali við Morgunblaðið.

„Störf lögmanna snerta nánast öll mannleg samskipti,“ segir Gestur Jónsson. „Sá þáttur sem mest áberandi er út á við, málflutningur fyrir dómstólunum, er aðeins hluti af lögmannsstörfunum. Miklu tímafreakari er ýmis konar aðstoð sem veitt er fyrirtækjum og einstaklingum vegna fjárhagsmála. Við viljum líta svo á að það sem skilur lögmann frá flestum öðrum sérfræðingum sé að lögmaðurinn á ekki að vera háður í sínu starfi neinum öðrum en skjólstæðingi sínum. Hann er að vinna fyrir hann og hann einan. Lögmaðurinn er málsvari aðila að deilumáli en hann er ekki að vinna í eigin þágu.“³⁷



F.v. Erla Árnadóttir, Eyrún Ingadóttir, Heimir Örn Herbertsson, Kristín Steinarsdóttir, Guðný Björnsdóttir, Sigurbjörn Magnússon, Helgi Sigurðsson, Edda Sigrún Ólafsdóttir, Helgi Jóhannesson, Karl Axelsson, Edda Andradóttir, Garðar Gíslason og Þórunn Guðmundsdóttir.

Námsferðir LMFÍ

Annað hvert ár stendur félagsdeild LMFÍ fyrir námsferðum og var fyrsta ferðin var farin til Kaupmannahafnar vorið 1982. Skömmu áður höfðu dómara efnt til námsferðar þangað og Ágúst Fjeldsted hrl. kom þeirri hugmynd á framfæri við félagið að það stæði fyrir sams konar ferð. Eftir að könnun hafði verið gerð á áhuga félagsmanna var ferðin skipulögð með aðstoð Lögmannafélagsins í Danmörku og í mars fóru 35 lögmenn ásamt 12 mökum til Kaupmannahafnar.

Hópurinn fór í Köbenhavns byret, hitti forsvarsmenn danska lögmannafélagsins, var viðstaddur réttarhald hjá Eystri Landsrétti og heimsótti eina af stærstu lögmannsstofum Danmerkur. Þar dáðust menn að nýjasta tækniundrinu sem var Telefaxtæki og tölvuvæðingu stofunnar á sviði ritvinnslu en ferðalöngum var tjáð að hún sparaði mikinn tíma. Í lokin fór hópurinn í heimsókn í nýstofnaðan tölvubanka í Valby sem geymdi flestar þær upplýsingar sem finna mátti á sviði skattamála. Öllum var heimilt að afla

sér upplýsinga þar gegn greiðslu gjalds en þurftu þá að setja sig í samband við bankann með skermi og símalínu. Hópnum var síðan boðið til sendiherrahjóna Íslands í Danmörku en ferðin heppnaðist afar vel og voru þátttakendur sammála um að svona ferðir þyrftu að vera fastir liðir í starfsemi félagsins.


Árið 1983 var farið til Washington og New York, 1984 til London og 1985 til Ísrael. Síðan árið 1999 hefur verið farið í námsferðir annað hvert ár.³⁸



Í maí 1983 fór 35 manna hópur lögmanna og maka í námsferð til New York og Washington. Hópurinn heimsótti Hæstarétt Bandaríkjanna, alríkisáfrýjunardómstól, skrifstofur bandarísku lögmannaamtakanna í Washington, lögmannsstofur og dómstóla. Á myndinni eru f.v. Hafþór Ingi Jónsson framkvæmdastjóri LMFÍ, Ólafur Axelsson, Ólafur Gústafsson og Jón Steinar Gunnlaugsson formaður LMFÍ fyrir framan minnismerki um Abraham Lincoln í Washington.³⁶

HAFÐI SAMT RÉTT FYRIR MÉR

Einu sinni dæmði Markús Sigurbjörnsson í máli sem Örn Clausen hafði flutt sem fór á annan veg en Örn taldi rétt. Löngu síðar voru þeir báðir staddir í verslun ÁTVR við Lindargötu og voru á leið út þegar Örn sagði skyndilega: - En ég hafði samt rétt fyrir mér!



Stefnt til staupaþings í tilefni afmælis félagsins árið 1971.

Brot úr sögu félags



FRAMLIDNIR Á SKIPTAFUNDI

Þegar Einar Gautur Steingrímsson var nýorðinn lögmaður fékk hann þann starfa að gæta hagsmuna manns við skipti dánarbús foreldra hans en miklar deilur höfðu verið milli afkomenda um margra ára skeið. Í fjölskyldunni voru þekktir miðlar og svo bar við að það þurfti að taka tillit til jafnt lifenda sem dauðra við dánarbússkiptin. Er sagt að þegar Einar Gautur hafi verið orðinn þreyttur á karki systkinanna á skiptafundi þá hafi hann brugðið sér í næsta herbergi til að ræða við framlidna ættingja og þannig tekist að klára málið. Sagt er að annar lögmaður, sem hafði verið að funda með einum erfingjanna, hafi þurft að bíða eftir öðrum fundarmanni sem var látinn. Hann mætti kl. 15:00 og þá hófst fundurinn.

Tólf sæmdir gullmerki á 90 ára afmæli LMFÍ

Í tilefni 90 ára afmælis LMFÍ var haldið veglegt afmælishöf þar sem á fjórða hundrað gestir mættu. Tólf fyrrverandi formenn félagsins voru sæmdir gullmerki auk Jóns Thors, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sem fékk merkið fyrir áralangt samstarf sem tengiliður félagsins við ráðuneytið. Neðri

röð f.v.: Þorsteinn Júlíusson, Jóhann H. Níelsson, Guðmundur Ingvi Sigurðsson, Jón Steinar Gunnlaugsson og Helgi V. Jónsson. Efri röð f.v.: Jón Thors, Þórunn Guðmundsdóttir, Sigurmar K. Albertsson, Gestur Jónsson, Jakob R. Möller, Hákon Árnason og Ragnar Aðalsteinsson. Á myndina vantar Svein Snorrason.⁴⁰

Draumur um lögmannahús

Fundur Málflutningsmannafélags Íslands voru til að byrja með haldnir í samkomusölum í bænum og var stofnfundurinn t.a.m. haldinn á Hótel Reykjavík. Stjórnarfundir voru yfirleitt haldnir á skrifstofu formanns, stjórnarmanns eða á heimili einhvers þeirra en fyrst var farið að ræða um að finna félaginu fastan samastað á stjórnarfundum 1937. Lögmenn ræddu um sérstakt lögmannahús þar sem félagið hefði aðsetur og starfandi lögmenn gætu einnig haft skrifstofur. Í fyrsta hefti Blaðs lögmanna

1963 var þessari hugmynd varpað fram enn á ný og sá greinarhöfundur, Þorvaldur Ari Arason, fyrir sér að þar gætu verið traustar skjalageymslur, sameiginleg símaþjónusta, vél- og fjölrítun sem og ljósmyndun.

Á síðari hluta 6. áratugarins fékk Lögmannafélagið afnot af skrifstofu að Garðastræti 17, Reykjavík en árið 1965 var keypt húsnæði undir starfseminu að Óðinsgötu 4. Skrifstofa félagsins var þar til húsa til ársins 1981 er núverandi húsnæði að Álftamýri 9 var keypt. Til



að byrja með var félagið með starfsemi sína á fyrstu hæð en leigði aðra hæð út. Fljótlega var kjallarinn innréttaður undir félagsstarfsemi og minni fundi. Um miðjan tíunda áratuginn var farið í endurbætur á húsnæðinu og skrifstofan flutt á aðra hæð og sérstakur kennslusalur innréttaður á neðri hæð.⁴⁵

LMFÍ 90 ÁRA: LITIÐ FRAM Á VEGINN



„En lítum fram á veginn og metum stöðu og tækifæri lögmanna. Ég tel ólíklegt að lögmansstofum eigi eftir að fjölga þótt lögmönnum fjölgi. Þar komi til bæði sameining lögmansstofa og að fjölgun í lögmansstéttinni verði aðallega hjá stærri lögmansstofum. Sérhæfing lögmanna muni aukast með flóknara lagaumhverfi og líklegra sé að sú sérhæfing gerist á stærri stofum fremur en hjá einyrkjum. Þá er líklegt að aukin erlend samskipti eigi eftir að færa lögmönnum tækifæri, einkum þeim sem búa yfir færni í ensku lagamáli og hafa þökkalega þekkingu á umhverfi viðskipta- og fjármálastofnana.“

Ásgeir Thoroddsen formaður LMFÍ á 90 ára afmæli félagsins.⁴¹



Stjórn LMFÍ 1994-1995

F.v. Ragnar Aðalsteinsson formaður, Ingólfur Hjartarson varaformaður, Lárus L. Blöndal meðstjórnandi, Ásgeir Magnússon, gjaldkeri, Guðni Á. Haraldsson ritari og Marteinn Másson framkvæmdastjóri.

Deilur um hlutverk LMFÍ

Á aðalfundi LMFÍ árið 1995 kom fram ályktun átta lögmanna um að aðalfundur teldi það ekki samrýmast eðli og tilgangi félagsins, þar sem lög kvæðu á um skylduáðild, að það tæki þátt í starfsemi félagasamtaka um þjóðfélagsmál né heldur að gefnar væru út álytsgerðir, umsagnir eða ályktanir þar sem pólitísk

afstaða væri tekin í nafni félagsins í umdeildum þjóðfélagsmálum. Því ætti að hætta aðild félagsins að Mannréttindaskrifstofu Íslands og að stjórn félagsins gætti þess framvegis að ekki væru gefnar út pólitískar ályktanir í nafni þess. Miklar umræður urðu um ályktunina sem var á endanum samþykkt með 73 atkvæðum gegn.⁴³

Í ÞESSU DJOBBI



„Annað hvort er lögmaður að hjálpa mönnum eða hann er ekki í þessu djóbbi. hann má ekki fara eftir því hvað honum finnst frekar en dómari. Lögmaður verður að hjálpa skjólstæðingnum á allan hátt, hann er eiðsvarinn til þess.“

Örn Clausen hrl. í Lögmannablaðinu 2005.⁴⁴



Skák og bridge

Margir af bestu skákmönnum þjóðarinnar í gegnum tíðina hafa verið félagar í Lögmannafélaginu og áður fyrir voru skákmót haldin reglulega. Mörður lögmaður hefur ekki látið sig vanta á þau frekar en á aðra viðburði. Hann sést hér til vinstri á minningarmóti um Bobby Fischer sem haldið var árið 2008 en það er eitt af fáum mótum sem haldið hefur verið síðustu ár. Með honum á myndinni er Björgvin Jónsson hrl. en Ágúst Sindri Karlsson hrl. sigraði mótið. Áður voru bridgemót haldin reglulega á vegum félagsins en lítið hefur farið fyrir því síðustu ár.⁴²

Brot úr sögu félags



Ef fjölgun kvenna í lögmannastétt verður með sama hraða og undanfarin 20 ár munu konur verða jafn margar og karlar árið 2036.

Konur í lögmenntu

Lengi vel voru fáar konur félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands. Rannveig Tryggvadóttir var fyrsta konan sem öðlaðist rétt til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1952 en hún rak skrifstofu sína til ársins 1974. Rannveig öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti árið 1959 og tók virkan þátt í störfum Lögmannafélagsins. Önnur

konan í félaginu var Guðrún Erlendsdóttir en hún hóf lögmenntu árið 1961. Ekki er hægt að segja að konur hafi flykkst í lögmannastéttina eftir þetta því árið 1990 voru þær einungis 8% félagsmanna LMFÍ, eða 27 af 340 félagsmönnum. Af þeim voru 15 sjálfstætt starfandi, sex fulltrúar og sex starfsmenn stofnana og fyrirtækja.⁴⁸

BEIÐ EFTIR FLUGI

Eitt sinn var Örn Clausen í málflutningi í Stykkishólmi hjá Jóni „rakara“ Magnússyni sýslumanni. Jón hafði fengið viðurnefnið í lagadeildinni en þar átti hann alnafna sem var ekki eins skemmtinn. Að loknum málflutningi fengu þeir sér aðeins í glas á meðan Örn beið eftir flugi til Reykjavíkur.

Jón sofaði eins og hann átti vanda til, en Örn settist þá við ritvél hans á meðan hann drap tímann og samdi dóminn að öllu leyti öðru en því að hann skildi eftir eyðu fyrir málsvarnarlaunin. Dögum seinna fékk Örn sendan dóminn í pósti og var þá búið að færa inn (hæfileg) málsvarnarlaun.

ÞAKKA ÞÉR FYRIR VÆNA MÍN!



Guðrún Erlendsdóttir í munnlegu prófi við lagadeild Háskóla Íslands. F.v. Guðrún, Theodór Líndal, Ármann Snævarr og Sveinbjörn Jónsson.

Guðrún Erlendsdóttir var önnur konan sem stundaði lögmenntu, á eftir Rannveigu Þorsteinsdóttur hrl., en hún hlaut málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 1961. Væntanlegir lögmenntu þurftu þá að taka fjögur prófmál til að öðlast héraðsdómslögmannsréttindi og í einu málinu, sem Guðrún tók að sér, var maður ákærður fyrir nauðgun. Málið reyndist henni erfitt þar sem kennaranum í lagadeildinni, sem átti að fara yfir 194. gr. almennra hegningarlaga, hafði ekki þótt tilhlýðilegt að skilgreina fullframningu slíks brots í viðurvist konu.

Guðrún var iðulega ávörpuð þannig af körlum sem komu á lögmannsstofuna sem hún rak ásamt Erni Clausen, eiginmanni sínum: „Þakka þér fyrir væna mín, en má ég nú tala við lögmanninn?“ Hún var enn fremur stundum titluð sem „herra hæstaréttarlögmaður“ í málflutningi í Hæstarétti.⁴⁹

FRUMSKYLDA LÖGMANNINS

„Sækjandi og verjandi í sakamáli vinna báðir að því að efla rétt og hrinda órétti. Sama gildir um lögmenn stefnanda og stefnda í einkamáli. Þótt kröfur og röksemdir gangi í gagnstæðar áttir vinna þessir aðilar sameiginlega að því að úrlausn þrætunnar fái á forsendum réttarríkisins. Lögmaður sem gætir hagnuna skjólstæðings síns af trúmennsku þjónar réttarríkinu. Í því felst frumskylda lögmansins.“

Gestur Jónsson hrl. í Lögmannablaðinu 2009.⁵⁵



F.v.: Svala Thorlacius, Kristín Edwald, Hjördís E. Harðardóttir, Inga Þöll Þórgnýsdóttir og Sif Konráðsdóttir.

Félag kvenna í lögmennsku

Haustið 2003 var stofnaður undirbúningshópur til stofnunar sérstaks félags kvenna í lögmennsku. Í hópnum voru tíu konur sem áttu það sameiginlegt að finnast konur ekki nógu sýnilegar og virkar innan LMFÍ og umræðan um lögmennsstarfið vera á þeim nótum að það væri ekki nógu aðgengilegt fyrir ungar konur.

Þann 4. mars 2004 var Félag kvenna í lögmennsku stofnað af 70 félagskonum LMFÍ, helmingi kvenna í félaginu. Tilgangur FKL var að efla samstarf og styrkja stöðu kvenna í lögmennstéttinni sem og að auka áhrif og þátttöku þeirra í lögmennsku. Ennfremur hugðist félagið gera konur í lögmennstéttinni sýnilegri, halda uppi umræðu og standa vörð um málefni og hagsmuni kvenna í stéttinni. Í fyrstu stjórn FKL voru kjörnar Sif Konráðsdóttir hrl., formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl., Kristín Edwald hdl., Margrét Einarsdóttir hdl. og Svala Thorlacius hrl. Varamenn voru Hjördís Harðardóttir hdl. og Inga Þöll Þórgnýsdóttir hdl. Á stofnfundinum var Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari

kjörin heiðursfélagi en hún starfaði sem lögmaður 1961-1976.

Frá upphafi hefur FKL staðið fyrir ýmsum viðburðum. Fastur liður er árlegur fundur með félögum kvenna í öðrum starfsgreinum en félagið hefur einnig staðið fyrir gönguferðum, fundum og ráðstefnum, sjósundi og keilu svo fátt eitt sé nefnt.⁵⁰



LMFÍ 50 ára

Í tilefni 50 ára afmælis félagsins árið 1961 efndi það til mikillar veislu í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll.

ÞYRLA UPP ÚR BOTNINUM



Sigurður Ólason og Ágúst Fjeldsted

Sigurður Ólason fór gjarnan út og suður í málatilbúnaði sínum fyrir dómstólum í þeirri vissu að það væri aldrei að vita hvaða flugu dómari tæki; -Í stað þess að henda út einni og einni flugu þá er nær að þyrlla upp úr öllu fluguboxinu, sagði hann.

Betri er mögur sátt en feitur dómur

Viðtal við Svein Snorrason hrl.



Sveinn Snorrason.

SVEINN SNORRASON GEKK í Lögmannafélagið fyrir sextíu árum, árið 1951, og var orðinn hæstaréttarlögmaður þegar félagið hélt upp á hálfra aldar afmæli sitt árið 1961. Síðar átti hann eftir að sitja í stjórn félagsins og vera formaður þess með tuttugu ára millibili.

Sveinn hóf laganám haustið 1946, hið sama og Úlfjótur kom út fyrst. Hann fékk þá þegar vinnu, hluta úr degi, hjá Lárusi Jóhannessyni, hæstaréttarlögmanni. Þar kynntist hann fyrst starfsemi Lögmannafélagsins, eftir að Lárus var kosinn formaður þess 1947. Þá virtist starfsemin að mestu fara fram á skrifstofu Lárusar. Þar voru stjórnarfundir haldnir og þau erindi afgreidd sem félaginu bárust. Þetta fylgdi formennskunni.

Hvaða störfum sinnir þú hjá Lárusi?
Ég sinni almennum skrifstofustörfum,

sem í dag myndu flokkast til ritara- og gjaldkerastarfa, en Lárus var á þessum tíma, auk lögmennskunnar og með henni fylgjandi fasteigna- og verðbréfasölu, þingmaður Seyðfirðinga og umsvifamikill athafnamaður. Hann átti og rak Prentsmiðju Austurlands, sem þá var á Seyðisfirði og gaf út umul bóka. Dreifing þeirra hér á höfuðborgarsvæðinu fór að miklu leyti fram frá skrifstofunni í Suðurgötu 4.

Lárus var einstaklega vandvirkur og mikilvirkur í öllum störfum sínum. Glöggskyggn og skjótur að greina kjarna hvers máls. Hann hafði sérlega fallega rithönd, hann var málvandur og gagnorður. Skriflegar greinargerðir hans og ræður báru þessa gleggst vitni. Lárus hafði þegar þetta var tekið tæknina í sína þjónustu, því að hann notaði mikið diktafón sem tók talað mál á vaxsivalninga. Það kom oftlega í minn hlut að hreinrita samninga, greinargerðir og málflytningaráttur eftir drögum eða upptökum Lárusar, og kynntist ég við það betur vinnubrögðum hans og viðhorfum og hefi vonandi náð að læra eitthvað af þeirri reynslu. Þar á meðal þau sannindi, að oft er betri mögur sátt en feitur dómur. Góð lögmennska er nefnilega fólgin í því að leysa vanda, ekki magna þrætu.

Þegar kjarni ágreinings er fundinn ber fyrst og fremst að meta í hverju sanngjörn og réttlát lausn geti verið fólgin og hvetja aðila til að semja um þá lausn. Það á að vera þrautalausn að leggja mál fyrir dómstóla, en ef ekki verður hjá því komist verður að leggja alúð við málalíbúnað og flutning máls.

Eftir að ég lauk laganámi í lagadeild Háskóla Íslands vorið 1951 gerðist ég

fulltrúi hjá Lárusi og var þá strax tekinn inn í Lögmannafélagið. Það varð þó minna úr lögmennsstörfum að þessu sinni heldur en ég hafði vænst. Prentsmiðja Austurlands hafði þá verið flutt til Reykjavíkur og raunin varð sú, að Lárus fól mér að sjá að mestu leyti um rekstur prentsmiðjunnar og bókaútgáfunnar seinni hluta árs 1951. Þetta ár kom út fyrsta tölublað *Tímarits lögfræðinga* sem Lögmannafélagið gaf út. Það var prentað í Prentsmiðju Austurlands eins og nokkur bindi hæstaréttardóma, en þeir höfðu ekki verið gefnir út um alllangt skeið.

Lárus var sjálfur á kafi lungann úr árinu við að þýða bókina „Ég kaus frelsið“ eftir Victor Kravchenko og lét síðan prenta hana, á sjötta hundrað síður með „petit“ lettri, binda inn og gefa út í stóru upplagi. Það náðist að koma þessari bók og ýmsum öðrum út fyrir jólin. Var það heilmikið starf, að sjá um dreifingu og markaðssetningu allra þeirra bóka, sem út höfðu verið gefnar af forlaginu á undanföllum árum. Var Lárus ánægður með árangurinn af sölu annarra bóka en varð fyrir vonbrigðum með sölu á þeirri ágætu bók „Ég kaus frelsið“ sem hann hafði látið prenta og binda inn í allt of stóru upplagi. Hann greiddi mér bónus fyrir árangurinn af sölu á öðru leyti, en skildi vel þegar ég ákvað að sækja um stöðu fulltrúa bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, sem auglýst hafði verið. Var mér veitt staðan og hóf þar störf í febrúar 1952.

Varstu lengi í Eyjum?

Í liðlega eitt og hálfu ári eða fram til hausts 1953. Ég kunní vel við mig. Þar var hið ágætasta samstarfsfólk og meðdómendur

í sjó- og verslunardóms- og landhelgis- málum voru litríkir og eftirminnlegir karakterar, sem ánægjulegt var að kynna og starfa með.

Ég var skipaður fulltrúi við Sakadóm Reykjavíkur haustið 1953 og starfaði þar til nóvemberloka 1959, þegar ég hóf lögmennsku. Ég opnaði skrifstofu á 4. hæð Klapparstígs 26. Hafði tekið hálfháða hæðina, alls sex herbergi, á leigu og látið teppaleggja allt horna á milli. Daginn sem ég hafði komið fátæklegum húsbúnaði, bókum og tækjum fyrir í tveimur herbergjum, sem ég ætlaði mér sjálfum og ritara þegar þar að kæmi, þá hringdi ég í Hannes Sigurðsson hjá Sjóvá til að tryggja allt heila gumið fyrir bruna- og vatnstjóni. Þá var klukkan að verða fimm um daginn en nóttina eftir flæddi heitt vatn úr snyrtiherbergi á gang framan við herbergi mín og þaðan í þrjú af herbergjum mínum. Klukkan 9:15 morguninn eftir hringdi ég aftur í Hannes og spurði hvort hann hefði gengið frá tryggingunni daginn áður. Hann sagði svo vera og ég bað hann þá um að senda skodunarmenn að bragði til að taka út og meta tjónið. Ekki minnst ég annarra lögmennsstarfa þann daginn. Ég hefi hins vegar ekki séð ástæðu til að skipta um tryggingafélag síðan.

EINS OG „GENERAL PRACTITIONER“

Var nóg að gera í lögmennskunni?

Í byrjun árs 1960 tók ég að mér að vera framkvæmdastjóri Kaupmannasamtakanna meðfram lögmennskunni og var það þar til í desember 1964. Samtökin höfðu þá verið í þröngu húsnæði á Laugavegi 22 b, Klapparstígsmegin. Ég leigði þeim síðan tvö herbergi á hæðinni með okkur á Klapparstígnum árið 1961. Þetta var í byrjun viðreisnaráranna og stórfelld gengisskerðing krónunnar var gerð þegar í upphafi. Var því mjög erilsamt starf að stýra samtökunum á þessum tíma, erindisrekstur við stjórnvöld og löggjafarsamkunduna, kjarasamningar og samskipti við önnur stéttarfélög,



Sveinn fer hvern morgun í golf, sumar jafnt sem vetur, en hann kynntist íþróttinni í Vestmannaeyjum árið 1952 og varð strax heillaður. Hann var í stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur 1954-1961 og forseti Gólfambands Íslands 1961-1970. Á þeim tíma fór hann í „trúboð“ til að breiða út gólfíþróttina sem heppnaðist svo vel að golfklúbbum landsins fjölgaði úr þremur í 14. Á myndinni er Sveinn í hópi golfara á meistaramóti LMFÍ árið 2007.

systurfélög á Norðurlöndum o.fl. Samtökin héldu úti tímaritinu „Verzlunartíðindum“, þau beittu sér fyrir stofnun Verzlunarbanka Íslands hf. og voru stofnfélagar að Lífeyrissjóði verslunarinnar. Starfsemi samtakanna óx gífurlega á þessum árum og félögum fjölgaði. Vegna starfa fyrir Kaupmannasamtökin hafði ég orðið að hafna stöðugt fleiri lögmennsstörfum fyrir aðra. Sagði ég því lausu starfi mínu með góðum fyrirvara og hafði á því tímabili meðalgöngu um kaup veglegs húsnæðis á Marargötu 2. Flutti starfsemi þangað seint á árinu og var Knútur Bruun þá ráðinn framkvæmdastjóri í minn stað.

Eftir það hafði ég venjulega mátulega mikið að gera.

Sérhæfdir þú þig í ákveðnum málum?

Nei, ég var eins og heimilislæknir og fannst gott að vera ekki of einhæfur. Ég var í öllu mögulegu. Og þó, ég get ekki neitað því, að ég kom allmikið að samningagerð og hvers konar erindisrekstri á sviði út- og innflutningsviðskipta og flutninga.

Þú rakst stofuna í félagi við fleiri lögmenn lengst af?

Ári eftir að ég hætti í sakadómi hóf Guðmundur Ingvi Sigurðsson að reka lögmennsstofuna í félagi við mig en svo bættust Jónas A. Aðalsteinsson og Jóhannes L.L. Helgason í hópinn. Stofuna rákum við í „kontorfælleskab“ og var um reksturinn sameignarfélag undir heitinu Lex. Við rákum stofuna fyrst á Klapparstíg 26, svo á Laufásvegi 12 og síðast í Lágmúla 7. Ég seldi minn hlut í stofunni árið 1996 eftir að ég gekkst undir hjáveituaðgerð á hjarta. Þá fór ég að taka því rólega og vann þá að mestu fyrir opinberar stofnanir til ársins 2001 er ég hætti í lögmennsku.

Þú varst í stjórn LMFÍ árin 1966-1968. Hvernig fór starfsemi félagsins fram á þeim tíma?

Við vorum þá búnir að fá skrifstofu á Óðinsgötu en engan starfsmann svo öll vinnan lenti á okkur stjórnarmönnum. Við þurftum meðal annars að innheimta félagsgjöldin og ég var settur í það. Það



Fyrsta utanlandsferð lögmannsstofunnar Lex var sigling umhverfis Vestmannaeyjar snemma á níunda áratugnum en starfsfólk og eigendur Lex fóru saman í þá ferð. F.v. Guðmundur Ingvi Sigurðsson, Sveinn Snorrason og Ketill Jensson.

gat verið fjarska erfitt að fá menn til að borga en auk þess að láta ritarann minn hringja í menn þá gerði ég það sjálfur og stundum formaðurinn, Jón N. Sigurðsson.

Ég mætti á fundi norrænu lögmannafélaganna fyrir hönd félagsins og fór bæði til Noregs og Finnlands.

Í „ádiens“ hjá drottningu

Hvað kom til þú först aftur í stjórn 20 árum síðar, 1986-1988?

Þetta var á þeim tíma þegar frú Ellen var forstöðumaður Manntalsskrifstofunnar. Einar Sigurðsson, lögmaður og fasteignasali, og ég borðuðum saman í hádeginu með hópi ungra fræðimanna og snillinga; þeim bræðrum Haraldi, Halldóri og Benedikt Blöndal, Þorsteini Haraldssyni, Vilmundi Gylfasyni, Hrafni Gunnlaugssyni, Davíð Oddssyni, Baldri Guðlaugssyni, Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni, Jóni Steinari Gunnlaugssyni og fleiri, fyrst á Tröð, síðan á Torfunni, svo á Lækjarbrekku og loks á Borginni. Allir voru þeir kynslóð yngri en við Einar

og við áttum þar mjög ánægjulegar samverustundir og eftirminnilegar. Fyrir þær er ég þakklátur þeim öllum.

Á þessum tíma var Jón Steinar formaður Lögmannafélagsins og hann plataði mig, gamlingjann, til að fallast á að gefa kost á mér til formennsku í félaginu og komst upp með það. Þar starfaði ég með öndvegismönnum, sem allir voru heilli kynslóð yngri en ég. Við þetta uppátæki fannst mér ég yngjast um 20 ár og þessi kafli á lífshlaupabrautinni vera einn sá ánægjulegasti. Er ég Jóni Steinari og öllum strákunum, sem störfuðu með mér í stjórninni, svo og Hafþóri Inga, framkvæmdastjóranum okkar, ævinlega þakklátur.

Er eitthvað eftirminnilegt úr starfi félagsins frá þeim tíma?

Við héldum veglega upp á 75 ára afmæli félagsins árið 1986 og svo fórum við Hafþór framkvæmdastjóri í 100 ára afmæli sænska lögmannafélagsins. Það var ætlast til að formenn norrænu félaganna flyttu smá ávarp og ég fékk

vin minn Jón Júlíusson, fil. kand og sendifulltrúa, til að þýða ávarpið mitt sem byggði m.a. á tilvitnun í Njálu. Hann gerði það mjög vel og lét mig læra það utan að á lýtalausri sænsku. Fyrst ávarpaði Daninn samkomuna og fáir skildu, svo Norðmaðurinn og Finninn og enn virtust fáir skilja miðað við undirtektir og var því aðeins klappað kurteislega. Að lokum flutti ég mitt ávarp á svo góðri sænsku, eins og Jón hefði sjálfur flutt. Var ávarpinu tekið með miklum fögnuði og látum svo við lá að loftið í salnum hryndi. (Münchausen!!) Kóngurinn bauð síðan okkur Hafþóri Inga og frúm, ásamt öðru fólki úr æðstu stöndum samkundunnar, í fordrykk fyrir matinn. Í kokteilnum var ég á tali við pilsklæddan skoskan lögmann, þegar stallari konungs sveif að okkur með miklum elegans og bugti og tilkynnti að Hennar Konunglega Hátign, Drottning Svíaríkis, óskaði eftir því að Íslandsmaður kæmi til hennar í „ádiens“. Skal viðurkennt að sænskan mín í því viðtali var ekki eins og Jón vinur minn hefði viljað. Urðum við sammála um að nota dönsku og bregða fyrir okkur þýsku þegar því var að skipta.

Silvia drottning var sérlega glæsileg og elskuleg í viðmóti. Hún hafði sérstakan áhuga á Íslandi og íslenskri sögu og sagði mér að hún hefði í heilan vetur kynnt sér og fengið fræðslu um íslenskt mál og sögu vegna fyrirhugaðrar opinberrar heimsóknar þeirra hjóna til Íslands.

Lögfræðingamótið í Finnlandi var líka mjög ánægjulegt. Um það mætti skrifa heilmikið. Það hittist svo á, að ég var elstur formanna lögmannafélaganna, en samt fannst mér eftir samveruna við þá sem með mér voru í stjórn LMFÍ, að ég væri vart kominn af unglingsárum.

Hvað með eftirminnilega samferðamenn í lögmennskunni?

Á háskólaárum mínum, er ég starfaði á lögmannsstofu Lárusar, átti ég samskipti við fimm af stofnendum Lögmannafélagsins, þá Svein Björnsson forseta,



Í málflytningi fyrir Hæstarétti í lok sjöunda áratugarins. F.v. Sveinn Snorrason, Sigurður Líndal, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson, Magnús Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Guðjón Steingrímsson.

Eggert Claessen og Lárus Fjeldsted auk þess sem Einar Arnórsson og Björn Þórðarson voru censorar þegar ég þreytti lagapróf. Vinnubrögðum Eggerts átti ég eftir að kynna betur eftir lát hans, þegar ég las undir embættispróf með Guðmundi Benediktssyni suður á Reynistað. Fannst mér þau um margt minna mig á vandvirkni og nostursemi Lárusar. Þannig lét Eggert Claessen binda inn Stjórnartíðindi að hann hafði auðar síður á milli hverra síðna. Á þær skrifaði hann athugasemdir og tilvísanir í breytta löggjöf og dóma, sem gengið höfðu og vörðuðu efni sem viðkomandi lög tóku til.

Vinum að hverju máli af ræktarsemi

Þú hefur stundað lögfræðitengd störf frá 1946 er þú hófst störf hjá Lárusi, í heil 65 ár, hver er mesta breytingin á störfum lögmanna?

Fjarlægðin gerir sjálfsagt fjöllin blárrí þegar lítið er til baka, en mér finnst að veröldin sem var hafi verið mildari og manneskjulegri. Vera má, að uppeldis-áhrifanna er ég hafði orðið fyrir á menntaskólaárunum, hafi þá enn gætt

er ég hóf laganámið og byrjaði hjá Lárusi, og þau mótað lífsviðhorfið. Hugvekjur Sigurðar skólameistara, um skyldu okkar til að rækta og bera virðingu fyrir manneskjunni og manngildinu gleymast ekki. Hann lagði áherslu á frelsi en jafnframt á aga. Agað frelsi.

Fyrir tíma tölva og ljósprentunarvéla voru forsendur dóma að jafnaði mun styttri og gagnorðari en almennt gerist í dag og lengd bókana í þingbækur oft í öfugu hlutfalli við lengd þinghaldsins en þær sögðu samt allt sem segja þurfti. Sjálfsagt hafa réttarfarsbreytingar í sakamálum orðið til bóta, eins og lögfestingar alþjóðlegra mannréttinda-sáttmála, en engu að síður verður, á sama hátt og gildir um frelsið, að umgangast þessar breytingar með gát svo þær snúist ekki upp í andhverfu sína.

Í ávarpi mínu á 75 ára afmæli félagsins lagði ég ríka áherslu á, að bágur hagur og afkoma einstaklinga mætti aldrei verða til þess að þeir geti ekki

leitað réttar síns eða varið rétt sinn fyrir dómstólum, ef með þyrfti, og notið til þess ráðgjafar og fulltingis hæfra lögmanna. Sem betur fer reyndu flestir lögmenn að veita einhverja úrlausn, þótt ekki væri að vænta launa fyrir. Ekki er mér kunnugt um hvernig þessum málum er háttað í dag en hitt hygg ég, að þeim sem bágast eiga sé ekki gert auðveldara fyrir. Gjaldskrárnar benda ekki til þess.

Og talandi um gjaldskrárnar, þá hafa á þeim orðið miklar breytingar frá þeirri lágmarksgjaldskrá, sem í gildi var og staðfest af ráðherra, þegar ég hóf lögmennsstörf árslok 1959. Sú geymdu mjög takmarkað frelsi til mats þóknunar fyrir lögmennsstarf. Á 75 ára afmæli félagsins hafði verið rýmkað um ýmis atriði gjaldskrárinnar, sem veitti allmikið svigrúm til mats þóknunar. Við töldum þá að það riði á miklu að gæta sanngirni við slíkt mat. Í því sambandi sagði ég í ávarpi mínu á afmælishátíðinni:

„Misnotkun slíkra heimildarákvæða er ámælisverð þeim er þannig beitir henni og í engu samræmi við siðareglur okkar, en til þess fallin að kasta rýrð, ekki aðeins á viðkomandi mann, heldur stéttina í heild. Menn skyldu minnst hringisins, sem Eyjólfur Bölverksson þá af Flosa forðum.“

Við skulum þess vegna muna að vinna að hverju máli af fullri ræktarsemi svo við getum með sanni tekið undir þau fyrirheit og sjónarmið sem við stofnun félagsins voru til grundvallar lögd og að „Lögmáður hver megi svo til allra mála leggja, sem hann veit sannast eftir lögum og sinni samvisku.“

E.I.



Morgunblaðið 27. júní 1968, 12

Brot úr sögu félags



Árið 1974 var skrifstofa félagsins opin fjóra daga vikunnar frá 9-12 og einn dag kl. 13-17. Á myndinni er Arnbjörg Edda ásamt stjórn LMFÍ árið 1975-1976. F.v: Sveinn Haukur Valdimarsson, Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir, Páll S. Pálsson, Guðjón Steingrímsson, Ragnar Aðalsteinsson og Skúli Pálsson. Skrifstofa félagsins var þá á Óðinsgötu 4.

Skrifstofu- og framkvæmdastjórar LMFÍ

Árið 1973 var ákveðið að ráða skrifstofustjóra til Lögmannafélagsins og var Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir ráðin en hún hafði verið lögmannsritari á skrifstofa Ágústs Fjeldsted á 7. áratugnum. Jónína Bjartmarz var skrifstofustjóri í þrjú ár samhliða laganámi til 1981, en þá var fyrsti framkvæmdastjórinn ráðinn til félagsins, Hafþór Ingi Jónsson hdl. Hafþór starfaði

til 1989 og þá tók Unnur Gunnarsdóttir hdl. við af honum til 1990. Marteinn Mátsson hdl. var framkvæmdastjóri 1990 til 1999 er Ingimar Ingason hdl., núverandi framkvæmdastjóri tók við. Auk framkvæmdastjóra hefur ritari verið í fullu starfi á skrifstofunni og starfsmaður félagsdeildar í hlutastarfi frá stofnun hennar.⁵²



Það fennir ekki í feilsporin

Margar góðar sögur hafa verið sagðar af lögmönnum og skjólstæðingum þeirra í gegnum tíðina sem ekki mega falla í gleysku. Í tilefni af 100 ára afmæli Lögmannafélagsins var kallað á nokkra góða sögumenn og setið með þeim skemmtilega eftirmiðdagsstund þar sem sögur af Jóni E. Ragnarssyni, Sigurði Georgssyni, Páli S. Pálssyni og fleiri litríkum lögmönnum fuku. Sögumenn voru talið frá vinstri: Helgi Jóhannesson, Markús Sigurbjörnsson, Gunnar Jónsson, Stefán Pálsson og Kristján Stefánsson en sögurnar er að finna dreifðar um afmælisblaðið.

BARNBLEGT ANDLIT

Steingrímur Þormóðsson var eitt sinn á fundi með ungum lögmanni þar sem þeir deildu um hagsmuni skjólstæðinga sinna. Þegar Steingrími var farið að leiðast þófið sagði hann við unga lögmanninn:

- Þú ert bara eins og ónefndur útrásarbankastjóri.
- Nú? sagði sá ungi hissa.
- Þið eruð báðir með svona barnsleg andlit og sakleysisleg. Svo bara ljúgið þið framan í mann!

LÖGMAÐUR Í SENN SÁLFRÆÐINGUR OG MANNÞEKKJARI



„Lögmennska er að mörgu leyti sérstök atvinna. Lögmenn standa oft við hlið skjólstæðinga sinna á mikilvægustu stundum lífs þeirra, t.a.m. þegar verið er að rétta yfir þeim vegna meintra sakargifta af hálfu ákærvalds, við skilnað, við skipti á dánarbúum aðstandenda, við kaup eða sölu á fyrirtækjum o.fl. ofl. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að góður lögmaður þurfi að vera í senn sálfræðingur og mannþekkjari auk þess að kunna skil á lögunum. Lögmaður sem ekki getur sett sig í spor skjólstæðinga sinna, skilið andlega líðan þeirra og áhyggjur verður aldrei góður lögmaður, sama hversu vel hann er að sér í þeim lögum sem um ræði í viðkomandi máli.“

Helgi Jóhannesson hrl. og formaður LMFÍ í Lögmannablaðinu 2006.⁴⁶



Félag sáttalögmannna

Haustið 2007 var félag sáttalögmannna stofnað innan félagsdeildar LMFÍ en því var ætlað að vera vettvangur lögmanna sem hefðu sérhæft sig í sáttamiðlun. Í fyrstu stjórn félagsins voru f.v. Ásdís J. Rafnar hrl., Sonja María Hreiðarsdóttir hdl. og Ingibjörg Bjarnadóttir hdl.⁵¹

Tvær konur í stjórn LMFÍ

Fyrsta konan sem kosin var í stjórn LMFÍ er Svala Thorlacius hrl. en hún sat í stjórn árin 1980-1982. Þórunn Guðmundsdóttir hrl. er eina konan sem gegnt hefur formennsku í stjórn Lögmannafélagsins síðan félagið var stofnað árið 1911 en hún var formaður árin 1995-1997. Mynd þessi er tekin af stjórn Lögmannafélags Íslands ásamt framkvæmdastjóra árið 1996-1997 en þá sátu í fyrsta skipti tvær konur í stjórn. F.v. Marteinn Másson hdl., framkvæmdastjóri 1990-1999, Kristín Briem hrl., Hreinn Loftsson hrl., Þórunn Guðmundsdóttir hrl. og formaður, Sigurmar K. Albertsson hrl. og Jakob Möller hrl.⁴⁷

HALTUR MAÐUR Í BANKASTRÆTI

Eitt sinn mætti Kristján Stefánsson Sigurði Ólasyni á inniskónum á gangi niður Bankastrætið og stakk Sigurður aðeins við. Kristján leit á hann og spurði hvort eitthvað væri að honum í fætinum. -Nei, nei, svaraði Sigurður; -ég var kominn niður í bæ þegar ég uppgötvaði að ég hafði gleymt að fara úr inniskónum. Svo ég gerði mér upp helti.

Codex - Siðareglur lögmanna

Málflutningsmannafélagið varð fljótlega vettvangur til að leysa úr málum vegna kvartana viðskiptamanna og félagsmanna annars vegar og milli einstakra félagsmanna hins vegar þótt ekki hefði það agavald eins og síðar varð. Strax á

öðrum stjórnarfundi félagsins 31.maí 1912 var tekin fyrir fyrirspurn um innheimtulaun og það viðhorf komið að það væri brot á góðum síðum að virða úrskurði stjórnar að vettugi.

Þegar árið 1934 komu fram hugmyndir um að samdar yrðu siðareglur fyrir félagsmenn LMFÍ. Ekki voru þó allir sammála um að brýn þörf væri á því enda ættu menn að vera „loyalir“ eins og sagt var. Það var ekki fyrir en á árið 1960 sem fyrstu drög að siðareglum komu fram. Fimm félagsmenn höfðu tekið að sér að semja

reglurnar og byggt á erlendri fyrirmynd en sú hugsun lá að baki að bókfesta þá hefð sem skapast hefði í starfi lögmanna. Siðareglurnar voru samþykktar á framhaldsaðalfundi 24. júní 1960 og endurskoðaðar árið 1991.⁵⁴

Eyrún Ingadóttir:

Svipmikil atorkukona og brautryðjandi – Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.

„Og íslenskar konur eru að mínum dómi búnar þeim hæfileikum, að þær geta, ef þær óska, sótt fram í fremstu raðir við hlið karlanna.“¹



Rannveig Þorsteinsdóttir.



Hugur Rannveigar stóð snemma til náms. Strax í barnaskóla langaði hana að verða sýslumaður sem í hennar huga var sá sem kunnir skil á lögum. Móðir hennar hafði hins vegar ekki tók á því að styðja börnin til langskólanáms en Rannveig hóf nám í Samvinnuskólanum í Reykjavík 18 ára gömul, lauk prófi 1924 og námi við framhaldsdeild skólans 1925.⁴

Fyrir atbeina Jónasar Jónssonar, skólustjóra Samvinnuskólans, réðist Rannveig sem afgreiðslumaður Tímans árið 1925 en þá sá hún um fjárreiður blaðsins jafnt sem útsendingu þess. Jafnframt kenndi hún ensku við Samvinnuskólann frá 1926 til 1933. Árið 1934 var Rannveig bréfitari hjá Tóbaks-einkasölu Íslands og gegndi hún því starfi til 1946 þar til hún hóf laganám.

Rannveig tók þátt í málflutningsæfingum á vegum Orators þegar hún stundaði laganám.⁵

Lauk laganámi á þremur árum

Rannveig hóf aftur nám haustið 1944 og tók landspróf vorið 1945. Ári síðartók hún stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík en það þóttu mikil tíðindi að rúmlega fertug kona í fullu starfi skyldi ljúka lands- og stúdentsprófi á einungis tveimur árum.

RANNVEIG ÞORSTEINSDÓTTIR VARÐ fyrst kvenna til að öðlast rétt til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1952 og fyrir Hæstarétti 1959. Rannveig braust til mennta af eigin rammleik þegar hún var komin á fertugsaldur en á fjórum árum tók hún gagnfræðapróf, stúdentspróf og embættispróf í lögfræði. Eftir það settist hún á Alþingi fyrir Framsóknarflokkinn í eitt kjörtímabil og hóf svo rekstur eigin lögmannsstofu sem hún rak til 1974 er hún varð sjötug.

Rannveig var kjörin heiðursfélagi Lögmannafélags Íslands árið 1979.

Vildi verða sýslumaður

Rannveig fæddist 6. júlí 1904 á Sléttu í Mjóafirði. Foreldrar hennar voru Þorsteinn Sigurðsson, sjómaður og þurrabúðarmaður og Ragnhildur Hansdóttir.² Þegar Rannveig var 6 ára dó Þorsteinn og Ragnhildur stóð ein uppi með þrjú börn á framfæri.³

Haustið 1946 hóf Rannveig nám við lagadeild Háskóla Íslands, 42 ára gömul. Þrátt fyrir að vera á aldur við mæður sammemenda sinna small hún í hópinn og myndaði vináttubönd sem héldust ævilangt. Einn sammemenda Rannveigar sagði síðar að piltarnir hefðu verið feimnir við hana í upphafi en hún hafi verið fljót að hrista hæverskuna úr þeim og gert „... kröfu til þess að vera tekin sem jafningi okkar í námi og á gleðifundum.“ Hún skaut þeim líka ref fyrir rass, lauk fyrri hluta prófi á einu ári og kándídatprófi tveimur árum síðar, vorið 1949 en frá 1942-1948 vann hún fyrir sér sem þingskrifari. Rannveig er fyrsta konan sem sat í stjórn Orators en það var veturinn 1947-1948 en hún var önnur til að ljúka embættisprófi í lögfræði, á eftir Auði Auðuns sem hafði tekið lagapróf árið 1935.⁶

Á Alþingi

Rannveig hafði ekki fyrr lokið embættisprófi í lögfræði er hún hóf pólitískan feril. Við alþingiskosningar árið 1949 var hún í fyrsta sæti hjá Framsóknarflokki í Reykjavík og þá rúmlega tvöfaldaðist fylgi flokksins í borginni.⁷ Í aðdraganda kosninganna sagði hún fjárplógsstarfsemi stríði á hendur. Í skjóli vöruþurrðar og ráðstafana stjórnvalda blómgaðist svartur markaður og okurstarfsemi sem gerði að verkum að milliliðakostnaður og margföld álagning væri á vörum.⁸

Rannveig sat á Alþingi fyrir Framsóknarflokkinn í eitt kjörtímabil en auk þess að vera fyrsta konan til að sitja á þingi fyrir flokkinn þá var hún fyrsti alþingismaður Framsóknarflokksins í Reykjavík.⁹ Á sama tíma sat Kristín L. Sigurðardóttir sem landskjörinn þingmaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn en næsta kjörtímabil á eftir, 1953-1956, sat engin kona á Alþingi.

Rannveig lét sig miklu varða réttarstöðu kvenna, skattamál og húsnæðismál á Alþingi.¹⁰ Eitt fyrsta málið sem hún beitti sér fyrir var þingsályktunartillaga um kjör þingskipaðrar nefndar til að



Rannveig tók þátt í málflutningsæfingum á vegum Orators þegar hún stundaði laganám.

gera ýtarlega athugun á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna. Að því loknu ætti nefndin að gera tillögur um breytingar á gildandi lögum sem tryggðu konum lagalegt jafnrétti á við karla sem og að setja ný lagaákvæði til að tryggja konum sömu aðstöðu og körlum til að sjá fyrir sér og sínum og njóta hæfileika sinna í starfi.¹¹

Rannveig sóttist eftir að sitja á Alþingi í annað kjörtímabil og var aftur í fyrsta sæti Framsóknarflokksins í Reykjavík fyrir kosningar 1953. Hún var þá eina konan sem átti möguleika á að setjast á Alþingi og framsóknarmenn reyndu mikið að fá konur til að kjósa þennan eina fulltrúa sinn.¹² Rannveig galt þess hins vegar að Framsóknarflokkurinn hafði ekki sama byr og í kosningunum 1949. Þá höfðu ýmsir utanflokksmenn stutt flokkinn en þeir flyktu sér nú um hinn nýstofnaða Þjóðvarnarflokk sem hafði það megin stefnumál að Ísland segði sig úr NATÓ. Framsóknarflokkurinn fékk 2624 atkvæði í kosningunum, réttum 100 færri en Þjóðvarnarflokkurinn og þar með var þingmannsferill Rannveigar á enda.¹³ Hún var aftur í kjöri fyrir Alþingiskosningar 1956 og þá í þriðja sæti á lista Alþýðuflokksins í Reykjavík en Framsóknarflokkurinn og Alþýðu-

flokkurinn höfðu myndað með sér kosningabandalag („Hræðslubandalagið“) þar sem Framsókn bauð fram í dreifbýli og Alþýðuflokkur í þéttbýli að Seyðisfirði undanskildum.¹⁴ Rannveig náði ekki kjöri og hætti afskiptum af stjórn málum í kjölfarið. Þess má geta að þegar Rannveig lést árið 1987 var hún eina konan sem setið hafði á Alþingi fyrir Framsóknarflokkinn - heilum 34 árum eftir að hún sat á þingi.¹⁵

Félagsmálaþátttaka Rannveigar

Rannveig vann mikið að félagsmálum og valdist til fjölmargra trúnaðarstarfa. Hún var dómari í Verðlagsdómi Reykjavíkur 1950-1974 og í Yfirskattanefnd Reykjavíkur 1957-1963. Hún var mjög virk í ungmennafélagsræfingunni og sat í stjórn Ungmennafélags Íslands um árabil. Einnig var hún í stjórn Kvenfélagsambands Íslands 1947-1963, þar af formaður 1959-1963, formaður Kvenstúdentafélags Íslands og Félags háskólakvenna 1949-1957. Hún var formaður Félags framsóknarkvenna 1953-1966 en félagið var stofnað árið 1945 til að efla samvinnu og kynni meðal kvenna í Framsóknarflokki, vinna að þeim

málum er til hagsbóta horfðu fyrir húsmæður, berjast gegn áfengisböli og auka samstarf milli kennara og heimila.¹⁶ Rannveig var í útvarpsráði 1953-1956 og 1959, í happdrættisráði Háskóla Íslands 1951-1977 og fulltrúi Íslands á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins 1951-1964.¹⁷

Rannveig nýtti lögfræðipækkingu sína meðal annars til að berjast fyrir jafnrétti og skrifaði greinar sem vörðuðu réttarstöðu kvenna í blaðið 19. júní á árabílinu 1953-1959. Einnig samdi hún bók um félagsmál og fundarstjórn ásamt Svöfu Þórleifsdóttur sem Kvenfélagsamband Íslands gaf út 1972. Í grein um launajafnrétti sem hún skrifaði í 19. júní 1955 segir m.a.: „Nú er það víst, að þótt engin almenn lagaákvæði séu til um það hér á landi, að konum skuli goldin sömu laun og körlum fyrir sams konar störf, þá eru engin lög sem banna það, og má jafnvel líta svo á, að lagaákvæði þau, sem sett hafa verið varðandi konur, sem

eru starfsmenn ríkisins, bendi mjög í þá átt, að almennt skuli gilda á Íslandi jafnréttur kvenna og karla til starfa og reglan um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.“¹⁸

Fyrsta konan í málflytningi

Rannveig öðlaðist rétt til málflytningu fyrir héraðsdómi árið 1952 en hún opnaði málflytningsskrifstofu í Reykjavík árið 1949 sem hún rak til 1974. Hún öðlaðist réttindi til málflytningu fyrir Hæstarétti árið 1959, fyrst kvenna, og tók virkan þátt í störfum Lögmannafélagsins. Hún var kjörin heiðursfélagi LMFÍ árið 1979 og var eina konan þar til Þórunn Guðmundsdóttir hlaut þann heiður í tilefni aldarafmælis félagsins árið 2011.¹⁹

Í blaðinu 19. júní 1959 var viðtal við Rannveigu í tilefni þessað hún var orðin hæstaréttarlögmaður. Þar var hún spurð að því hvort karlar væru ófúsari að fela konum að reka mál fyrir sig og kvað

Nú sleikja ýmsir sár sín en aðrir súpa sigurskál. Rannveig verður enn hnakkakertari en hún varð á klipptu myndinni, sem send var til kjósenda, enda má hún vera það. Þetta er fyrst og fremst persónulegur sigur hennar, því að segja má að hún hafi unnið slaginn þrátt fyrir flokkinn og fylgifyskana. Framsóknarflokkurinn á ekki nema helming fylgis B-listans, hinn helminginn á Rannveig í dag, hversu lengi sem henni heilt á honum.

Alþýðublaðið 26. október 1949, bls. 4.

Stærsta atriði kvennabaráttunnar

Árið 1953 skrifaði Rannveig grein í 19. júní um konur í ábyrgðarstöðum og gætti nokkurrar óþolinmæði vegna þess hversu fáar íslenskar konur væru í ábyrgðarstöðum á Íslandi. „Hvernig getur staðið á því, að konur hafa svo lítið verið kallaðar til ábyrgðarstarfa hér á Íslandi, þrátt fyrir það, að þær hafa um rúmlega 40 ára skeið haft sama rétt og karlar til menntunar og embættis?“ spurði Rannveig og velti fyrir sér hvort orsökinni væri löggjafans, þeirra sem veittu stöðurnar eða kvenna sjálfra. Sagði hún löggjöf á Íslandi vera eins frjállega og best þekktist en þar sem giftar konur fengu enga hjálp við heimilisstörfin þá væru þær bundnar heima. Skattalögin væru einnig þannig að ekki væri gert ráð fyrir kostnaði vegna heimilishjálpar þegar konur færu að vinna frá heimili og bæði konur sem og vinnuveitendur gerðu ekki ráð fyrir konum við störf í mörg ár. „Þetta og fleira orsakar það, að konur almennt ganga ekki að því með alvöru að gera sig bæfar á sviði framkvæmda- og stjórnmalalífs, og þótt tækifæri komi fyrir konur, þá eru þær oft ekki reiðubúnar, hafa ekki aflað sér þeirrar þekkingar og þjálfunar, sem á þarf að halda.“ Rannveig sagði þetta hin mestu vonbrigði en þótt konur hefðu kosningarétt og kjörgengi þá hefði jafnréttið aldrei náð lengra. Konur störfuðu mest innan heimilis og þær sem ynnu utan þess hefðu með höndum minni háttar störf og lág laun. Stærsta atriði kvenréttindabaráttunnar væri að konur veldust til eða væru valdar til virðulegra og vandasamra starfa meðal íslensku þjóðarinnar. Þrátt fyrir óþolinmæði Rannveigar þokaðist lítið í jafnréttisátt næstu áratugina og hún mátti bíða lengi eftir vitundarvakningu í jafnréttismálum.²⁶

Húsmæður á Alþingi

Rannveig flutti tillögu til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um vinnuhjálp húsmæðra haustið 1949 með sama hætti og tíðkaðist annars staðar á Norðurlöndum. Um ástæðu þessa sagði Rannveig að erfitt hefði reynst að fá hjálp við heimilisstörf síðustu ár og því yrði að koma skipulagi á vinnuhjálp húsmæðra í sérstökum neyðartilfellum. Með slíku fyrirkomulagi myndu stúlkur vera ráðnar af opinberum aðila til aðstoðar. Tillagan var samþykkt.²⁷ Enn fremur kom hún með breytingartillögu við frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt á þá leið að ef kona framteljanda ynni utan heimilis mætti draga frá kostnað vegna stjórnar heimilis sem sannanlega væri greiddur ráðskonu. Það var ekki samþykkt.²⁸



Rannveig Þorsteinsdóttir

Glæsilegur námsferill

Meðal þeirra, sem luku embættisprófi í lögfræði við háskólann nýlega var ungfrú Rannveig Þorsteinsdóttir. Hlaut hún I. einkunn, 210 stig. Þótt einkunn Rannveigar sé mjög góð, er það ekki hið athyglisverðasta við námsferil og próf Rannveigar, heldur hitt, að hún tók stúdentspróf fyrir þrem árum og gagnfræðapróf árlö 1945. Undir stúdentsprófi las hún utan skóla. Liðu því aðeins fjögur ár frá því hún tók gagnfræðapróf þangað til hún lauk lögfræðiprófi. Er þessi námsferill óvenjulega stuttur, og þó hefir Rannveig unnið fyrir sér samhliða náminu allan tímann.

Félag Framsóknarkvenna í Reykjavík hélt Rannveigu, sem er þar félagskona, samsæti í fyrrakvöld í Tjarnarkaffi til þess að samgleðjast henni með þennan námsárangur. Voru þar margar ræður fluttar og félagskonur færðu Rannveigu að gjöf bókaskáp.

Allir, sem þekkja Rannveigu samfagna henni með þetta námsafrek og vænta mikils af starfi hennar í framtíðinni.

Tíminn 9. júní 1949.

hún nei við því. Hún sagði að margir viðskiptavinir hennar væru karlar og að lögmannsstofa hennar hefði vaxið með sama hætti og hjá öðrum lögfræðingum. Mikil vinna lægi að baki öllum málflutningi hvort sem væri fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti.²⁰

Á málflutningsskrifstofu Rannveigar áttu konur stuðning vísan ef á þurfti að halda en hún vann að málefnum kvenna af miklum dugnaði.²¹ Rannveig mætti ætíð klukkan tíu að morgni, vann fram að hádegi og fór þá heim. Hún kom aftur klukkan tvö og vann þá oft langt fram á kvöld. Þegar hún var formaður Kvenfélagasambands Íslands voru stjórnarfundir haldnir á skrifstofu hennar og þar var oft margt um manninn og konur utan af landi tíðir gestir.²²

Heiðarleg og hreinskilin

Rannveig var sterkur persónuleiki og ávann sér traust og virðingu samferðamanna sinna.²³ Í henni fóru saman margir góðir hæfileikar, s.s. hreinskilni, heiðarleiki, dugnaður og vilji til að verða öðrum að liði.²⁴

Árið 1985 brast heilsa Rannveigar en hún lést í janúar 1987 eftir að hafa dvalið á Reykjalundi í eitt og hálf ár. Sigríður Ingimarsdóttir skrifaði í minningargrein að með henni hafi horfið af sjónarsviðinu svipmikil atorkukona, brautryðjandi íslenskra kvenna í sókn þeirra til aukinnar menntunar og þátttöku í þjóðmálum.²⁵

HEIMILDIR

¹Valborg Bentsdóttir: „Kona í hæstarétti“. 19. júní 1959, 30-31.

²Gunnlaugur Haraldsson: Lögfræðingatal M-Ö, 249.

³Sveinn Snorrason: „Rannveig Þorsteinsdóttir“, Tímarit lögfræðinga 1. tbl. 1987, 7.

⁴Valborg Bentsdóttir: „Kona í hæstarétti“. 19. júní 1959, 30-31.

⁵Sigríður Ingimarsdóttir: „Minningargrein“ Morgunblaðið 29. janúar 1987, 42-43 og Þ.Þ.: „Minningargrein“ Tíminn 29. janúar 1987, 10.

⁶Sveinn Snorrason: „Rannveig Þorsteinsdóttir“, Tímarit lögfræðinga 1. tbl. 1987, 7 og Sigríður

Ingimarsdóttir: „Minningargrein“ Morgunblaðið 29. janúar 1987, 42-43.

⁷Sigrún Sturludóttir og Sigrún Magnúsdóttir: „Minningargrein“ Morgunblaðið 29. janúar 1987, 43. Þ.Þ.: „Minningargrein“ Tíminn 29. janúar 1987, 10.

⁸Tíminn 24. september 1949. 203. blað (forsíða)

⁹Sigrún Sturludóttir og Sigrún Magnúsdóttir: „Minningargrein“ Morgunblaðið 29. janúar 1987, 43. Þ.Þ.: „Minningargrein“ Tíminn 29. janúar 1987, 10.

¹⁰Sigrún Sturludóttir og Sigrún Magnúsdóttir: „Minningargrein“ Morgunblaðið 29. janúar 1987, 43. Þ.Þ.: „Minningargrein“ Tíminn 29. janúar 1987, 10.

¹¹Tíminn 12. janúar 1950. „Jafnrétti kvenna: Rannveig Þorsteinsdóttir flytur tillögur um rannsókn á mismun á réttarstöðu karla og kvenna“, 1.

¹²Tíminn 28. júní 1953. „Heilbrigð fjármálastjórn er undirstaða framfara og haftalausra viðskipta“, 1.

¹³Þ.Þ.: „Minningargrein“ Tíminn 29. janúar 1987, 10.

¹⁴<http://visindavefur.is/svar.asp?id=3434>. Sótt 4.07.2011.

¹⁵Tíminn 30. janúar 1987. „Rannveig Þorsteinsdóttir borin til grafar“, 5.

¹⁶Tíminn 29. október 1960. „Afmæli félags Framsóknarkvenna“, 2.

¹⁷Gunnlaugur Haraldsson: Lögfræðingatal M-Ö, 249. Morgunblaðið 22. janúar 1987. „Rannveigar Þorsteinsdóttur minnst á Alþingi“, 34.

¹⁸Rannveig Þorsteinsdóttir: „Jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf“. 19. júní 1955, 6.

¹⁹Sveinn Snorrason: „Rannveig Þorsteinsdóttir“, Tímarit lögfræðinga 1. tbl. 1987, 7.

²⁰Valborg Bentsdóttir: „Kona í hæstarétti“. 19. júní 1959, 30-31.

²¹Morgunblaðið 22. janúar 1987. „Rannveigar Þorsteinsdóttur minnst á Alþingi“, 34. Halldóra Eggertsdóttir: „Minningargrein“ Morgunblaðið 29. janúar 1987, 42.

²²Sigurjón Sigurbjörnsson: „Rannveig Þorsteinsdóttir hæstaréttarlögmaður“ Tíminn 21. febrúar 1987, 15.

²³Halldóra Eggertsdóttir: „Minningargrein“ Morgunblaðið 29. janúar 1987, 42.

²⁴Þ.Þ.: „Minningargrein“ Tíminn 29. janúar 1987, 10.

²⁵Sigríður Ingimarsdóttir: „Minningargrein“ Tíminn 29. janúar 1987, 11.

²⁶Rannveig Þorsteinsdóttir: „Konur í ábyrgðarstöðum“. 19. júní 1953, 12-13.

²⁷Alþingistíðindi 1949, A þingskjal 33 og 313. D, 97.

²⁸Alþingistíðindi 1949, A þingskjal 373, C, 10 og 18.

Brot úr sögu félags



Stjórn LMFÍ 1997-1998 ásamt framkvæmdastjóra. F.v. Sigurbjörn Magnússon meðstjórnandi, Kristín Briem gjaldkeri, Sigurmar K. Albertsson formaður, Marteinn Másson framkvæmdastjóri, Jakob R. Möller varaformaður og Kristinn Bjarnason ritari,



Forystumenn Lögmannafélags Íslands fóru norður í Húnaþing ásamt fríðu föruneysi og afhjúpuðu minnisvarðann. F.v.: Skúli Pálsson hrl., Egill Sigurgeirsson hrl., Páll S. Pálsson hrl., Benedikt Sigurjónsson forseti Hæstaréttar., Baldur Möller ráðuneytisstjóri og Guðjón Steingrímsson hrl.

Lögmenn fylgjandi eftirlits- og agavaldi hjá félaginu

Veturinn 1997 var í fyrsta skipti gerð viðhorfskönnun meðal lögmanna. Tilfni hennar var að gefa lögmönnum kost á því að tjá sig um nokkra álitaefni sem fólust í tillögum um breytingar á löggjöf um lögmenn sem og að fá skoðanir félagsmanna á einstökum þáttum starfseminnar. Spurningalisti var sendur

til 465 félagsmanna og bárust svör frá 48,5%. Yfirgnæfandi meirihluti var fylgjandi því að eftirlits- og agavald væri innan LMFÍ, hjá stjórn eða sérstakri nefnd. 64% svarenda fylgjandi skyldu- aðild að LMFÍ og 72% fylgjandi því að einungis lögmenn ættu og rækju lögmennsstofur. Þá voru flest allir þeirrar skoðunar að fræðslustarf yrði meira eða álíka mikið og verið hafði og að bókasafnið yrði rekið með sama sniði.⁵⁶

Minnisvarði um Hafliða Másson

Á félagsfundi LMFÍ hinn 23. nóvember 1973 kom Sigurður Ólason með þá tillögu að félagið minntist 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar með því að setja upp skjöld á Breiðabólstað í Vesturhópi þar sem fyrstu lög voru skráð á Íslandi. Tillagan fékk afar góðar undirtektir og fóru forsvarsmenn félagsins norður í land til að velja stað fyrir minnisvarðann sem var svo reistur með viðhöfn.⁶¹

JÁTNING

Einu sinni var piltur fyrir dómi sem var ákærður fyrir ýmis brot. Svo spurði dómari hver væri afstaða hans til ákærunnar og hann sagði: - Ég játa.

-Nú, sagði dómari Ólöf Pétursdóttir sem taldi þar með málið auðdæmt.

-Ég játa mig saklausan, bætti þá pilturinn við.

Að sögn vitna átti piltur að hafa tekið þátt í að stela pressu en hann neitaði því afdráttarlaust:

-Í fyrsta lagi þá vinn ég alltaf einn.

Þá var honum bent á að það hefðu verið vitni af þessu og fingraför hans hefðu fundist.

-Það getur ekki verið, ég var ekki einu sinni þarna á staðnum og svo var ég með hanska!

SAMKEPPNISSTAÐA LÖGMANNA



„Starfsumhverfi lögmanna er að breytast. Þetta eru svo sem ekki sérstakar fréttir fyrir lögmenn. Breytingarnar hafa bæði gerzt smátt og smátt og í stærri stökkum. Atvinnulífið tekur breytingum, hraði í ákvarðanatöku vex sífellt og stjórnendur gera kröfur um skjót viðbrögð þeirra sérfræðinga, sem þeir leita til. Vandi lögmanna og annarra sérfræðinga felst meðal annars í því að samræma vandaða og skjóta ráðgjöf á samkeppnishæfu verði. Takist lögmönnum ekki að sannfæra viðskiptamenn sína um, að ráðgjöf þeirra sé vandaðri en annarra sem viðskiptamennirnir geta leitað til og verðið sé við hæfi, verða þeir undir í samkeppninni, viðskiptamennirnir leita annað.“

Jakob R. Möller hrl., formaður LMFÍ í Lögmannablaðinu 1999.⁵³



Lögmenn á toppinn vorið 2006

Vorið 2006 stóð félagsdeild LMFÍ fyrir göngu á Hvannadalshnjúk í fararstjórn Haraldar Arnar Ólafssonar.

Félagsdeild stofnuð

Með gildistöku laga um lögmenn nr. 77/1998 var skylduáðild að LMFÍ breytt þannig að hún náði einungis til lögbundins hlutverks félagsins. Því var ákveðið að stofna sérstaka félagsdeild LMFÍ sem rekin yrði samhliða félaginu.

Vangaveltur voru í upphafi um hvert hlutverk félagsdeildar ætti að vera og til að mynda nefndi Björn L. Bergsson í Lögmannablaðinu að deildin gæti veitt lögmönnum aðstoð við heimildaleit við undirbúning eða rekstur dómsmáls. Niðurstaðan var sú að verkefni félags-

deildar fólust í skipulagningu námskeiða fyrir lögmenn, markaðssetningu á þjónustu þeirra með Lögmannalistanum á heimasíðu LMFÍ og í byrjun var lagt áherslu á bestu kjarasamninga til lækkunar rekstrarkostnaðar lögmennsstofa. Félagsdeildin hefur þróast á þann veg að sjá einnig um námsferðir lögmanna annað hvert ár, skemmtiferðir og Lögmannablaðið.⁵⁸

ÉG ER LAMAÐUR, LAMAÐUR




Úr ferðinni eftirminnilegu. Á myndinni t.v. eru Sigurður Georgsson, Páll S. Pálsson og Þorsteinn Júlíusson.

Síðla hausts árið 1973 fóru nokkrir lögmenn á vegum stjórnar Lögmannafélagsins norður að Breiðabólstað í Vesturhópi, at Hafliða Mássonar, til að finna réttan stað fyrir minnisvarða um að þar voru fyrst skráð lög á Íslandi. Páll S. Pálsson formaður LMFÍ þekkti flugmann og fékk hann til að fljúga með hópinn til Blönduóss. Enginn var að flýta sér aftur heim, gleðskapur mikill og flogið seint til baka um nóttina. Þegar mennirnir tündust út úr vélinni reyndi Páll að standa upp en gat það ekki og kallaði því á Þorstein Júlíusson: -Steini, Steini, ég er lamaður, lamaður!

Þorsteinn beygði sig þá niður að Páli og losaði sætisbeltið.

Hafði frekar hugsað mér starfsferil sem embættismaður

Viðtal við Jón Finnsson hrl.



Jón Finnsson er fæddur árið 1926 og hætti störfum árið 2003, 77 ára gamall.

Þegar Jón Finnsson lauk prófi í lögum árið 1951 hóf hann störf hjá bæjarfógeta og sýslumanni í Hafnarfirði og sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, eins og embættið hét þá, og hafði engar áætlanir um lögmannsferil. Árið 1966 varð Jón ósáttur við ráðningu í sýslumannsembættið, sagði upp störfum og hóf lögmannsku fertugur að aldri. Jón stundaði lögmannsstörf næstu 37 árin við góðan orðstír.

„Ég byrjaði hjá bæjarfógeta og sýslumanni Hafnarfjarðar í ágúst 1951 en þá var embættið miklu stærra en núna, náði frá Botnsá í Hvalfirði og út á Suðurnes fyrir utan Keflavík og Reykjavík. Ég byrjaði sem lögreglustjóri í umboði sýslumanns á Keflavíkurflugvelli en flutti til Hafnarfjarðar þegar Keflavíkurflugvöllur var gerður að sérstöku lögsagnarumdæmi í 29. janúar 1954. Þar var ég þangað til ég fór í lögmannsku 1. mars 1966.“

Hvað kom til að þú breyttir um starfsvettvang?

„Ég hafði nú frekar hugsað mér starfsferil sem embættismaður en lögmaður eins og 14 ára starfstími minn hjá embættinu í Hafnarfirði ber mér sér. Ég varð hins vegar mjög ósáttur við skipun í embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu í nóvember 1965 þegar gengið var fram hjá Birni Sveinbjörnssyni, sem hafði

verið settur sýslumaður í níu ár. Ég gagnrýndi þennan gerning opinberlega með gildum rökum að mér fannst og sagði upp starfi. Af þessu varð mikið pólitískt uppstand, deilur á Alþingi og í blöðum. Í kjölfarið stofnaði ég lögmannsstofu ásamt Birni og tveimur öðrum lögfræðingum sem höfðu starfað hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga, þeim Skúla J. Pálmasoni og Sveini Hauki Valdimarssyni en Sambandið var okkar stærsti viðskiptavinur.“

Hvernig líkaði þér lögmenntan?

„Að mörgu leyti vel enda þekkti ég alla lögmennt í byrjun frá fyrri störfum mínum. Margir voru skemmtilegir karakterar en ég held að ekki hafi margir á þessum tíma auðgast af lögmannsstarfi. Samstarfsmenn mínir fyrir og síðar hafa verið úrvalsmenn og það skiptir ekki litlu máli. Björn hætti á stofunni þegar hann varð hæstaréttardómari árið 1973 en árið 1988 kom Kristinn Hallgrímsson og við fórum að kalla stofuna Lögvísi. Skúli hætti þegar hann varð héraðsdómari 1992 og Sveinn Haukur hætti störfum 1998. Sjálfur hætti ég 2003 en skömmu áður höfðum við tengst ungum og vöskum mönnum, þeim Óðni Elíssyni og Óskari Nordmann undir nafninu Fulltingi.“

Hvað breyttist á þeim áratugum sem þú varst lögmaður?

„Mesta breytingin varð 1. júní 1992 með aðskilnaði dóms- og framkvæmdavalds en þá komu ný einkamálaflög o.fl. Fram að þeim tíma var dómari meira ráðandi, bæði í einkamálum og opinberum málum. Í dag eru lögmennt mikið farnir að flytja mál á opinberum vettvangi, bæði í sjónvarpi og blöðum, og það er ekki gott. Svo hefur tölvutæknin hafið innreið sína og það hefur gjörbylt starfsumhverfinu. Mér hefur gengið þökkalega að tileinka mér hana.“

Sinntir þú einhverjum sérstökum málaflögum umfram aðra?



Stjórn LMFÍ 1976-1977 F.v. Brynjólfur Kjartansson meðstjórnandi, Jón Finnsson varaformaður, Guðjón Steingrímsson formaður Hjalti Steinþórsson ritari og Gylfi Thorlacius gjaldkeri.

„Ég hafði nokkuð breiðan grunn, bæði í einkamálum og opinberum málum þegar ég hóf lögmannsstörf en sjóréttarmál höfðu alltaf nokkuð sterkt til mín og komu þau gjarnan í minn hlut. Deildum Sambandsins hafði verið breytt í sex hlutafélög á árunum 1990-1991 en árið 1994 neyddist félagið til að leita nauðasamninga. Þeim lauk í október sama ár og greiðslum samkvæmt þeim lauk á árinu 1995. Miðað við það sem seinna gerðist var það sem út af stóð hreinir smámunir. Samband íslenskra samvinnufélaga er nú með heimilisfang á Akureyri.“

Jón sat í stjórn LMFÍ árin 1975-1977 og var varaformaður síðara árið. Auk þess sat hann í stjórn námssjóðs árin 1970-1974 og í laganevnd 1979-1982 en árið 2002 var hann gerður að heiðursfélagi. Varðst þú strax virkur í lögmannafélaginu er þú gerðist lögmaður?

„Maður mætti alltaf á aðalfundi að minnsta kosti en þar voru stundum átök. Þá höfðu menn töluverðan metnað til

þess að verða formenn í félaginu og skiptust upp í fylkingar.“

Þú varst í stjórn LMFÍ 1975-1977, var mikil starfsemi hjá félaginu á þeim tíma?

„Það voru fundir reglulega en það var ekki íþyngjandi starf að vera í stjórn. Það var hins vegar talsverð vinna að vera í laganevnd en hún gekk snurðulaust fyrir sig.“

E.I.

Brot úr sögu félags



Vorþingin á Þingvöllum voru ávallt tilhlökkunarefni enda var eins og félögin hefðu samið við almættið um veðrið. Það var sama þótt dagana á undan væri hryssingsrigning, rok og kuldi, þegar málþingsdagur rann upp, brast á með blíðu.

Fræðslufundir

Málflutningsmannafélagið fór snemma að sinna fræðslumálum en á árunum 1930 til 1934 voru haldnir 15 fyrirlestrar á vegum félagsins. Fyrstur til að halda fræðsluerindi var dr. Björn Þórðarson lögmaður sem hélt fyrirlestur um alþjóðadómstól Þjóðabandalagsins. Um miðjan fjórða áratuginn fækkaði fræðslufundum og undir lok áratugarins var flutningur fræðilegra erinda að heita má úr sögunni. Þá fór að gæta þess

viðhorfs að félaginu bæri að leggja fyrst og fremst áherslu á sérstök hagnamál stéttarinnar og þegar Lögfræðingafélag Íslands var stofnað árið 1958 var því eftirlátið að standa fyrir fræðafundum. Árið 1981 hófu LMFÍ og Dómarafélag Íslands að halda málþing á Þingvöllum í byrjun júní ár hvert og var því haldið áfram til ársins 2008 er Lagadagurinn var haldinn í fyrsta skipti ásamt Lögfræðingafélagi Íslands.⁶³



Lagadagurinn var haldinn í fyrsta skipti vorið 2008 af LMFÍ, LÍ og DÍ. Hugmyndin var fengin lánuð hjá systurfélögum í Finnlandi en þar hefur um árabil verið haldinn sérstakur ráðstefnudagur. Dagurinn byrjar með hádegisverði og sameiginlegri málstofu en að henni lokinni eru minni málstofur sem þátttakendur verða að velja úr. Lagadegi lýkur svo með hátíðarkvöldverði og skemmtun fram á nótt. Á fyrsta lagadaginn mættu 220 manns en síðan hefur gestum farið fjölgandi og hafa verið flestir 440.⁶²

MEÐ ALLAN ÞORSTANN

Páll S. Pálsson hrl. var eitt sinn að aka niður snjóþunga Vesturgötuna og sá þá Árna Halldórsson hdl. skjótast inn í Naustið. Árni hafði rekið lögmannsstofu í Reykjavík en var á þessum tíma fluttur til Egilsstaða þar sem hann rak stofu. Honum þótti sopinn góður, eins og fleiri lögmönnum, en Páll S. orti af þessu tilefni:

Þegar að lostinn laust'ann lengst til Víkur braust'ann með allan þorstann austan inn í Naustið skaut'ann.

SVO FALLVALT ER GENGI HEIMSINS

Þegar nágrannasveitarfélög Reykjavíkur tóku að þenjast út á síðari hluta 20. aldar kom það fyrir að í nýjum byggingalöndum myndust fyrir hræ af gömlum sumar- bústöðum. Oft höfðu þessi hús verið reist á grundvelli einhverra samninga við sveitarfélögin en lengi var þessu lítill gaumur gefinn og hræin rifin án þess að hirða um að ljósmynda þau eða gæta að hagsmunum rétthafa yfir þeim.

Þar kom að menn fóru að birtast á bæjarskrifstofum og krefjast bóta fyrir gömul sumarhús sem hefðu verið rifin. Maður nokkur, sem var allþekktur óreglumaður, stefndi einu af sveitarfélögunum fyrir að hafa rífið sumarhöll fjölskyldunnar til að rýma fyrir nýju hverfi. Eins og gengur var málinu frestað ítrekað á meðan starfsmenn bæjarins reyndu að átta sig á því hvaða gögn væru til um þessa stórmerkilegu byggingu. Þar kom að fundað var um málið og lögmaður mannsins, Kristján Stefánsson, lýsti því fjálglega hvílikt áfall það hefði verið umbjóðanda sínum að koma grandalaus að vitja þessa glæsihýsis forfeðranna, aðeins til að sjá viðurstygð eyðileggingarinnar. Taldi lögmaðurinn að umbjóðandinn hefði langt í frá jafnað sig á þessari upplifun. Lögmaður bæjarins stakk því þá að Kristjáni að raunar hefði umbjóðandinn látist fyrir ári síðan. Kristján tók þessu af yfirvegun og svaraði að bragði - Sic transit gloria mundi, sem útleggst á íslensku: svo fallvalt er gengi heimsins.



Handbók lögmanna

Um miðjan 8. áratuginn var farið að gefa út möppu sem bar nafnið Handbók lögmanna. Í henni var að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir lögmenn en félagið sendi þeim uppført efni í handbókina þegar þurfa þótti. Þegar heimasíða félagsins var tekin í notkun árið 1998 var handbókin sett á heimasíðu félagsins.⁶⁵



Þorsteinn Pálsson, dóms- og kirkjumálaráðherra, hélt ræðu í tilefni opunar bókasafns LMFÍ 1991. F.v. Hrafn Bragason forseti Hæstaréttar, Gestur Jónsson formaður LMFÍ og Þorsteinn Pálsson.

Bókasafn LMFÍ

Umræður um að Málflutningsmannafélag Íslands þyrfti að koma sér upp lögfræðibókasafni urðu strax í árdaga félagsins en á fundi 1914 kom Sveinn Björnsson með þá hugmynd að félagið keypti lögfræðirit. Fundarmenn töldu félagið ekki hafa efni á því en settu nefnd til að athuga málið sem auglýsti eftir frjálsum framlögum félagsmanna til bókakaupa. Ekki urðu þeir við þessari málaleitan stjórnar en hún fékk því framgengt að landsbókasafnið hóf að kaupa áskrift að dönskum tímaritum. Aftur var rætt um bókasafn á aðalfundi Málflutningsmannafélags Íslands árið 1925 og málið var öðru hverju til umræðu næstu áratuginna. Meðal annars komu fram hugmyndir í Blaði lögmanna árið 1963 um að félagið kæmi sér upp sérstöku fræði- og handbókasafni þar

sem þau bókasöfn sem lögmenn gátu leitað til, s.s. Háskólabókasafnið, væru ófullnægjandi og með slæmum starfs-skilyrðum. Mörgum lögmönnum gengi illa að útvega sér erlend lögfræðirit og bókasafn yrði hvatning til lögmanna til að stunda meiri vísindastörf.



Fyrsti vísir að bókasafni kom árið 1974 þegar félagið fékk að gjöf bækur frá Lárusi Jóhannessyni en þeim var komið fyrir á skrifstofu félagsins. Síðan barst félaginu rausnarleg bókagjöf frá erfingjum Ragnars Ólafssonar og Jón E. Ragnarsson ánafnaði félaginu bókasafni sínu er hann lést árið 1983. Bókasafn Lögmannafélags Íslands var formlega opnað árið 1991 í tilefni 80 ára afmæli félagsins - 77 árum eftir að Sveinn Björnsson hreyfði fyrst við hugmyndinni.⁶⁴



Fjórir félagar

Páll A. Pálsson, Kristinn Sigurjónsson, Ingi R. Helgason og Guðjón Steingrímsson fyrir utan sumarhúsið LMFÍ árið 1977.

Brot úr sögu félags



Skiptin lögmanna eftir rekstrarfyrirkomulagi 2007 og starfsaldur lögmanna 2009.

Könnun meðal lögmanna: Langur vinnudagur

Í könnun Lögmannablaðsins árið 2007 kom fram að 42% lögmanna á lögmennastofum störfuðu á stofum með fleiri en fimm lögmönnum og 20% væru einyrkjar. Þetta var í fyrsta skipti sem könnun var gerð á rekstrarfyrirkomulagi og starfsaðstæðum lögmanna á lögmennastofum og var svarhlutfallið 63%. Lögmenn voru spurðir um hvort þeir væru sjálfstætt starfandi eða fulltrúar, hve lengi þeir hefðu starfað

sem lögmenn og um aldur og kyn. Spurt var um stærð stofunnar og um sérhæfingu, gjald fyrir útseldan tíma, um vinnutíma og fleira.

Meðal niðurstaðna var að 80% lögmanna á lögmennastofum væru sjálfstætt starfandi lögmenn en mun fleiri yngri lögmenn voru á stofum með tveimur eða fleiri lögmönnum. 64% lögmanna tók þóknun á bilinu 10.000-13.900 krónur, 20% tóku 14.000-17.900 krónur, 10% tóku tímagjald undir 10.000 krónum. Um helmingur lögmanna vann 40-50 tíma á viku og þriðjungur vann

meira en 50 tíma á viku. Í könnun meðal lögmanna sem störfuðu hjá fjármála-fyrirtækjum kom fram að þeir ynnu lengri vinnutíma en lögmenn á lögmennastofum en 55% þeirra vann 40-50 tíma á viku og 40% vann meira en 50 tíma á viku. Þá kom einnig fram að framhaldsnám eftir embættispróf í lögfræði skilaði sér í betri stöðum.

Árið 2009 var aftur gerð könnun meðal félagsmanna LMFÍ og þar sagðist u.þ.b. þriðjungur lögmanna starf sitt hafa breyst í kjölfar efnahagshrunsins og að vinnuálag hefði aukist.⁶⁹



Fyrsta formannskosning í 16 ár

Aðalfundur LMFÍ vorið 2010 var fjölmennur sem var skemmtileg tilbreyting frá fundum undanfarinna ára. Ástæðan var formannskosning sem félagi stóðu frammi fyrir í fyrsta skipti síðan árið 1994 að kjósa milli tveggja lögmanna sem buðu sig fram til formanns. Alls mættu 236 af 840 félagsmönnum á kjörskrá og kusu 176, eða 75%, Brynjar Níelsson hrl. formann.⁷²

KISTAN Í JARÐARFÖRINNI

Þegar Jón Oddsson lá banaleguna kom Kristján Stefánsson til hans einu sinni sem oftar. Jón vissi hvert stefndi og sagði við Kristján:

-Konan segir að það megi ekki syngja í jarðarförinni minni lagið „Komdu og skoðuðu í kistuna mína.“

RÉTTLÆTI Í DAG OG ÓRÉTTLÆTI MORGUNDAGSINS

„Við þær aðstæður sem uppi eru í íslensku samfélagi í dag þurfa lögmenn og Lögmannafélag Íslands að standa vörð um réttarríkið og láta í sér heyra. ... Réttarríkið er ekki eitthvað sjálfsgengt fyrirbæri sem við getum gengið að sem vísu. Það þarf að styðja það og verja þegar að er sótt. Við getum heldur ekki látið reglur þess gilda stundum en vikið þeim til hliðar þegar okkur sýnist svo eða teljum það henta með vísan til réttlætissjónarmiða. Réttlæti dagsins í dag reynist oft vera óréttlæti morgundagsins.“

Brynjar Nielsson hrl., formaður LMFÍ í Lögmannablaðinu 2010.⁸³



Kjarabaráttu dómarafulltrúa leiðir til lagasetningar

Um áratuga skeið voru tíðar umræður innan Lögmannafélagsins um stöðu þeirra lögmanna sem stunduðu lögmennsku í hjáverkum með annarri vinnu, s.s. hjá ríkinu. Árið 1960 var leitað eftir því við dómismálaráðherra um að setja reglur um að málflytjendastörf væru ekki samrýmanleg störfum þeirra sem gegndu lögreglu- eða dómstörfum og að strangari reglur giltu um ýmsa aðra starfsmenn hins opinbera. Ekkert varð

að slíkri reglugerð fyrir en árið 1971 og varð kjarabaráttu dómarafulltrúa til þess að reglurnar voru loks settar.

Dómarafulltrúarnir höfðu um langt skeið reynt að ná eyrum stjórnvalda til að leiðrétta kjör sín og þegar þolinmæðina þraut haustið 1970 ákvað stór hópur þeirra að opna lögfræðistofur - að sögn til að drýgja tekjur sínar. Lögmannafélag Íslands brást ókvæða við þessu og í fréttabréfi félagsins var birt grein undir yfirskriftinni: „Veiting málflytningaréttinda. Gervilögmenn. Kamelljón“ . Segir þar m.a. að fyrir tilstuðlan dómismálaráðuneytisins hafði risið upp ný stétt, stétt gervilögmanna sem væru í þjónustu hins opinbera. Ekki kom þó til þess að dómarafulltrúarnir færu að praktisera enda mun það ekki hafa verið ætlun þeirra heldur að knýja stjórnvöld að samningaborðinu.

Mun þessi atburður hafa orðið til þess að lög nr. 32/1971 voru sett sem takmörkuðu verulega möguleika manna sem störfuðu hjá ríkinu til að stunda

Margir þessara gervilögmanna eru handhafar dómgezzu. Þeir gera sér litúð fyrir og skipta um lit eftir hlutverki sínu eða umhverfi, eins og kamelljónið. Þess gerast dæmi, að slíkur gervilögmaður hefir verið lögfræðingur aðila A í deilu hans við aðila B, og síðan gerst dómari í þessu sama máli, og þarf engan að furða, þótt aðili B sé jafnvel hlö opinbera, vinnuveitandi dómara. Sem hefur fer kveður litúð að þessu síðleysi enn, en Á sjálf-sagt eftir að furast í vöxt, ef eigi verður hamað gegn, ef dómismálaráðuneytið vaknar ekki til vitundar um það, hversu alvarlegt mál er hér á ferðinni. Skyli er að geta þess, að þessir gervilögmenn verja sig með því, að þeir séu nauðbeygðir til að stunda þessi aukastörf. Það er hverju orði sannara, að launa kjör lögfræðinga í þjónustu hins opinbera eru fyrir neðan allar hellur, en eigi verður fallist á það, að þessi aukastörfshitningur sé rétta leiðin til bættra lífskjara.

lögmannsstörf í hjáverkum og afla sér aukatekna með þeim hætti. Ekki voru þó allir félagsmenn á eitt sáttir með lagasetninguna og urðu miklar ýfingar innan félagsins vegna þessa.⁶⁷

Groa@leiti.is

Groa hefur verið bísa upptekin í vinnunni og lítt getað sinnt áhugamálum sínum. Annarra manna köppum. Síðtívað hefur hún þó skrifað.

Efni: Mannfræðistúdía.

Sæl. Veistu ég var að spá í að hnippa í hana Siggu frænku. Hún er í mannfræði í Háskólanum eins og þú veist. Ég held ég bendi henni á að það sé verðugt rannsóknarefni að skoða meðallærdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og í Hæstarétti, altsó karlmanna. Ég hef verið að mæta dælitíð oft undanfarið í héraðsdómnum og eins hlápið fyrir einn kollegann í dómstúpsögur í Hæsta. Það er bara langt sðan ég hef hitt fyrir annan eins karlmannafróðla sem ég get horft beint í augu við. Það hlýtur að vera einhverft stúðbagen við hliðina á dómuragenninu í flest um þeirra. Alltént held ég að Siggu ætti að skoða þetta fyrir lokaritgerðina.

Kveðja, Gróa.

Efni: Einn myndó.

Hæ. Eins og ég sagði þér um daginn þá hef ég verið að mæta soldíð í Héraðsdómi

Reykjavíkur. Mikil svakalega er nú hann Helgi í. huggó náungi, svona velbyggður og myndalegur. Maður líknar nú barnasta í tonjaldunum. Mér skilst að kollegarnir hans kalli hann Schwarzenegger Íslands! Samrúall- að réttnefni!

Kveðja, Gróa.

Efni: Siggú Lindal.

Blessuð. Mikil var nú notú að skreppa til þingvalla um daginn í góða veðrinu og róla um vellina með Siggú. Ha. Ó það fór beinlin- is nostalgíusclúhrofur niður hrygginn á mér þegar hann var að þyllja upp úr sér fróðleiku- um, og sjóga upp í nefið, ofan í mikrafóninu. Alveg eins og í tímum í gamla dagga. Svo er nú líka indæll að sjá að hann er sko ekki að misnota tekiakost Háskólans fyrir sig, var með gamla og lína blaðsýðunepila sem hann las af, engin ljósrít þar. Svo bíð ég líka spennt eftir að sjá hverju hann svarar Jóni Steinari. Siggú er ekki vanur að láta eiga svona inni hjá sér lengi.

Kveðja, Gróa.

Groa@leiti.is

Lögmannablaðið hafði komið út um nokkurra ára skeið þegar Gróa á Leiti gerðist fastur penni en hún hafði þá nýlega fengið útgefið málflytningaleyfi fyrir héraðsdómi og sett á stofn lögmannastofu. Gróa tók upp á því að senda Lögmannablaðinu afrit af tölvu- pósti sínum og var það efni birt sem helst þótti birtingarhæft en Gróa hafði helst til mikinn áhuga á náunganum og ekki alltaf vinsamlegan. Árið 2002 hætti Gróa að senda pistla til blaðsins og ekki er vítað hvar hún er niðurkomin.³⁹

Brot úr sögu félags



Dr. Gunnlaugur Þórðarson við stuðlabergsdrangana sem hann lét setja niður við Goðafoss.

Minnisvarði við Goðafoss

Árið 1990 fékk dr. Gunnlaugur Þórðarson samþykktu tillögu á aðalfundi LMFÍ um að félagið léti reisa minnisvarða við Goðafoss, um þann atburð þegar Þorgeir Ljósveitningagoði lagðist undir feld í þrjá daga áður en hann leiddi til lykta deildu Ásatrúarmanna og kristinna á Þingvöllum árið 1000. Næstu ár sló stjórn félagsins sífellt á frest að vinna að málinu þar sem önnur meira aðkallandi verkefni tóku tíma hennar. Dr. Gunnlaugur reyndi að fylgja málinu eftir með því meðal annars að koma með teikningar af minnisvarða til stjórnar og bjóða stjórn og framkvæmdastjóra félagsins í dýrðlegan kvöldverð í bústað sínum við Helluvatn í Rauðhólum til að ræða málið.

Á endanum gafst dr. Gunnlaugur upp á sinnuleysi stjórnar og tók málið

í sínar hendur. Hann fór norður og samdi við heimamann um að setja niður stuðlabergsdranga á eyju á bílastæði, sem nýbúið var að gera við Goðafoss. Stuttu síðar fékk skrifstofa félagsins upphringingu frá oddvita sveitastjórnar á svæðinu sem var ósátt við að Lögmannafélagið setti niður minnismerki án þess að ræða við skipulagsnefnd eða sveitarstjórn. Marteinn Mátsson framkvæmdastjóri og Sigurmar K. Albertsson formaður fóru af þessu tilefni norður og hittu oddvitann á fundi til þess að ræða málið. Úr varð að stuðlabergsdrangarnir fengu að standa áfram á eyjunni og félagið lét steypa járnplötu með áletrun um hinn merka atburð árið 1000. Síðan hefur minnisvarðinn staðið á sínum stað, félaginu og dr. Gunnlaugi til mikils sóma.⁸¹

ÞAÐ MÁTTI REYNA ÞAÐ



F.v. Kristján Stefánsson og Hilmar Ingimundarson.

Hilmar Ingimundarson átti til að vera svolítið brögðóttur í réttarsal og einu sinni kom hann með nýjar málsástæður í seinni ræðu sem ekki þykja vera góð vinnubrögð. Lögmaður gagnaðila mótmælti með því að grípa fram í fyrir Hilmar, sem þykja heldur ekki góð vinnubrögð. Mælti Hilmar þá dúnmjúkri röddu: -Ég ætla ekki að fara fram á það að lögmaður gagnaðila verði víttur fyrir frammíköll.

Eitt sinn sagði dómari við Hilmar þegar hann kom með nýjar málsástæður í réttarsal: -Hilmar, svona gerir maður ekki.

-Æ, svaraði Hilmar; -það má reyna það.

VEISTU HVER ÉG ER?

Eitt sinn kom Hilmar akandi inn á bílport lögreglu og lagði þar bílnum. Kom þá hlaupandi út lögreglumaður í fullum skrúða og tjáði Hilmar að bílastæðin væru einungis fyrir lögreglumenn og starfsmenn embættisins.

Hilmar svaraði þá að bragði: -Veistu hver ég er?

Lögreglumaðurinn varð hvumsa og sagði: -Nei það veit ég ekki.


Þá svaraði Hilmar: -Ef þú veist ekki hver ég er, þá hef ég fullar efasemdir um að þú sért lögreglumaður og mér ber ekki skylda til að hlusta á þig.



Stjórn LMFÍ 1960-1961. F.v. Porvaldur Lúðvíksson, Gísli Einarsson, Ágúst Fjeldsted formaður, Egill Sigurgeirsson og Jón N. Sigurðsson.

Lífeyrissjóður lögmanna

Á 6. áratugnum komu upp hugmyndir um stofnun lífeyrissjóðs fyrir lögmenn og málið rætt á fjölmörgum fundum. Sjóðurinn var stofnaður árið 1960 en hann laut sérstakri stjórn og hafði eigin samþykktir. Þar sem félagsmenn voru of fáir tókst ekki að byggja upp öflugan lífeyrissjóð auk þess sem eignir hans rýrnuðu í verðbólgu á sjöunda og áttunda áratugnum. Var hann lagður niður árið 1983.⁷⁷



Línuritíð hér að ofan sýnir fjölgun félagsmanna frá stofnun Lögmannafélagsins árið 1911 til ársins 2011. Fjölgunin er tiltölulega jöfn lengi framan af, en félagsmönnum fer síðan ört fjölgandi upp úr árinu 1980 og á síðustu rúmum tíu árum hefur félagafjöldi nánast tvöfaldast. Félagsmenn eru nú 952 talsins - 680 karlar (71,4%) og 272 konur (28,6%).



Auk þess að standa fyrir faglegum námskeiðum fyrir lögmenn stendur félagsdeild öðru hvoru fyrir öðruvísi námskeiðum. Á myndinni eru lögmenn og fylgifiskar að læra Sushigerð.

Námssjóður

Á aðalfundi árið 1970 var námssjóður Lögmannafélags Íslands stofnaður og var honum m.a. ætlað að efla framhaldsmenntun með styrkveitingu til einstakra lögfræðinga og með fjárframlögum til fræðslufunda og námskeiða. Tekjustofn námssjóðs var 20% af málagjöldum sem greidd voru við þingfestingu dómsmála og rann til LMFÍ. Aðrar tekjur sjóðsins voru vextir af innstæðum, gjafir og önnur framlög. Á meðan sjóðurinn var að eflast fyrstu árin var starfsemi engin og sá þá félagssjóður LMFÍ um að styrkja námskeiðahald lögfræðinga. Í árslok 1974 var eign sjóðsins rúmlega ein milljón krónur og á næstu árum styrkti námssjóður útgáfu Tímarits lögfræðinga og Úlfljóts, gaf út nokkrar bækur lögfræðilegs efnis auk þess að styrkja lögmenn til utanfara. Frá árinu 1992 hefur starfað sérstök fræðslunefnd sem hefur það hlutverk að vera stjórn til ráðuneytis um fræðslu- og endurmenntunarmál lögmanna. 1998 hóf LMFÍ samstarf við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands ásamt Lögfræðingafélagi Íslands um endurmenntun lögmanna og annarra lögfræðinga. Frá árinu 2002 hefur námssjóður staðið fyrir námskeiðum hjá félagsdeild LMFÍ.⁷⁹

Brot úr sögu félags



Stjórn LMFÍ árið 1979-1980. F.v.: Helgi V. Jónsson meðstjórnandi, Jónas A. Aðalsteinsson varaformaður, Þorsteinn Júlíusson formaður, Stefán Pálsson ritari og Skarphéðinn Þórisson gjaldkeri.

Laganefnd

Laganefnd var kosin í fyrsta skipti á aðalfundi árið 1979 en hlutverk hennar var að fylgjast með lögum, lagaframkvæmd og lagafrumvörpum og gefa stjórn félagsins ábendingar og tillögur til umsagna um þau. Í fyrstu laganefndina voru skipaðir þeir Benedikt Blöndal, Guðmundur Ingvi Sigurðsson, Jón Finnsson, Páll Arnór Pálsson og Baldur Guðlaugsson.⁷⁴

Kjaranefnd

Hlutverk kjaranefndar, sem stofnuð var á aðalfundi árið 1979, var að vinna að bættum hag félagsmanna og gera tillögur til stjórnar um málefni sem vörðudu kjör þeirra, s.s. launa-, markaðs-, trygginga-, skatta- orlofs- og menntunarmál. Í nefndina voru í upphafi skipaðir þeir Jón E. Ragnarsson, Ragnar Aðalsteinsson, Brynjólfur Kjartansson, Jón Steinar Gunnlaugsson og Gestur Jónsson.⁷⁵

Styrktarsjóður lögmanna

Snemma komu upp hugmyndir um að stofna sérstakan styrktarsjóð lögmanna og aðstandenda þeirra. Var það gert árið 1931 en tilgangur sjóðsins var að styrkja málflutningsmenn sem verið höfðu félagsmenn eða fjölskyldur þeirra til að bæta úr alls konar fjárhagsvandræðum og vegna náms eða annars undirbúnings unglinga undir lífsstarfið. Fyrstu styrkirnir voru greiddir úr sjóðnum vorið 1940. Með lögum um málflytjendur nr. 61/1942 voru tekjur sjóðsins ákvarðaðar sektir sem stjórn lögmannafélagsins gat skikkað lögmenn til að greiða fyrir framferði í starfi og væri stéttinni ósamboðið. Sjóðurinn varð aldrei öflugur en síðast var veittur styrkur úr honum árið 1995. Þá var ekkju látins félagsmanns veittur styrkur en þar sem sjóðurinn var tómur varð að færa fjármuni úr félagssjóði í þessu skyni. Sjóðurinn var formlega lagður niður árið 1998 þegar nýjar samþykktir voru gerðar fyrir félagið.⁷⁶

Gjaldskrárnefnd

Eitt af fyrstu verkefnum Málflutningsmannafélagsins var að setja lágmarks-gjaldskrá fyrir félagsmenn sína en næstu áratugi var umræða um hana áberandi á fundum. Sérstök gjaldskrárnefnd starfaði lengi innan félagsins en hún hafði það hlutverk að fjalla um og gera tillögur um breytingar á gjaldskrá en úrskurðarvald um málflutningsþóknun var hjá stjórn félagsins. Lögmannafélagið hætti að vera vettvangur formlegs samráðs lögmanna þegar talið var að það væri andstætt samkeppnislögum árið 1994. Gjaldskrárnefnd var eina nefndin sem starfaði samkvæmt samþykktum félagsins þar til aðalfundur samþykkti að stofna laganefnd og kjaranefnd árið 1979.⁷³



Lagasafn Jóns E. Ragnarssonar

Jón E. Ragnarsson gaf Lögmannafélaginu allt lagabókasafn sitt eftir sinn dag en meðal gersema er Lagasafnið þar sem búið er að skera út úr blaðsíðum til að koma fyrir þela.



Stjórn LMFÍ 1980-1981 F.v. Helgi V. Jónsson varaformaður, Jónas A. Aðalsteinsson meðstjórnandi, Þorsteinn Júlíusson formaður, Svala Thorlacius ritari og Ólafur Axelsson gjaldkeri.

Félagsgjöld

Eitt af verkefnum stjórnar félagsins árið 1980-1981 var að eiga við lögmennt sem vildu halda lögmannsréttinum sem neituðu að greiða félagsgjöld. Látið var reyna á það fyrir dómi hvort lögmaður sem neitaði aðild sinni að félaginu gæti komist hjá því að greiða félagsgjöld.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að viðkomandi væri skyldur til þess þar sem hann væri „eo ipso“ félagi í Lögmannafélaginu þegar hann hefði leyst til sín málflutningsleyfi. Lögmaðurinn áfrýjaði til Hæstaréttar en málið féll síðan niður vegna útivistar.⁵⁷



Stjórn LMFÍ 2000 -2001 ásamt framkvæmdastjóra

F.v. Ársæll Hafsteinsson meðstjórnandi, Helgi Birgisson gjaldkeri, Ingimar Ingason framkvæmdastjóri, Ásgeir Thoroddsen formaður, Gunnar Jónsson varaformaður og Valborg Snævarr ritari.

Fyrsti innanhússlögmaður í stjórn

Á aðalfundi 2000 kom fyrsti innanhússlögmaður í stjórn félagsins en fram að því hafði þótt rétt að þar sætu einungis sjálfstætt starfandi lögmennt þar sem stjórnin úrskurðaði sjálf í deilumálum lögmannta. Úrskurðarnefnd lögmannta tók við því hlutverki með nýjum lögmannalögum nr. 77/1998 og Ársæll Hafsteinsson tók sæti í stjórn starfsárið 2000-2001.⁸²



Indriði Þorkelsson hrl. með skjólstæðingi á Lögmannavaktinni. Þess ber að geta að flestir lögmennt sinna „pro bono“ verkefnum í störfum sínum.

Lögmannavaktin

Í febrúar 1994 hóf Lögmannavaktin starfsemi en hugmynd um að veita almenningi ókeypis lögfræðiráðgjöf hafði lengi verið til umræðu innan félagsins, allt frá árinu 1932. Lögmannavaktinni var ætlað að veita almenningi endurgjaldslausa ráðgjöf hjá starfandi lögmonntum og hefur hún starfað allar götu síðan. Að jafnaði skipta 90 lögmennt á milli sín að koma hvern þriðjudagseftirmiðdag yfir vetrartímann og veitt almenningi ókeypis ráðgjöf en þessi þjónusta Lögmannafélagsins hefur fest sig rækilega í sessi.⁶⁶

ÞJARKAÐ Á FUNDI

Einu sinn á fundi í Lögmannafélaginu stóðu Páll S. Pálsson og Barði Friðriksson upp til skiptis og reyndu að svívirða hvor annan þannig að hinn gæfist upp. Páll var úr Húnavatnssýslu en Barði úr Þingeyjasýslu. Örn Clausen sat við hlið Barða sem hvíslaði að honum þegar hann var að fara halloka í þessu stríði: -Nú er helvítið búið að máta mig endanlega. Nú get ég ekki staðið upp aftur.

-Jú, jú, svaraði Örn; -stattu nú upp og segðu að burtséð frá öllu öðru þá séu Húnavetningar frægir fyrir eitt að minnsta kosti, að skrár Fangahjálparinnar á Íslandi sýndu að 86% af öllum dæmdum glæponum á landinu kæmu úr Húnavatnssýslu.

Barði stóð upp og mælti að ráði Arnar. Skemmt er frá því að segja að Páll stóð ekki upp aftur á þessum fundi, en auðvitað var þetta svo bara skáldskapur hjá Erni.

Brot úr sögu félags


Á árs hátíð LMFÍ árið 2000

Efst f.v.: Gunnar Thoroddsen, Steinar Þór Guðgeirsson, Tómas Jónsson og Bjarni Þór Óskarsson.
Í miðju f.v.: Þorsteinn Einarsson, Stefán Geir Þórisson, Smári Hilmarsson og Jóhanna H. Marteinsdóttir.



Tilgangur félagsins í takt við tímann

Frá stofnun Málflutningsmannafélags Íslands árið 1911 var tilgangur félagsins, samkvæmt lögum, að vernda hagsmuni málflutningsmanna, efla góða samvinnu milli þeirra og gæta þess að þeir fylgdu sömu reglum um borgun fyrir störf sín. Í takt við breytingar á félaginu og starfsumhverfi lögmanna var tilganginum breytt í samþykktum félagsins árið 1944 í að gæta hagsmuna félagsmanna og styrkja félagsmenn, ekkjur þeirra og munaðarlaus börn. Heildarendurskoðun á samþykktum félagsins fór fram árið 1998 og síðan þá hefur tilgangur félagsins verið að sinna lögboðnu eftirlits- og agavaldi, gæta hagsmuna lögmanna-téttarinnar, stuðla að samheldni og góðri samvinnu félagsmanna, að standa vörð um sjálfstæði lögmanna-téttarinnar og að stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis.⁸³



Fjöldi félagsmanna á aldarafmæli LMFÍ

Á 100 ára afmæli Lögmannafélags Íslands, 11. desember 2011, voru félagsmenn 952 talsins - 680 karlar (71,4 %) og 272 konur (28,6%). Sjálfstætt starfandi lögmenn voru 435 talsins (46%), fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna 210 (22%) og innanhússlögmenn 267 (28%). Alls störfuðu 178 innanhússlögmenn hjá fyrirtækjum og félagasamtökum og 89 hjá ríki eða sveitarfélögum. 40 lögmenn (4%) voru hættir störfum vegna aldurs.

GERÐU ÞETTA ALDREI AFTUR

Eitt sinn var Örn Clausen að verja mann og fékk hann óvænt sýknaðan. Þegar sá sýknaði þakkaði Erni fyrir vörminna svaraði Örn: -Það var nú lítið, en þú verður að lofa að gera þetta aldrei aftur!



Síðasti yfirfærsludagur Hæstaréttar

Á síðasta yfirfærsludegi Hæstaréttar 1. júní 1994 tók Atli Gíslason myndir af lögmönnum og dómendum. Fyrsta röð f.v.: Örn Höskuldsson hrl., Þórunn Guðmundsdóttir hrl., Guðrún Margrét Árnadóttir hrl., Björgvin Þorsteinsson hrl. og Jón G. Briem hrl. Önnur röð f.v.: Gunnar Sæmundsson hrl., Jón Hjaltason hrl., Magnús Thoroddsen hrl., Kjartan Reynir Ólafsson hrl., Kristján Stefánsson hrl. og Sigurmar K. Albertsson hrl. Þriðja röð f.v.: Ingi Ingimundarson hrl., Ingólfur Hjartarson hrl og Andri Árnason hrl. Fjórða röð f.v.: Hjalti Steinþórsson hrl. og Stefán Pálsson hrl. Fimmta röð: Óþekktur skjólstæðingur, Jón Halldórsson hrl. og Jón Oddsson hrl.



70 ára afmæli LMFÍ

Haldið var upp á 70 ára afmæli LMFÍ í Sunnusál Hótel Sögu árið 1981. Helgi V. Jónsson formaður félagsins í ræðustól.



Sigurður G. Guðjónsson og Guðný Höskuldóttir



F.v. Ingi Ingimundarson, Bergur Bjarnason og Axel Kristjánsson (sést í Þorstein Thorarensen á milli)



Merki félagsins

Á 85 ára afmæli LMFÍ eignaðist félagið í fyrsta skipti merki sem var ætlað að vera hluti af ímynd félagsins og lögmannastéttarinnar. Hugmynd að merkinu var sótt í gamalt tákni fyrir stjórnumerkið vogina sem hafði í þúsundir ára verið tákni fyrir réttlæti og óhlutdrægni. Gísli B. Björnsson grafískur hönnuður, sá um hönnun merkisins og útfærslu og hefur það síðan verið notað af félaginu.²⁶

LEYFÐI HENNI AÐ PRÓFA

Lögfræðingafélag Íslands fór einu sinni í námsferð til Kína. Eftir nokkra daga kom lögmaður einn til Helga Jóhannessonar sem þá var formaður LÍ og sagði: -Það bankaði hjá mér lítil kona og bauð „massage“. -Og hvað gerðir þú? -Æ, ég leyfði henni aðeins að prófa!

Brot úr sögu félags

Tilvísanir

1. Reykjavík 16. desember 1911, 215.
2. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“. *Tímarit lögfræðinga* 4. hefti 2001, 270-271 og 274.
3. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“. *Tímarit lögfræðinga* 4. hefti 2001, 270-272.
4. Óprentaðar heimildir: „Úr skjalasafni Sveins Snorrasonar“. Ræða Sveins á 75 ára afmæli félagsins og Theodór Lindal: *Málflutningsmannafélag Íslands 25 ára 1911 - 11.des.-1936*, 42.
5. Gunnlaugur Haraldsson: *Lögfræðingatal* A-F, 361.
6. Lárus Fjeldsted: „Sveinn Björnsson, forseti Íslands“ *Tímarit lögfræðinga* 1. hefti 1952, 1.
7. *Skjalasafn LMFÍ*: „Lágmarksgjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands.“ Reykjavík 1925.
8. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 270-274, 292-293 og Theodór Lindal: *Málflutningsmannafélag Íslands 25 ára 1911 - 11. des.-1936*, 22.
9. *Viðtal við Svein Snorrason* 14.nóvember 2011.
10. Gunnar Þorsteinsson hrl.: „Lögmannafélag Íslands 40 ára“. *Morgunblaðið* 16. desember 1951, 2.
11. Theodór Lindal: *Málflutningsmannafélag Íslands 25 ára 1911 - 11.des.-1936*, 44.
12. Gunnar Þorsteinsson hrl.: „Lögmannafélag Íslands 40 ára“, *Morgunblaðið* 16. desember 1951, 2 og Theodór Lindal: *Málflutningsmannafélag Íslands 25 ára 1911 - 11.des.-1936*, 17
13. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 270-273. Gunnar Þorsteinsson hrl.: „Lögmannafélag Íslands 40 ára“, *Morgunblaðið* 16. desember 1951, 2
14. Gunnar Þorsteinsson hrl.: „Lögmannafélag Íslands 40 ára“, *Morgunblaðið* 16. desember 1951, 2
15. *Landsbókasafn*: Málflutningsmannafélag Íslands. Fundargerðarbók II, 1925-1930. 3. mars 1926.
16. *Landsbókasafn*: Málflutningsmannafélag Íslands. Fundargerðarbók II, 1925-1930. 28.september1927 og 27. janúar 1930.
17. Theodór Lindal: *Málflutningsmannafélag Íslands 25 ára 1911 - 11.des.-1936*, 46.
18. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 310.
19. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 270-275.
20. *Lögmannablaðið* 1. tbl. 2009, 28.
21. Gunnar Þorsteinsson hrl.: „Lögmannafélag Íslands 40 ára“. *Morgunblaðið* 16. desember 1951, 2.
22. Gunnar Þorsteinsson hrl.: „Lögmannafélag Íslands 40 ára“. *Morgunblaðið* 16. desember 1951, 2.
23. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 270-276.
24. Heimasiða LMFÍ: <http://lmfi.is/um-lmfi/stjornir-lmfi-fra-upphafi/>. Prentað út 8.12.2011.
25. *Lögfræðingur* 1897-1901: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=31&lang=is. *Tímarit lögfræðinga og hágræðinga*. 1. og 2. árg. 1922-1924. *Blað lögmannna* 1. árg. 1.tbl. febrúar 1963, 1. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 304. Lárus Jóhannsson og Ágúst Fjeldsted: „Ávarpsorð frá Lögmannafélagi Íslands“. *Tímarit lögfræðinga* 1.hefti 1960. Marteinn Másson: „Fylgt úr hlaði“. *Lögmannablaðið* 1/1995. 1. árg., 3.
26. Marteinn Másson: „Á við og dreif. Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 1996.“ *Tímarit lögfræðinga* 1. hefti 1997, 49.
27. *Lögmannablaðið* 3. tbl. 1996, 23 og 3. tbl. 1997, 18.
28. *Munnleg heimild*: Stefán Pálsson 28.11.2011
29. *Lögmannablaðið* 3. tbl. 2010, 31 og 4.tbl. 2010, 13.
30. „Mörður afhjúpaður“ *Lögmannablaðið* 4.tbl. 2005, 22.
31. „Á við og dreif. Aðalfundur LMFÍ 26. mars 1993“. *Tímarit lögfræðinga* 3. tbl. 1993, 173 og Ásgeir Thoroddsen: „Lögmannafélag Íslands 90 ára“. *Tímarit lögfræðinga* 4. tbl. 2001, 260.
32. *Alþingistiðindi* 1936. A, þingskjal 507 og 573. Theodór B. Lindal: „Lögmannafélag Íslands 50 ára“. *Tímarit lögfræðinga* 2. hefti 1961, 131. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 289 og Á.F.: „Frá Lögmannafélagi Íslands“. *Tímarit lögfræðinga* 2. hefti 1956, 109.
33. *Tímarit lögfræðinga* 1985. 2. hefti, 130, Marteinn Másson: „Á við og dreif. Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 1996.“ *Tímarit lögfræðinga* 1. hefti 1997, 50, *Lögmannablaðið* 2. tbl. 1997, 7 og Jóna K. Kristinsdóttir: „Fréttir frá félagsdeild LMFÍ“. *Lögmannablaðið* 3.tbl. 2000, 24.
34. *Tímarit lögfræðinga* 2. hefti 1987, 144. *Lögmannablaðið* 5.tbl. 1996, 20. „Reglur um notkun merkis Lögmannafélags Íslands“ *Lögmannablaðið* 4.tbl. 1999, 18.
35. Úr skjalasafni Sveins Snorrasonar. Ræða Sveins á 75 ára afmæli félagsins.
36. Mynd í eigu Jóns Steinars Gunnlaugssonar. Hafþór Ingi Jónsson: „Bandaríkjaferð lögmannna“ *Tímarit lögfræðinga* 2. hefti 1983, 99.
37. „Lögmannafélag Íslands 80 ára í dag: Skál lögmaður svo til allra mála leggja sem hann veit sannast eftir lögum og sinni samvisku.“ *Morgunblaðið* 11. desember 1991, 16.
38. *Tímarit lögfræðinga* 1982. 2. hefti, 88-90. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 310.
39. *Lögmannablaðið* 1. tbl. 1999, 8 og 3. tbl. 1999, 15.
40. „90 ára afmæli Lögmannafélags Íslands“. *Lögmannablaðið* 1. tbl. 2002, 27.
41. Ásgeir Thoroddsen: „Lögmannafélag Íslands 90 ára“. *Tímarit lögfræðinga* 4. tbl. 2001, 261.
42. „Skák og mát“ *Lögmannablaðið* 1.tbl. 2008, 30.
43. Marteinn Másson: „Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 1995“. *Tímarit lögfræðinga* 4. hefti 1995, 306.
44. Eyrún Ingadóttir: „Held áfram á meðan heilsan leyfir“. *Lögmannablaðið* 4.tbl. 2005, 13.
45. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 277, Þorvaldur Ari Arason: „Lögmannahús Lögmannabókasafni“ *Blað lögmannna* 1. árg. 1.tbl. febrúar 1963, 13, *Tímarit lögfræðinga* 1982. 4. hefti, 204 og Marteinn Másson: „Við starfslok“. *Lögmannablaðið* 5.tbl. 1999, 21.
46. Helgi Jóhannesson: „Pistill formanns“ *Lögmannablaðið* 2.tbl. 2006, 17.
47. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 276 og *Lögmannablaðið* 3. tbl. 2009, 16.



48. Sveinn Snorrason: „Rannveig Þorsteinsdóttir“, *Tímarit lögfræðinga* 1. tbl. 1987, 7. Marteinn Másson: „Við starfslok“, *Lögmannablaðið* 5.tbl. 1999, 20. Siv Konráðsdóttir: „Konur og lögmennska“, *Lögmannablaðið* 4.tbl. 2000, 4.
49. Stofnun Félags kvenna í lögmennsku: Helmingur kvenna í LMFÍ stofnfélagar!“, *Lögmannablaðið* 1.tbl. 2004, 27. Mynd í eigu Guðrúnar Erlendsdóttur.
50. „Stofnun FKL hefur haft mikil áhrif“, *Lögmannablaðið* 4.hefti 2004, 17. Stofnun Félags kvenna í lögmennsku: Helmingur kvenna í LMFÍ stofnfélagar!“, *Lögmannablaðið* 1. tbl. 2004, 27.
51. „Félag sáttalögmanna stofnað“, *Lögmannablaðið* 4.tbl. 2007, 21.
52. *Lögmannablaðið* 2. tbl. 2009, 31, Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 278 og Gunnlaugur Haraldsson: *Lögfræðingatal 1736-1992*. G-L, 529, og M-Ö, 495.
53. Jakob R. Möller: „Samkeppnisstaða lögmanna“, *Lögmannablaðið* 2.tbl. 1999, 3.
54. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 286, 287 og 296 og *Lögmannablaðið* 2. tbl. 1998, 3.
55. „Að efla rétt og hringa órétti?“, *Lögmannablaðið* 3. hefti 2009, 18.
56. *Lögmannablaðið* 1. tbl. 1997, 7 og 2. tbl. 1997, 7.
57. Þorsteinn Júlíusson: „Aðalfundur 1981“, *Tímarit lögfræðinga* 3. hefti 1981, 159.
58. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 277. Björn L. Bergsson: „Ritstjórnarspjall“, *Lögmannablaðið* 2. tbl. 1999, 6 og Ingimar Ingason: „Starfsemi félagsdeildar Lögmannafélagsins“, *Lögmannablaðið* 4.tbl. 1999, 12. Jóna k. Kristinsdóttir: „Fréttir frá félagsdeild LMFÍ“, *Lögmannablaðið* 1.tbl. 2000, 7.
59. *Tímarit lögfræðinga* 1982 4. hefti, 205 og 1983 2. hefti, 97.
60. *Lögmannablaðið* 5. tbl. 1996, 22.
61. Skúli Pálsson: „Frá Lögmannafélagi Íslands. Félagsfundur“, *Tímarit lögfræðinga* 4. hefti 1973, 22. Mynd í eigu Stefáns Pálssonar.
62. „Lagadagurinn 2008“, *Lögmannablaðið* 2.tbl. 2008, 12
63. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 302-304.
64. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 306, *LBS-HBS: Fundargerðarbók Málflutningsmannafélags Íslands 1925, Tímarit lögfræðinga* 1984. 2. hefti, 115 og 1985. 2. hefti, 130, Skúli Pálsson: „Frá Lögmannafélagi Íslands. Aðalfundur 1974“, *Tímarit lögfræðinga* 1. hefti 1974, 42 og Þorvaldur Ari Arason: „Lögmannaáhrif Lögmannaáhrif“, *Blað lögmanna* 1. árg. 1.tbl. febrúar 1963, 13.
65. *Tímarit lögfræðinga* 1. hefti 1975, 28.
66. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 307. *Morgunblaðið* 4. febrúar 1994, 22. *Lögmannablaðið* 2.tbl. 2009, 16-18.
67. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 291. *Morgunblaðið* 3. október 1970, 13, 18 og 22.
68. Þórunn Guðmundsdóttir: „Farið frá borði“, *Lögmannablaðið* 1.tbl. 1997, 3.
- „Könnun Lögmannaáhrif: Lögmenn á lögmennsstofum“, *Lögmannablaðið* 1. tbl. 2007, 14-18 og 3. tbl. 2007, 16-20. Eyrún Ingadóttir: „Mikil áhrif bankahrunsins á störf lögmanna“, *Lögmannablaðið* 3. tbl. 2009, 6.
69. „Könnun Lögmannaáhrif: Innanhúslögmenn“, *Lögmannablaðið* 3. tbl. 2007, 16-20.
70. Eyrún Ingadóttir: „Mikil áhrif bankahrunsins á störf lögmanna“, *Lögmannablaðið* 3. tbl. 2009, 6.
71. „Formannskosning í fyrsta skipti í 16 ár“, *Lögmannablaðið* 2. tbl. 2010, 6.
72. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, *Tímarit lögfræðinga* 4. hefti 2001, 292-293 og „Frá Lögmannafélagi Íslands. Aðalfundur 1979“, *Tímarit lögfræðinga* 2. hefti 1979, 95.
73. „Frá Lögmannafélagi Íslands. Aðalfundur 1979“, *Tímarit lögfræðinga* 2. hefti 1979, 95.
74. „Frá Lögmannafélagi Íslands. Aðalfundur 1979“, *Tímarit lögfræðinga* 2. hefti 1979, 95 og *Tímarit lögfræðinga* 1983. 2. hefti, 96.
75. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 293-294, *Alþingistíðindi* 1954. A, þskj. 435 og 464.
76. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 294.
77. Hjalti Steinþórsson: „Framhaldsaðalfundur 1976“, *Tímarit lögfræðinga* 3. hefti 1977, 130, Skúli Pálsson: „Frá Lögmannafélagi Íslands. Félagsfréttir“, *Tímarit lögfræðinga* 3. hefti 1974, 148. *Tímarit lögfræðinga* 3. hefti 1977: „Samþykktir fyrir ábyrgðarsjóð Lögmannafélags Íslands“, 132. Hafþór Ingi Jónsson: „Um starfsemi Lögmannafélags Íslands starfsárið 1987-1988“, *Tímarit lögfræðinga* 3. hefti 1988, 186, Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, 289, 295 og 312. Marteinn Másson: „Við starfslok“, *Lögmannablaðið* 5.tbl. 1999, 20.
78. Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“, *Tímarit lögfræðinga* 4. hefti 2001, 302-304, Brynjólfur Kjartansson: „Frá Lögmannafélagi Íslands. Aðalfundur 1975“, *Tímarit lögfræðinga* 2. hefti 1975, 79, Guðmundur Ingvi Sigurðsson: „Námssjóður Lögmannafélags Íslands“, *Tímarit lögfræðinga* 4. hefti 1977, 202, Hafþór Ingi Jónsson: „Um starfsemi Lögmannafélags Íslands starfsárið 1987-1988“, *Tímarit lögfræðinga* 3. hefti 1988, 190 og *Lögmannablaðið* 3. tbl. 1998, 10.
79. *Munnleg heimild*: Stefán Pálsson 28.11.2011
80. *Tölvupóstur frá Marteini Mássyni* 6.12.2011.
81. Ásgeir Thoroddsen: „Við upphaf starfsárs“, *Lögmannablaðið* 2. tbl. 2000, 3.
82. Brynjar Nielsson: „Prófsteinn réttarríkisins“, *Lögmannablaðið* 2 tbl. 2010, 25.
83. Theódór Línal: Málflutningsmannafélag Íslands 25 ára 1911 - 11.des.-1936, 20 og Skjalasafn LMFÍ: Samþykktir fyrir Lögmannafélag Íslands 1945. Heimasiða LMFÍ: <http://www.lmf.is/um-lmf/samthykktir/> prentað út 12.des. 2011

Brot úr sögu félags er tekið saman af Eyrúnu Ingadóttur.

Árnaðaróskir til Lögmannafélags Íslands í tilefni aldarafmælis



HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Lögfræðistofa

Jóhanns Baldurssonar hdl.

Ásvallagötu 28
101 Reykjavík

Lögmennsstofa Eddu Sigrúnar

Ólafsdóttur

Klapparstíg 1
101 Reykjavík

Tjónamat og skoðun ehf.

Baldvin Hafsteinsson hrl.
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík

Lögmenn Jón G. Zoega

Laugavegi 7
101 Reykjavík

Codex Innheimtupjónusta ehf.

Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík

HM bókhald ehf.

Margrét Hafsteinsdóttir hrl.
Kringlunni 7
103 Reykjavík

LÓ Lögmennsstofa ehf.

Lilja Ólafsdóttir hdl.
Kringlunni 7
103 Reykjavík

Löggarður ehf.

Kringlunni 7, 7.hæð
103 Reykjavík

Legis ehf. Lögfræðistofa

Holtavegi 10
104 Reykjavík

Lögmennsstofa Jóns Egilssonar hdl. og Auðar Bjargar Jónsdóttur hdl.

Knarrarvogi 4
104 Reykjavík

Guðmundur Pétursson hrl.

Borgartúni 33
105 Reykjavík

Innheimtustofan Rein ehf.

Höfðatúni 2
105 Reykjavík

Steingrímur Eiríksson hrl.

Suðurlandsbraut 4
105 Reykjavík

Lögmennsstofa Sigurðar I. Halldórssonar hdl.

Suðurlandsbraut 8, 3.hæð
105 Reykjavík

BJE ehf. Lögmennsstofa

Lágmúla 7
108 Reykjavík

Sigurjónsson & Thor ehf.

Lágmúla 7
108 Reykjavík

Juralis – Lögmennsstofa

Sveinn Guðmundsson hrl.
Hallvarður Einarsson hrl.
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík

Lögmennsstofa Óttars

Yngvasonar
Síðumúla 34
108 Reykjavík

Lögmennsstofa Ingimars Ingimarssonar hdl.

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

AH Lögmenn ehf.

Prándarseli 2
109 Reykjavík

Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf.

Stórhöfða 25
110 Reykjavík

Lögmennsstofan Réttarbót

Hamrabók 30
112 Reykjavík

KÓPAVOGUR

Lögmennsstofa SS ehf.

Hamraborg 10
200 Kópavogi

Lögmennsstofa Guðmundar Þórðarsonar hdl.

Hamraborg 14a
200 Kópavogi

Ergo Lögmenn slf.

Smáratorgi 3
201 Kópavogi

Lögmenn Bæjarhrauni 8

Hlökkver Kjartansson hrl., og
Guðmundur Kristjánsson hrl.
Fellahvarfi 7
203 Kópavogi

LANDSBYGGÐIN

Málflutningsstofa Snæfellsness ehf.

Aðalgötu 2
340 Stykkishólmi

Lögmennsstofan Lögmennshlíð

Glerárgötu 36
600 Akureyri

Lögmennsstofa Hreins Pálssonar hrl.

Hofsbot 4
600 Akureyri

Almenna lögbjónustan ehf.

Skipagötu 7
600 Akureyri

Lögfræðistofa Adolfs Guðmundssonar hdl.

Langatanga 5
710 Seyðisfirði

Andri Árnason hrl.
Halldór Jónsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Páll Ásgrímsson hdl., LL.M.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.
Vífill Harðarson hdl., LL.M.

juris

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is



réttur



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is